

Geitfjárafurðir fá sögumiða
Slow Food-hreyfingarinnar

Sala uppruna-, eða aflátsbréfa,
skilar sér enn inn í upprunabókhalda
raforku hjá Orkustofnun

Með föstudagspitsurnar
í bígerð

Bændablaðið

13. tölublað 2021 • Fimmtudagur 8. júlí • Blað nr. 590 • 27. árg. • Upplag 32.000 • Vefur: bbl.is



Hestafræðideild Háskólans á Hólum er vinsæl og eftirsóknarverð fyrir ungt fólk sem langar að mennta sig og vinna við hesta. Erlendir sem og íslenskir nemendur sækja skólann og í haust munu 20 nýir nemendur hefja BS-nám við Hestafræðideildina. – Sjá nánar á bls. 28 og 29 um brautskráningu frá Hestafræðideild Háskólans á Hólum sem fram fór í júní. Mynd / Árni Rúnar Hrólfsson

Þjónusta dýralækna á landsbyggðinni í uppnámi

Stjórn Dýralæknafélags Íslands sendi nýverið frá sér niðurstöðu könnunar sem félagið lét gera á líðan dýralækna í starfi. Samkvæmt könnuninni er andleg vanlíðan og streita meðal dýralækna algeng hér á landi. Helmingur svarenda taldi álag í starfi vera við þölmörk en minnihluti taldi álagið lítið eða í meðallagi.

Bára Eyfjörð Heimisdóttir, formaður Dýralæknafélags Íslands, segir að ástæðurnar fyrir niðurstöðunni séu fjölbættar og mismunandi. „Dýralæknar vinna margs konar og ólík störf og í ólíkum geirum. Þjónustudýralæknar í dreifðari byggðum landsins eru fáir og vakt-svæðin stór.“

Bændasamtök Íslands og Matvælastofnun sendu fyrir á árinu bréf til menntamálaráðherra þar sem skortur á dýralæknum er tíundaður og óskað er eftir því að ráðherra beiti sér fyrir aðgerðum til úrbóta.

Dýravelferð í húfi

Dæmi eru um að dýralæknar þurfi að keyra um 200 kílómetra aðra leið við erfiðar aðstæður. Það gerir að verkum að þjónustan verður ekki nógu góð út frá sjónarmiði dýravelferðar, þjónustu til bænda og álags á dýralækna, sem vakta stór svæði og eru mikið á vakt. Skilyrði eins og þessi eru ekki til að trekkja ungt fólk að og því sífellt erfiðara að fá fólk í þessar stöður.

Á sama tíma eru of mörg tilfelli um að það getur verið erfitt fyrir bændur að ná í dýralækni eða út frá dýravelferð getur biðin eftir þjónustu verið of löng.

Mannekla og þreyta

Í skýrslu sem Dýralæknafélag Íslands lét gera kemur fram að helstu ástæður aukins álags eru sagðar vera aukin gæludýraeign landsmanna og auknar og óraunhæfar væntingar og kröfur við-



Helga Gunnarsdóttir dýralæknir ómskoðar framfótasinar á hesti. Mynd / Auðunn

skiptavina. Framfarir í faginu hafa jafnframt aukið þjónustuframboð dýralækna til muna og krafan um

aukna tæknivæðingu og endurmenntun verður sífellt háværari. Auk þess sem stóraukið gælu-

dýrahald á landsvísi, óvægin umræða á samfélagsmiðlum, óraunhæfar kröfur viðskiptavina, einmanaleiki, samúðarþreyta og mannekla eru meðal helstu orsakavalda.

Vilja skapa hvata til starfa

Í bréfi Bændasamtaka Íslands og Matvælastofnunar til menntamálaráðherra segir meðal annars að í lögum um Menntasjóð námsmanna sé að finna heimild ráðherra til að veita tímabundna ívilnun við endurgreiðslu námslána vegna tiltekinna námsgreina að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Heimildin er ætluð til þess að gefa ráðherra tækifæri til þess að bregðast við ástandi þar sem skortur er viðvarandi eða fyrirsjáanlegur á fólki með tiltekna menntun með því að skapa sérstakan hvata fyrir fólk til þess að sækja sér þá menntun eða til að starfa í tiltekinni starfsgrein.

VH
– Sjá nánar á bls. 2

Við höfum málað með Íslendingum í meira en 115 ár!



Ferjukot er sögufrægur
verslunarstaður við Hvítá í Borgarfirði.
Gamli bærinn er nýppgerður og
málaður með málningu frá **Slippfélaginu**.

Málaðu með útimálningu frá **Slippfélaginu**:

HJÖRVI á bárujárnnið VITRETEX á steininn

Hágæða efni sem þola íslenskt veðurfar.
Leyfðu reynslumiklum sérfræðingum okkar aðstoða þig.
Hafðu samband og þeir gera þér tilboð.

Þróstur Ingvason
Sölustjóri
throstur@slippfelagid.is
S: 590 8505



Steindór Elíson
Sölumaður
steindor@slippfelagid.is
S: 590 8515



**SLIPPFÉLAGIÐ ER
KOMIÐ Á SELFOSS**

SLIPPFÉLAGIÐ
Fellsmúla 26 og Skútuvogi 2,
Reykjavík, S: 588 8000
Dalshrauni 11, Hafnarfirði, S: 588 8000
Hafnargótu 54, Reykjanesbæ, S: 421 2720
Austurvegi 58, Selfossi, S: 482 1250
Gleráreyrum 2, Akureyri, S: 461 2760

Opið:
8-18 virka daga / **10-14** laugardaga
slippfelagid.is



FRÉTTIR



Hæurnar og nýi „hænsnakofinn“ þeirra, sem er gamall grænn húsbíll. Myndir / Hulda Brynjólfssdóttir

Hænur í húsbíl á Tyrfingsstöðum

Það væsir ekki um hæurnar á bænum Tyrfingsstöðum í Ásahreppi því þær hafa fengið gamlan húsbíl, sem „hænsnakofa“.

„Já, bíllinn er hugsadur til þess að geta fært hæurnar til og nýtt rótunarhæfileika þeirra til að vinna með landinu. Hæurnar eru þá ekki alltaf að róta bara í kringum bæinn, heldur er líka hægt að fara með þær aðeins frá og þannig fá þær fjölbreyttari fæðu líka.

Hæurnar eru átta og þær virðast vera mjög sáttar við þennan nýja íverustað. Þær eru búnar að vera í honum í hálfan mánuð og fóru út og inn strax á fyrsta degi. Þær hættu til dæmis ekki að verpa eða neitt svoleiðis. Hugmyndin er síðan að keyra með þær í rólegheitum í bílnum í nýja haga,“ segir



Hæurnar og finni húsbíllinn á Tyrfingsstöðum í Ásahreppi.

Hulda Brynjólfssdóttir, hænsna-bóndi á Tyrfingsstöðum.

/MHH



Hvítur æðarungi í lófa.

Myndir / Árni R. Örvarsson

Snæhvítir æðarungar komu í heiminn á Hraunum í Fljótum

Árna R. Örvarssyni brá nokkuð í brún nýlega þegar hann var að ganga um æðarvarpið sitt og fjölskyldunnar að Hraunum í Fljótum en þar er æðarvarp með um 3.000 æðarkollum. Árni lýsir því sem gerðist þannig:

„Já, á göngu minni einn daginn þar sem ég fór yfir varpið í síðasta sinn að safna dún, ramba ég á ósköp venjulega æðarkollu á hreiðri. Kollan fer af hreiðri þegar ég nálgast og við mér blasa tveir, snæhvítir æðarungar og mig rak í rogastans, þetta hafði ég ekki séð áður. Ég aflaði mér upplýsinga og samkvæmt fuglafræðingi hjá Náttúrufræðistofnun er þetta afar sjaldgæft að finna hvítan æðarfugl eða unga og því mjög merkilegt þegar slíkt gerist,“ segir Árni, ánægður með nýju, hvítu ungana sína.

/MHH



Hvít æðarsystkini í hreiðri á Hraunum í Fljótum. Að sögn fuglafræðings Náttúrufræðistofnunar þykir slíkt afar sjaldgæft. Sennilega er þá enn sjaldgæfara að það finnist fleiri en einn hvítur æðarungi í sama hreiðrinu.



Bændahöllin við Hagatorg í Reykjavík.

Mynd / HKr.

Hótel Saga – Bændahöllin:

Viðræður um kaup standa enn

Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands, segir að búið sé að halda fund vegna ástandsskoðunar sem gerð var á Hótel Sögu og í framhaldi af þeim fundi hafi bæði seljendur og kaupendur ákveðið að hittast aftur og halda viðræðum áfram. Gunnar segir að búið sé að upplýsa Arion banka um stöðu viðræðanna.

Viðræður Bændasamtaka Íslands og hugsanlegra kaupenda á Hótel Sögu (Bændahöllinni) eru enn í gangi. Fjárfestahópurinn sem er að skoða kaupin tengist meðal annars Hótel Öðinsvéum. Gangi kaupin eftir áforma nýir eigendur áframhaldandi rekstur hótels í fasteigninni.

Vonast eftir farsælli niðurstöðu

Á fundi sem haldinn var fyrir hádegi miðvikudaginn 7. júlí var ákveðið að halda viðræðunum áfram. „Báðir aðilar vona að viðræðurnar leiði til farsællar niðurstöðu. Það eru áformaðar áframhaldandi viðræður og báðir aðilar að skoða málið nánar og við komum því til með að verða aftur í sambandi fljótlega,“ segir Gunnar.

Rekstrarvandi

Áður en Covid-19 faraldurinn skall á hafði verið farið í ýmsar kostnaðar-



Gunnar Þorgeirsson.

samar endurbætur á Hótel Sögu sem leiddu til mikils rekstrarvanda. Hótel Saga er undir ákvæði laga um fjárhagslega endurskipulagningu og hótellekstri var lokað um óákveðinn tíma frá og með 1. nóvember 2020. Fram að því höfðu verið 236 herbergi í rekstri auk annarrar starfsemi í þessu 20 þúsund fermetra húsi, þar á meðal skrifstofur Bændasamtaka Íslands.

Auk þeirra fjárfesta sem Bændasamtök Íslands hafa átt í viðræðum við undanfarið um kaup á Hótel Sögu hefur Háskóli Íslands lýst áhuga á kaupum á Bændahöllinni.

/VH



ÓDÝR

gleraugu umgjörð og gler



Gleraugu með glampa og rispuvörn

19.900 kr.

Sérsmíðum samdægurs í styrk +/- 6,0 með cyl. til 2,0

Margskipt gleraugu

39.900 kr.

Margskipt gler frá Essilor (afgreiðslutími +/- tvær vikur)

Hamrahlíð 17
Hús Blindrafélagsins
Sími • 552-2002

OPTIC
REYKJAVÍK
SJÓNTÆKJAVERSLUN



VÉLFANG

- VERKIN TALA



Vélfang ehf. selur og þjónustar jafnt nýjar sem notaðar vélar og tæki fyrir landbúnað, verktaka, golfvelli og sveitarfélög ásamt varahluta- og viðgerðarþjónustu.

FENDT



Fer fremstur

CLAAS



Fjölskyldufyrirtæki í fararbroddi



Leiðandi afl í 190 ár

Kverneland



Framtíðarsýn í landbúnaði

Framúrskarandi þjónusta við viðskiptavini

Schäffer



Styrkur - afköst- skilvirkni

JCB



Nýsköpun - metnaður - framsækni

Bændablaðið

– Mál gagn bænda og landsbyggðar –

Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.

Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu. Árgangurinn kostar þá kr. 11.600 með vsk. (innheimt í tvönnu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar 7.600 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.
Sími: 563 0300 – Fax: 562 3058 – Kt: 631294-2279

Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Ritstjóri: Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – Sími: 563 0339 – Rekstur og markaðsmál: Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – Blaðamenn: Erla Hjördís Gunnarsdóttir ehg@bondi.is – Margrét Þóra Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is – Auglýsingastjóri: Guðrún Hulda Pálsdóttir ghp@bondi.is – Sími: 563 0303 – Netfang auglýsinga: augl@bondi.is – Vefur blaðsins: www.bbl.is – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is

Frágangur fyrir prentun: Ágústa Kristín Bjarnadóttir – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsiðu – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

SKOÐUN

Blekkingar

Það er einkennilegt að Íslendingar skuli ekki komnir lengra í matreiðslu yfirvalda á sannleikanum en tíðkaðist á miðöldum. Þá þótti ráðamönnum boðlegt að kynda undir skefjalausum ótta almennings á að lenda í hreinsunareldi í helvíti. Menn gátu síðan komist hjá slíku með því einu að kaupa aflátsbréf af yfirvöldum fyrir drjúgan pening. Enn virðist slíkt kukl í fullu gildi á Íslandi.

Orkustofnun skráir skilmerkilega ár hvert áhrif samstarfs í orkumálum á milli Íslands og Evrópusambandsins. Ein birtingarmynd þess er heimild til sölu á því sem kallað er upprunaþyrgða raforku. Þá eru menn að selja pappíra sem votta að orkan sem kaupandinn er að nota sé framleidd með endurnýjanlegum orkulindum. Skiptir þá engu máli þó staðreyndin sé að orkan sem viðkomandi notar sé framleidd með kolum, olíu, gasi eða kjarnorku. Líkt og trúarbrögðin á miðöldum skýldu sér á bak við baráttuna við djöfulinn sjálfan, þá er salan á aflátsbréfum eða „upprunavottorðum“ nútímans rökstudd með baráttu gegn hlýnun loftslags. Í báðum tilfellum er kynt undir skefjalausum ótta almennings líkt og enginn sé morgundagurinn.

Afleiðing sölu þessara aflátsbréfa er að í bókhalda Orkustofnunar fyrir raforkuframléiðslu á Íslandi árið 2020 er skráð að 57% íslensku raforkunnar sé framleidd með jarðefnaeldsneyti (kolum, olíu og gasi) og 30% sé framleitt með kjarnorku. Þá er sagt að fyrir framleiðslu raforku á Íslandi séu Íslendingar að losa 377,91 gramm af koldíoxíði á hverja einustu kílóvattstund en þau voru samtals rúmlega 19 milljarðar á árinu 2020. Það þýðir að losun Íslendinga af koldíoxíði nam á pappírnum það ár um 7,2 milljónum tonna. Þá er líka sagt að vegna orkuframléiðslu Íslendinga falli til geislavirkur úrgangur sem nemi 1,08 grömmum á hverja kílóvattstund. Það þýðir tæplega 21 þúsund tonn af geislavirkum úrgangi á ári. Samt segir Orkustofnun á sama stað að raforka sem framleidd sé á Íslandi sé 100% úr endurnýjanlegum orkugjöfum!

Sennilega finnst vart á jarðríki sá maður sem ekki er andsnúinn skefjalausri mengun loftslags og óhóflegri losun á mengunarefnum eins og koltvísýringi, metangasi og fleiri lofttegundum. Því meiri þekkingu sem menn öðlast á þessum gastegundum, þeim mun betur skilja menn áhrif þeirra í heildarsamspili ljóstíllifunar sem er undirstaða lífs á jörðinni.

Sennilega hafa engir betri skilning á slíkri virkni lofttegunda en garðyrkjubændur sem stunda sinn búskap í gróðurhúsum. Þeir vita t.d. að ef hlutfall koltvísýrings í lofti í gróðurhúsum er of lágt þá eiga plönturnar þeirra erfitt uppráttar. Þó þessir bændur og bændur í öðrum búgreinum viti vel að koltvísýringur og metangas eru öllum gróðri nauðsynleg, þá gera þeir sér trúlega manna best grein fyrir skaðlegum afleiðingum ofmettunar slíkra lofttegunda í lofthjúpi jarðar. Það hefur því lítið upp á sig að hrópa að þeim ókvæðisorðum um að þeir brenni í vítislogum „Global Warming“ ef þeir kaupi ekki svo og svo mikið af aflátsbréfum frá íslenskum orkufyrirtækjum. Samt var reynt fyrir nokkrum árum að stilla þeim upp við vegg og skikka þá til slíkra kaupa, þó þeir væru sannarlega að kaupa 100% hreina raforku alla daga.

Þó hótanir um hræðilega tilvist eftir dauðann á hreinsunareldinum hafi dugað ágætlega á miðöldum til að hræða fólk til að kaupa aflátsbréf, þá er erfitt að kyngja því að almenningur láti nýja herra selja sér sams konar blekkingarnar aftur. – Eða höfum við kannski ekkert lært? /HK/

Eitt lið – ein stefna!

Gunnar Þorgeirsson

formaður Bændasamtaka Íslands
gunnar@bondi.is



Í samræmi við samþykkt aukabúnaðarþings Bændasamtaka Íslands frá 10. júní sl. hefur nýtt skipulag samtakanna formlega tekið gildi frá og með 1. júlí. Nýir starfsmenn hafa gengið til liðs við samtökin frá búgreinafélagunum.

Helstu breytingar á skipulagi skrifstofu eru að tvö ný svið hafa lítið dagsins ljós, markaðssvið og fagsvið búgreina. Markaðssvið samtakanna mun hafa heildarumsjón með öllu markaðs- og kynningarstarfi landbúnaðarins í heild, ásamt því að sinna starfsemi og verkefnum sem tilheyra einstaka búgreinum sem er ætlað að styðja og efla íslenskan landbúnað. Á fagsviði búgreina er starfað í deildum sem hafa það verkefni að annast um sérhæfð málefni einstakra búgreina. Fagdeildirnar sjá m.a. um ýmis málefni í ytra umhverfi búgreina, móta áherslur í hagsmunagæslu, taka þátt í skipan fagraða o.s.frv.

Loftslagsmálin tekin föstum tókum

Íslensk stjórnvöld hafa sett það markmið að Ísland verði kolefnishlutlaust eigi síðar en árið 2040 og bændur landsins ætla ekki að láta sitt eftir liggja í þeim efnum. Bændasamtök Íslands tóku nýverið þátt í vinnu við gerð Loftslagsvegvísí atvinnulífsins ásamt Samorku, Samtökum ferðaþjónustunnar, Samtökum fjármálafyrirtækja, Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtökum iðnaðarins, Samtökum verslunar og þjónustu og Grænvangs.

Við hjá Bændasamtökunum og bændur áttum okkur á því að árangri verði ekki náð nema atvinnulífið leiki þar stórt hlutverk, einkum þegar kemur að tæknipróun, nýsköpun, hönnun og umhverfisvænum lausnum. Því



höfum við fengið til liðs við okkur sérfræðing í umhverfismálum og verkefnisstjóra yfir Kolefnisbrúnni, en allar spár til framtíðar benda til virks markaðar með kolefniseiningar og leika bændur og landeigendur þar kyllihlutverki.

Kolefnisbrúnni snýst um að ræktendur um land allt geti, með plöntun og umhirðu skóga, kolefnisjafnað sína eigin starfsemi og selt þá þjónustu til annarra, jafnvel til stórra og meðalstórra fyrirtækja. Ahersla er lögð á að ferlið sé vottað og stuðli að umfangsmikilli kolefnisbindingu um land allt til að mæta skuldbindingu Íslands í alþjóðasamfélaginu og stefnumörkun stjórnvalda.

Áfram veginn bændur!

Bændasamtök Íslands eru rötgróin og afar mikilvæg samtök sem þó hafa ef til vill

verið föst í viðjum vanans um langa hríð. Hlutirnir hafa verið gerðir eins án þess að því sé velt upp hvernig eða hvers vegna, sem hefur síðan ef til vill leitt til þess að félagsmenn hafa talið hagsmunum sínum betur borgið með öðru fyrirkomulagi og því stofnað sérstök búgreinafélög. En núna ætla bændur að horfa áfram veginn og nú þegar sameining hefur gengið í garð nýttist mannaður og fagleg þekking starfsmanna betur, atvinnugreininni til heilla. En við þurfum á stuðningi bænda og þeirra sem starfa í frumframleiðslu matvara og búvara til þess að ganga til liðs við samtökin og tala til fólks sem er með okkur í liði. Við erum öll sammála um mikilvægi þess að velja íslenskt, núna þurfum við að einblína á að sýna fram á sérstöðu íslenskrar framleiðslu með gæðavitund og umhverfismál í huga.



ÍSLAND ER LAND PITT



Horft til suð-suðvesturs af Grafningsvegi við Jórúkleif við suðvesturhluta Þingvallavatns. Hægra megin á myndinni blasa við Hátindur og Jórutindur sem standa hlið við hlið. Hátindur er 425 metra hár móbergshryggur en Jórutindur, sem er 396 metra hár, er eins og skörðótt hnifsegg séð frá austri. Jórutindur er nánast allur úr veðursorfnu móbergi. Af honum þykir afskaplega fallett útsýni yfir Hestvík við Þingvallavatn og hæðótt landslagið í kringum hana.

Mynd / Hörður Kristjánsson

Ný kennslubók Snorra Sigurðssonar vekur athygli meðal bænda:

Mikil ásókn í bókina Nautgripærækt

– Unnin í sjálfböðavinnu allra höfunda og gefin út í prentuðu og rafrænu formi og sem hljóðbók

Í fyrri viku rann kennslubókin Nautgripærækt út úr prentsmiðju Prentmets Odda en bókin, sem er gefin út af Snorra Sigurðssyni, er alls 350 blaðsíður. Er þar tekið á helstu atriðum sem lúta að nautgripærækt.

Alls eru 20 kaflar í bókinni og höfundar efnis eru alls 21. Bókin var unnin í sjálfböðavinnu allra höfunda en verkefnið stutt af Þróunarsjóði nautgripæræktarinnar svo unnt væri að setja bókina upp og prenta gjafaeintök til að senda bæði til Landbúnaðarháskóla Íslands og á stærstu bókasöfn landsins. Þá var boðið upp á að kaupa prentuð eintök hennar og hún auglýst í forsölu.


Prentaða útgáfan rennur út

Mikil ásókn var í prentað eintak bókarinnar, langmest af kúabændum víðs vegar um landið, en bókin var einnig keypt af fyrirtækjum, dýralæknum og ráðunautum svo dæmi séu tekin.

Vegna mikillar ásóknar í prentaða útgáfu bókarinnar var unnt að koma henni út á afar hagstæðu verði til kaupenda, en bókin hefur nú að líkindum borist öllum kaupendum.

Í rafrænu formi á naut.is

Þeir sem vilja nálgast bókina, en ekki nota prentað eintak, er bent á að bókinni má hlaða niður sem rafrænu eintaki á vef Landssambands kúabænda, www.naut.is. Þá verður bókin einnig gefin út sem hljóðbók hjá Hljóðbókasafni Íslands fyrir komandi



Mikil eftirspurn hefur verið eftir bókinni Nautgripærækt sem Snorri Sigurðsson hefur tekið saman.

haust og mun því nýttast breiðari hópi notenda. Enn fremur verður bókin að finna á stærstu bókasöfnum landsins eins og áður segir.

Bændablaðið óskar öllu áhugafólki um

nautgripærækt til hamingju með þessa nýju bók sem mun vafalítið nýttast vel til kennslu og endurmenntunar eða sem uppfletirit fyrir starfandi bændur, ráðunauta, dýralækna og aðra sem hafa áhuga á nautgripærækt. /HK:

Sumarið í sveitinni

– Uppspretta fróðleiks og spurningaleikja jafnt fyrir smáfólk og fullorðna

Bókin Sumarið í sveitinni kom út á vegum bókaforlagsins Veraldar í byrjun júní. Bókin hefur spurst vel út og margir skemmtilegir spurningaleikir hafa fæðst í bilum þegar þeyst er um sveitir landsins.

Margir kennarar kunna einnig vel að meta bókina og telja hana henta vel til kennslu. Þar geta börn fræðst um marga fræga ferfætlinga og spreytt sig um leið á að svara spurningum tengdum sveitinni.



Huppa frá Kluftum

Efst í Hrunamannahreppi, eða rétt fyrir ofan Flúðir, sem margir kannast við, er eyðibýlið Kluftir. Bærinn er þekktastur fyrir kúna Huppu sem mjólkaði mjög vel. Út af henni er svokallað Kluftakyn komið. Kýrin fæddist árið 1926 og náði fimmtán ára aldri sem þykir mjög hár aldur fyrir kú. Huppa átti fjórar dætur sem allar mjólkuðu afbragðs vel og sjö syni. Huppa var brandhuppótt að lit og því þrílit. Mjólkin þótti hér áður fyrr best úr þrílitum kúm, rauðum, svörtum og hvítum. Sumir töldu að slík mjólk gæti læknað fólk af margs konar sjúkdómum.

Bændur í Hrunamannahreppi, sem kallast Hrunamenn, voru sannfærðir um að Huppa væri komin af huldukúm. Öll höfum við heyrt um huldufólk en færri hafa kannski heyrt um huldukýr. Um aldamótin 1900 var farið með langalangömmu Huppu á annan bæ í sveitinni til að hitta naut. Á leiðinni versnaði veðrið, fór að snjó og vindurinn jókst mikið. Bóndinn varð því að leita skjóls undir kletti. Á þessum árum voru engir bílar í sveitum og fólk fór allra sinna ferða gangandi eða á hestum. Sagan segir að undir klettinum hafi kýrin hitt hulduaut og níu mánuðum seinna bar hún tveimur kálfum, nauti og kvígu. Almennt er talið að tvíburasystkini



Höfundar bókarinnar Sumarið í sveitinni, Guðjón Ragnar Jónasson og Harpa Rún Kristjánsdóttir.

geti ekki átt afkvæmi en svo var þó ekki í þetta sinn og kýrin eignaðist síðar kvígu sem fékk nafnið Murta. Hún var langamma Huppu en hér til hliðar er mynd af Huppu.

Spurningar um kýr

1. Hvað hafa kýr oftast marga spena?
2. Eru íslenskar kýr stærri eða minni en kýr í öðrum löndum?
3. Hver er meðgöngutími kúa? A) 3 mánuðir B) 6 mánuðir eða C) 9 mánuðir
4. Hvaða tveir kúalitir eru algengastir hér á landi?
5. Hvað kallast kýr með horn?
6. Hvað kallast svæðið í fjósinu þar sem kýrnar míga og skíta?
7. Bændur gefa kúnum hey. Hvers konar fóður fá þær til viðbótar svo þær mjólki betur?
8. Kúamykja er geymd í sérstöku húsi yfir veturinn og borin á túnin á vorin. Hvað heitir húsið þar sem mykjan er geymd?
9. Hvaða starf vinnur kúarektor á íslenskum kúabúum?
10. Ostur er iðulega búinn til úr kúamjólk. Hvað þarf marga lítra af mjólk til að

- búa til eitt kíló af osti? A) 2 lítra B) 5 lítra eða C) 10 lítra

11. Hvar á landinu eru flestar kýr?

Margar fleiri spurningar má finna í bókinni og margs konar fróðleik sem öll fjölskyldan getur skemmt sér yfir.

Spurt er

1. Hvað kallast afkvæmi kindar?
2. Hvað litur er algengastur meðal íslenskra kinda?
3. Hver er meðalmeðgöngutími kinda? A) 9 mánuðir B) 140 dagar eða C) 120 dagar
4. Hvaða kindur kallast gemlingar?
5. Um hvaða fræga hrút, sem raskaði ró íbúa í friðsælum dal með alls konar uppátækjum, voru gerðar vinsælar teiknimyndir sem meðal annars voru sýndar í Ríkissjónvarpinu?
6. Hvað kallast tíminn á vorin í sveitinni þegar lömbin fæðast?
7. Hvað kallast það þegar kindur gefa frá sér hljóð?
8. Hvað heitir byggingin sem kindurnar eru í á veturna?

MÆLT AF MUNNI FRAM

277

Ég held lesendum hollt annað veiði að hlýða því sem gamlir kveða. Byrjum því þáttinn á gamalli vísu eftir **Kvæða-Runka**. Fullu nafni hét hann Runólfur Runólfsson, kenndur við Brattagerði í Nesjum. Vísan mun varla talin til konungsersema, en hollráð samt og sennilega:

*Þú ert Katrín þæg og stillt,
það ég færi í letur.
Farðu nú að fá þér pilt
fljótast sem þú getur.*

Eftir sr. **Einar Friðgeirsson** er þessi staka, gerð til gleðimanns er fór víða með verkfæri sín:

*Í flokki virða fremstur er,
fríður og tign sem haukur,
til veiða eins og valur fer
en verpir eins og gaukur.*

Jón Kristjánsson, áður fornsali á Akureyri, kvað eftir komu Friðjóns Ólafssonar til hans í Reykjavík:

*Friðjón vinur farinn er
furdanlega gáður.
Vodka-lystin virðist mér
vera söm og áður.*

*Nú er Friðjón farinn heim,
flöskur tómar standa.
Nú er langt í næsta "geim",
nú þarf ekki að blanda.*

Eftir sama **Friðjón Ólafsson** er næsta vísa, samt ótengd þeim er að ofan greinir:

*Einn á leið hann aldrei beið
eftir heiðum degi,
og hann reið sitt æviskeið
allt á breiðum vegi.*

Benedikt Valdimarsson frá Þróm í Garðsárdal var afburða hagyrðingur síns tíma, (1920–2003). Af því sem eftir lifir þáttar má glögglega sjá hve létt honum var um vísnaverð. Fyrsta vísan er eins og snýtt út úr fréttum síðustu dægra:

*Oft hafa sveinar glaðir gist
gjálftis hjá sprundum.
Þeir hafa líka mikið misst
af mannorðinu stundum.*

Og áfram kveður listamaðurinn **Benedikt**:

*Við þig aldrei lífið lék,
leiða fannstu víða.
Fyrir ókyrrð værdin vék,
vonin fyrir kvíða.*

*Öls við bikar andinn hýr
á sér hiklaust gaman,
augnabliksins ævintýr
endast vikum saman.*

Engum dylst að hér kveður ósvikinn sveitamaður:

*Hýrnar yfir byggð og bæ,
bljúgur ríkir fríður.
Inn til dala, út með sæ,
ómar bjöllukliður.*

*Þegar stillast strengjatök
og stormur hljóðna lætur,
leita hvíldar lúin bók
í ljúfum fadmi nætur.*

*Hugur leitar heimaranns,
hjärtans vaknar skylda.
Seytillar inn í sálu manns
sumargleðin milda.*

*Blærinn strýkur lón og lund,
léttist andardráttur.
Vekur allt af vetrarblund
vorsins dýrð og máttur.*

*Syngja skaltu sumarlag
á silfurskæra strengi,
svo þú getir dáð í dag
draum, sem varir lengi.*

Umsjón:
Árni Geirhjórtur Jónsson
kotabyggð1@gmail.com



FRÉTTIR



Bæirnir sem taka þátt í verkefninu Loftsagsvænn landbúnaður.

Nautgripabændur í Loftslagsvænum landbúnaði

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins hefur auglýst eftir nautgripabændum til þátttöku í verkefninu Loftslagsvænn landbúnaður, sem er hluti af aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum.

Verkefnið hófst formlega vorið 2020 þegar fimmtán sauðfjárbændur voru valdir til þátttöku eftir námskeiðahald. Í febrúar á þessu ári bættust fimmtán sauðfjárbú við verkefnið.

Verkefnið gengur út á að bændurnir geri aðgerðaráætlun fyrir búin um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og auka kolefnisbindingu. Nú er auglýst eftir fimmtán nautgripabúum til þátttöku í allt að fimm ár, sem hafa áhuga á að setja sér skriflega aðgerðaráætlun fyrir búreksturinn, hrinda markmiðum í framkvæmd og vera virkir þátttakendur í vegferð landbúnaðarins að loftslagsvænum lausnum.

Ýmsir möguleikar skoðaðir til að draga úr losun og auka bindingu

Í verkefninu eru skoðaðir ýmsir möguleikar til að draga úr losun; bætt nýting tilbúinna áburðarefna og frekari nýting lífrænna áburð-



Nautgripir undir Eyjafjöllum.

arefna, möguleikar á ræktun niturbindandi jurta, minni olíunotkun, verndun jarðvegs við jarðvinnslu, endurheimt votlendis og draga úr innflagerjun búfjár. Til aukinnar kolefnisbindingar eru skoðaðir möguleikar til uppgræðslu, endurheimt skóglendis (birkiskóga og víðikjars), skjólbeltaræktun og ræktun hagaskóga og ræktun timburskóga.

Auk þess eru þátttakendur hvattir til að hugsa út fyrir rammann og koma með nýjar hugmyndir að loftslagsvænum aðgerðum. Umsóknarfrestur um þátttöku er til 8. ágúst næstkomandi. /smh

Geitfjárafurðir fá sögumiða Slow Food-hreyfingarinnar

– Undanþága frá kröfum um ógerilsneydda mjólk og heimaframleiddan ostahleypi

Um þessar mundir er unnið að gerð svokallaðra sögumiða fyrir íslenska geitabændur, sem ætlaðir eru framleiðendum í verkefninu Presidia innan alþjóðlegu Slow Food-hreyfingarinnar. A sögumiðanum er sögð saga hvers og eins ræktanda, sem tekur þátt í verkefninu.

Presidia-verkefnið eru fjölbreytt en eiga það sameiginlegt að halda utan um ræktun og framleiðslu afurða og búfjárkynja vítt og breitt um heiminn sem eru í útrýmingarhættu. Presidia utan um íslensku geitina var skráð árið 2015 og er í raun ákveðinn framleiðendahópur sem undirgengst ákveðnar framleiðslureglur sem Slow Food Reykjavík og alþjóðlega hreyfingin hafa komið sér saman um. Hafa Dominique Plédel Jónsson, sem er ritari Slow Food Reykjavík ásamt því að gegna formennsku í Slow Food á Norðurlöndum, og dr. Ólafur Dýrmundsson haft veg og vanda að vinnunni af hálfu Íslands í samstarfi við Geitfjárræktarfélag Íslands.

Landnámsþænan fyrsta húsdýrið á Norðurlöndum til að bera merkið

Íslenska landnámsþænan og íslenska skyrið eru einnig í Presidia – og íslenskir ræktendur landnámsþænnar fengu sinn sögumiða í lok síðasta árs. Um leið varð hún fyrsta húsdýrið á Norðurlöndum til að bera merki Slow Food á afurðunum, rauða snigilinn.

Að sögn Dominique Plédel Jónsson hafa þau dr. Ólafur unnið saman að þessum framgangi, sem felst til að mynda í stofnun framleiðendahópa. „Sögumiðinn fyrir íslensku geitabændurnar er á leiðinni til okkar og verður þeim leyft að merkja afurðir sínar með honum.“

Framleiðslureglurnar tilbúnar

Dominique segir að framleiðslureglur framleiðendahópsins séu tilbúnar og allir þurfi að samþykka þær formlega. Þetta eru uppfærðar framleiðslureglur frá 2015. Í þeim segir í greininni um ræktun: „Dýrin verða að vera í lausagöngu á beitartímabilinu, og skulu fíðruð með heyi innanhúss yfir vetrartímann og njóta útivistar þegar veður leyfir. Innanhúss verða dýrin að hafa að minnsta kosti 1 m² legurými hver og 50 cm við garðann (íslensk reglugerð um velferð dýra). Húsin verða að hafa náttúrulega dagsbirtu.“

Í greininni um afurðir segir: „Kynið er einstakt hvað varðar gæði kjötsins og mjólkinn stenst vel samþurð við mjólk annarra geitakynja frá næringarfræðilegu sjónarmiði (fitu, prótein, laktósa). Kjötíð, þó það sé magurt og bragðmikið, er minna en hjá öðrum geitategundum og vinnsla á íslenskri geitaka-



Dominique Plédel Jónsson er formaður Slow Food á Norðurlöndum og ritari Slow Food Reykjavík. Mynd / smh



Anna María Flygenring, formaður Geitfjárræktarfélags Íslands. Mynd / smh

smíull var næstum horfin. Sú hefur að framleiða osta, aðallega ferskan eins og skyr, féll í gleysku þegar stórt samvinnufyrirtæki hóf að safna kúamjólk víðs vegar um landið til að vinna hana á miðstýrðan hátt með iðnaðaradferðum.

Í dag eru nokkrir framleiðendur sem nota mjólkina til að framleiða osta og jógúrt en í mjög litlum mæli og eru þeir fúsir til að endurheimta fyrri þekkingu fyrir geitamjólkur-osta og aðrar mjólkurafurðir úr þessum sjaldgæfa íslenska búfjárkyni. Þar að auki kjósa nokkrir bændur, þó í mjög litlum mæli, að rækta þetta kyn og selja kjöt sitt og halda hefðinni á lofti þrátt fyrir lítinn fjárhagslegan ávinning.

Undanþágur vegna hrámmjólkur til 2022

Í framleiðslureglunum eru tilgreindar undanþágur fyrir mjólkurafurðirnar vegna þess að Slow Food leiðbeiningar og hefðbundnar framleiðslukröfur gera ráð fyrir að hrámmjólk sé notuð og heimaframleiddur

ostahleypir. Íslenskrar reglugerðir heimila ekki notkun á ógerilsneyddri mjólk til matvælaframleiðslu. Fá framleiðendur undanþágur til ársloka 2022 til að mæta þeim kröfum.

Hið sama gildir til að fá leyfi til að bera merki Slow Food á íslenskum geitaostum, þá verða þeir að vera unnir úr hrámmjólk – ógerilsneyddir og úr heimgæddum ostahleypum.

Dominique bindur vonir við að hægt verði að breyta þessu á næstu misserum, enda séu fordæmi til að mynda frá Svíþjóð, Danmörku og Noregi þar sem ógerilsneydd ostagerð er heimil með ákveðnum skilyrðum. „Við vinnum að því núna að afla þekkingar og reynslu frá Eldrimner, samtökum smáframleiðenda matvæla í Svíþjóð. Óli Þór Hilmarsson og Ólafur Reykdal, starfsmenn Matís, hafa rannsakað íslenska geitamjólk og skrifað skýrslu þar sem mælt er með því að við geitaostagerð sé notuð ógerilsneydd mjólk, til að smáskalaframleiðsla á slíkum ostum geti náð sér á strik. Þar kemur líka fram að víða erlendis séu geitaostar framleiddir úr ógerilsneyddri mjólk og látnir þroskast í marga mánuði. „Á fyrstu einum til þremur mánuðunum kemur í ljós hvort ostarnir eru í lagi, því ef óæskilegir gerlar hafa leynst í mjólkinni, þá yfirtaka þeir fljótt vöxt þeirra gerla sem bætt hefur verið í mjólkina,“ segir í skýrslunni.

Þá benda þeir á mismæmi í íslensku löggjöf, því í dag er leyfilegt að flytja inn osta sem hafa verið framleiddir með ógerilsneyddri mjólk, eins og Parmigiano og Grana Padano.

Erfðanefnd landbúnaðarins hefur styrkt bæði búfjárvænnun, sem eru á verkefnasviði Slow Food, sem snýr að því að vernda líffræðilegan fjölbreytileika. /smh

ÖNNUMST ALLAR ALMENNAR VINNUVÉLAVIÐGERÐIR

Vönduð og góð þjónusta

VHE

VHE • Melabraut 27 • Hafnarfjörður • Hraun 5 Reyðarfirði
Sími 575 9700 • Fax 575 9701 • www.vhe.is • sala@vhe.is

Bændablaðið

Kemur næst út

22. júlí

Presidia er Slow Food verkefni sem stuðlar að verndun matarhefða í útrýmingarhættu.
www.slowfoodfoundation.com

Landnámsþæna
Icelandic Settlers Hen

Útlitið á sögumiðanum fyrir íslensku landnámsþæna, en að sögn Dominique verður miðinn fyrir geiturnar með svipuðu sniði.

ÓBOÐLEG AÐFERÐ

VIÐ MATVÆLAFRAMLÆIÐSLU



Sjókvíaeldi er skaðlegt fyrir umhverfið, lífríkið og eldisdýrin.
Um 20% eldislaxa drepast í sjókvíunum og um helmingur þeirra
er vanskapaður, nær ekki fullum þroska eða er heyrnarlaus.

Myndin sýnir eldislax í sjókví í Berufirði.

SEGJUM NEI VIÐ OPNU SJÓKVÍAELDI

FRÉTTIR

Húnaþing vestra:

Tæpar 6 milljónir til viðhalds styrkvega

Vegagerðin hefur samþykkt að úthluta 4 milljónum króna til styrkvega í Húnaþingi vestra til viðhalds samgönguleiða. Samkvæmt fjárhagsáætlun sveitarfélagsins var samþykkt að veita 1,8 milljónum króna til viðhalds styrkvega á árinu 2021 og hefur sveitarfélagið því 5,8 milljónir króna til ráðstöfunar.

Landbúnaðarráð Húnaþings vestra fjallaði um málið á fundi nýlega og lagði fram tillögu um skiptingu fjárens. Samkvæmt henni verður 3 milljónum varið til afreitarvegna á Víðidalstunguheiði, til

afreitarvega í Miðfirði fara 1.550.000 og 750 þúsund vegna afreitarvega í Hrutafirði. Þá er lagt til að vegna vegar yfir Brandagilsháls fari 200 þúsund krónur og 300 þúsund krónur vegna vegar upp á Vatnsnesfjall.

Fjallskilastjórnir sjá um framkvæmdir á afreitarvegum hver á sínu svæði, en að öðru leyti er sveitarstjóra falið að fá verktaka í viðhald vegar yfir Brandagilsháls. Leggur landbúnaðarráð til að samræmt gjald verði fyrir vinnu við styrkvegi í sveitarfélaginu. Vinnu við styrkvegi á að ljúka fyrir fyrstu göngur í haust. /MPB

Heimild veitt fyrir tvær vindmyllur í Grímsey

Skipulagsráð Akureyrarbæjar hefur samþykkt að veita Fallorku heimild til eins árs til að setja upp og reka tvær vindmyllur í Grímsey.

Vindmyllurnar verða 6 kW og er um að ræða tilraunaverkefni sem stendur í eitt ár til prufu. Möstrin eru 9 metrar á hæð og spaðarnir 5,6 metrar í þvermál, hæsti punktur frá jörðu er því tæplega 12 metrar.

Verða vindmyllurnar reistar á svæði sem í aðalskipulagi er skilgreint sem athafnasvæði þar sem fyrir eru fjarskiptamöstur og tæknibúnaður í eigu Mílu og Neyðarlínunnar. Ef vel gengur er gert ráð fyrir að setja alls upp 6 vindmyllur. Verði hins vegar ákveðið að fara ekki lengra með verkefnið tekur einn dag að taka vindmyllurnar niður án sjáanlegs rasks. /MPB


Hengillinn „teppalagður“ með 500 jarðskjálftamælum

Settir hafa verið upp 500 jarðskjálftamælar á Hengilssvæðinu en það er stærsta og þéttasta net mæla sem sett hefur verið upp hér á landi.

Mælarnir bætast við um 35 mæla Orku náttúrunnar, Veðurstofu Íslands og COSEISMIQ verkefnisins sem þegar voru á svæðinu. Til samanturðar má nefna að 56 mælar fylgjast með jarðhræringum á Reykjanesi, m.a. í tengslum við Geldingadalagosið.

Til viðbótar við hefðbundna jarðskjálftamæla eru nú ljósleiðarar einnig nýttir til mælinga á jarðhræringum í Henglinum. Þetta kemur m.a. fram í tilkynningu frá Orkuveitu Reykjavíkur.

Uppsetning mælanna er hluti af DEEPEN verkefninu sem ætlað er að rannsaka rætur jarðhitakerfa og safna þekkingu sem nýta má þegar farið verður að bora dýpri holur við nýtingu jarðhita.



Nýju 500 jarðskjálftamælarnir á Hengilssvæðinu eru eins og teppi enda stærsta og þéttasta net mæla sem sett hefur verið upp hér á landi. Mynd / Orkuveitan

Með djúpbörum má komast hjá því að bora margar grynri holur á stærra svæði. Verkefnið er styrkt af alþjóðlega sjóðnum Geothermica, í gegnum Rannís, en sjóðurinn er samstarfsverkefni nokkurra Evrópulanda, auk Bandaríkjanna, sem veitir reglulega styrki til jarðhitarannsóknna á borð við DEEPEN. /MHH



Framkvæmdir við Hólasandslínu 3 sem tengir Akureyri við Hólasand standa nú yfir og ganga vel. Um þessar mundir er verið að leggja um 10 kílómetra jarðstreng milli Akureyrar og Kaupangs í Eyjafjarðarsveit. Hólasandslínan er 220 kV háspennulína í meginflutningskerfinu á Norðurlandi. Myndir / Landsnet

Framkvæmdir við Hólasandslínu 3 ganga vel:

Afhendingaröryggi eykst á Eyjafjarðarsvæðinu

Framkvæmdir við Hólasandslínu 3 sem tengir Akureyri við Hólasand standa nú yfir og ganga vel.

Línan er 220 kV háspennulína í meginflutningskerfinu á Norðurlandi. Um þessar mundir er verið að leggja um 10 kílómetra jarðstreng milli Akureyrar og Kaupangs í Eyjafjarðarsveit.

Verktakinn Finnur ehf. fjárfesti í sérstökum vagni til að sanda í skurði og dró þannig úr seinlegri vinnu við að moka sandi með gröfu undir og yfir strengi.

Þegar línan verður komin í rekstur mun afhendingaröryggi á Eyjafjarðarsvæðinu aukast til muna þar sem við bætist ný og öflug tenging inn á svæðið sem einnig mun gefa möguleika á aukinni notkun innlendra endurnýjanlegra orkugjafa á svæðinu.

Framkvæmdin skipar einnig



Verktakinn Finnur ehf. fjárfesti í sérstökum vagni til að sanda í skurði og dró þannig úr seinlegri vinnu við að moka sandi með gröfu undir og yfir strengi.

drjúgan sess í uppbyggingu meginflutningskerfisins í heild, en Hólasandslína 3 er mikilvægur hlekkur í styrkingu tengsla sterkari hluta kerfisins á suðvesturhorninu við veikari hluta þess á Norðausturlandi.

Leiðin er sem fyrr segir um 220 kílómetra löng og er innan fjögurra sveitarfélaga, Akureyrar, Eyjafjarðarsveitar, Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps. /MPB

Flóð ollu umtalsverðu tjóni á nokkrum bæjum

– Heyskapur hálfum mánuði seinna á ferð en í meðalári

Ábúendur á nokkrum bæjum, einkum í Eyjafjarðarsveit, sitja uppi með umtalsvert tjón í kjölfar mikilla flóða í liðinni viku. Eyjafjarðará flæddi á nokkrum stöðum yfir bakka sína og yfir tún. Þess eru dæmi, að sögn Sigurgeirs B. Hreinssonar, framkvæmdastjóra Búnaðarsambands Eyjafjarðar, að allt að helmingur ræktarlands hafi farið undir vatn.

Sigurgeir segir að leysingar sem urðu í Eyjafirði í síðastliðinni viku séu þær mestu sem menn hafi séð í allt að 35 ár. Þó minnst menn að mikil flóð hafi orðið bæði árin 1986 og eins 1995. Hann segir að ekki liggi fyrir úttekt á því tjóni sem flóðið olli, ljóst sé þó að það sé töluvert á einstaka bæjum í Eyjafirði.

Að vanda sig sem kostur er

Heyskapur er um hálfum mánuði seinna á ferð í sumar en í meðalári að sögn Sigurgeirs. Hann segir stöðuna ekki alveg upp á það besta. Kal var þó nokkuð í fyrravor sem gerði að verkum að uppskera var minni en vant er. Ofan á það bætist kalt og erfitt vor, búfenaður var lengi á húsum og vel gekk á birgðir af þeim sökum. Margir bændur



Eyjafjarðará var í ham vegna mikilla hlýinda norðanlands og snjóbráðunar í fjöllum. Þessi mynd var tekin við ána skammt utan við flugvöllinn og horft yfir á austurbakkann. Mynd / MPB

voru því orðnir tæpir með hey í sumarbyrjun. „Nú er allt skraufpurrt og endurvöxtur fer hægt af stað. Þá gildir næstu vikur að vanda sig sem

kostur er, dreifa áburði á hana og reyna að ná heynu á réttum tíma, ekki of snemma og ekki of seint.“ segir Sigurgeir. /MPB

Husqvarna Construction Products

HÁ verslun ehf tók við umboði Husqvarna byggingavörum á Íslandi þann 11. júní.

- Steinsagir
- Kjarnaborvélur
- Jarðvegsþjoppur
- Sagarblöð
- Kjarnaborar



þjónustuverkstæði og varahlutir



Víkurbær 4
203 Kópavogur
Opíð mán. - fös. kl. 8-17.
S. 588-0028
haverslun.is


Hvar auglýsir þú?

Bændablaðið

BÆNDABLAÐIÐ ER GEFIÐ ÚT Í 32 ÞÚSUND EINTÖKUM Á TVEGGJA VIKNA FRESTI

Bændablaðið er mest lesna blaðið á landsbyggðinni

Lestur prentmiðla á landsbyggðinni



Lestur Bændablaðsins

Lestur Bændablaðsins á landsbyggðinni

36,2%

Lestur Bændablaðsins á höfuðborgarsvæðinu

17,8%

Lestur landsmanna á Bændablaðinu

24,3%

Heimild: Prentmiðlakönnun Gallup, Könnunartími október - desember 2020.

FRÉTTIR



Gestir á aðalfundi Framsýnar fengu íslenska birkiplöntu eftir fundinn og voru beðnir um að gróðursetja þær svo þær mættu vaxa og dafna. Með þessum táknaðna hætti kolefnisjafnaði Framsýn, líklega fyrst stéttarféлага hér á landi, aksturinn sinn. Varaformaður Framsýnar, Ósk Helgadóttir, vildi kalla það að greiða skuldina við landið. Hér er Ósk með formanni félagsins, Aðalsteini Árna Baldurssyni.

Aðalfundur Framsýnar stéttarfélags: Verkalýðsfélagið kolefnisjafnar starfsemina með plöntun trjáa — Segir græna skatta bitna á láglaunahópum

„Við erum afskaplega stolt af þessu framtaki og teljum okkur fyrst stéttarféлага til að kolefnisjafna okkar starfsemi. Þetta er ákveðið frumkvæði sem við tökum með þessu og vonum að fleiri fylgi á eftir. Fulltrúar verkalýðsfélaga eru mikið á ferðinni, bæði í akstri og flugi og með þessu sýnum við ákveðið frumkvæði og tökum á málum. Vonandi fylgja fleiri fordæmi okkar,“ segir Aðalsteinn Árna Baldursson, formaður Framsýnar í Þingeyjar-sýslu.



Sigurveig Arnardóttir, Húsavík og Agnes Einarsdóttir, Baldursheimi, Mývatnssveit, ánægðar með birkiplöntuna.

verða breytingar á lífsskilyrðum í sjó vegna breytinga á straumum, sýrustigi og seltu,“ sagði Ósk á aðalfundinum.

Alþjóðlega verkalýðshreyfingin hefur þróað ramma utan um samfélagsbreytingar næstu ára undir yfirskriftinni „réttlát umskipti“. Grunnsteifið í réttlátum umskiptum er að breytingarnar þurfi að vera réttlátar gagnvart launafólki, ekki síst í þeim atvinnugreinum sem munu gjörbreytast eða jafnvel hverfa í tengslum við tæknipróun og aðgerðir gegn loftslagsbreytingum. Samhliða því er tekist á við áhrif nýrrar tækni, gervigreindar og sjálfvirknivæðingar.



Kristján Ónundarson, Raufarhöfn og Þórir Stefánsson, frá Hólkoti í Reykjadal, nú búsettur á Húsavík, kampakátir og tilbúnir að fara út að planta.

Framsýn stéttarfélag afhendi aðalfundargestum á dögnum 50 plöntur til að gróðursetja. Tilgangurinn var að kolefnisjafna starfsemi félagsins en samkvæmt útreikningum þurfti 50 skógarplöntur til að kolefnisjafna starf Framsýnar á liðnu ári, þ.e. á móti akstri starfsmanna og annarra félagsmanna sem ferðudust akandi á vegum félagsins á liðnu ári.

Ósk Helgadóttir, varaformaður Framsýnar, ræddi um þá ákvörðun að kolefnisjafna aðalfundinn og aðra starfsemi á vegum félagsins. Hún sagði að verkalýðshreyfingin væri baráttuafli nú eins og þegar félagið var stofnað fyrir 110 árum, þó áskoranir sem inn á hennar borð komi séu með öðrum hætti. Eitt af stóru málum hreyfingarinnar nú væri jafnframt stærsta áskorun samtímans, loftslagsbreytingar af mannavöldum.

Réttlát umskipti

„Þær hafa þegar haft víðtæk áhrif á efnahags- og atvinnulíf þjóða og þar með lífsskjör og afkomu almennings um allan heim. Við sjáum afleiðingar þessara breytinga á jörðinni. Jöklar bráðna, yfirborð sjávar hækkar, vistkerfi raskast og öfgar í veðurfari aukast. Auk þess



Þórdís Jónsdóttir, Hraunbæ, Aðaldal og Ragnhildur Jónsdóttir frá Fjöllum í Kelduhverfi með sínar plöntur.

Grænir skattar bitna á láglaunahópum

„Það væri óskandi að ráðamönnum þjóðarinnar muni auðnist að stíga fram í sama takti og verkalýðshreyfingin og að „réttlát umskipti“ komi til með að þýða það í raun. Þær aðgerðir sem stjórnvöld grípa til þegar ráðist er í aðgerðir gegn loftslagsbreytingum mega ekki verða til þess að auka á hlut hinna fáu í verðmætum samfélagsins. Í því sambandi hefur ASÍ bent á að grænir skattar, eins og til að mynda kolefnisskattur, bitni helst á lágtekjuhópum sem hafa ekki möguleika á að skipta yfir í rafbíla, á meðan efri tekjuhópar nýta sér frekar skattaafslætti sem ívilnanir fyrir vistvænum ókutáki fela í sér.“

/MPÞ



Starfsmenn RARIK undirbúa spennusetningu aðveitustöðvarinnar.

Myndir / RARIK

Ný aðveitustöð á Hnappavöllum tekin í notkun:

Vel séð fyrir orkubörf svæðisins til framtíðar

— Dregið úr líkum á rafmagnstruflunum

Ný aðveitustöð RARIK var tekin í notkun á Hnappavöllum í Öræfaveit fyrir skömmu en hún mun auka afkastagetu og afhendingaröryggi rafmagns á svæðinu til muna. Rafmagnsálag í Suðursveit og Öræfum hefur aukist verulega síðustu ár samfara fjölgun ferðamanna og með tilkomu hótels sem opnað hefur verið á Hnappavöllum.

Forsenda þess að hægt var að reisa nýja aðveitustöð á svæðinu var að Landsnet legði til nýjan afhendingarstað raforku frá byggðalínu á Hnappavöllum, en áður var raforka fyrir þetta svæði afhent frá Hólum í Hornafirði. Frá Hólum er um 130 kílómetra 19 kV háspennulögn að Skaftafelli sem annað hefur raforku á svæðinu vestan Hornafjarðarfljóts, það er Mýrum, Suðursveit og Öræfum. Þar af eru um 120 kílómetrar í háspennuáreng.

Þegar undirbúningur að hótlinu á Hnappavöllum hófst árið 2015 var strax ljóst að 19 kV kerfið myndi ekki anna þeirri aukningu sem því fylgdi án sérstakra aðgerða. Því óskaði RARIK eftir að Landsnet legði til nýjan afhendingarstað frá byggðalínunni í Öræfum og á meðan beðið hefur verið eftir varanlegri lausn hefur RARIK gripið til margvíslegra bráðbirgðalausna til að anna



Aðveitustöð RARIK að Hnappavöllum í Öræfaveit.



Með tilkomu aðveitustöðvar á Hnappavöllum verður nú hægt að afhenda rafmagn til svæðisins úr tveimur átum. Áður annaði aðveitustöðin á Hólum ein og sér orkubörf viðskiptavina á um 130 km svæði.

áláginu, m.a. með því að hafa þar varaafstöð til að framleiða inn á kerfið á mesta álagstíma.

Trygg staðsetning og byggt yfir allan búnað



Nýtt tengivirki Landsnets og aðveitustöð RARIK eru undir Kvíaröllu austan við bæinn Hnappavelli. Þessi staðsetning telst trygg en hún var meðal annars valin með tilliti til hugsanlegra jökulflóða.

Nýr afhendingarstaður Landsnets og aðveitustöð RARIK sem nú hafa verið tekin í notkun eru undir Kvíaröllu austan við bæinn Hnappavelli, sem telst trygg staðsetning með tilliti til hugsanlegra jökulflóða. Byggt er yfir allan búnað RARIK og Landsnets á Hnappavöllum. Þetta kemur fram á vefsíðu RARIK og þar er einnig haft eftir Tryggva Þór Haraldssyni forstjóra að nú verði hægt að mæta verulega auknu álagi í Suðursveit og Öræfum, en raforkuflutningur inn á það svæði sé nú bæði frá Hólum og Hnappavöllum.

„Það er því vel séð fyrir orkubörf svæðisins til langrar framtíðar um leið og dregið er úr líkum á rafmagnstruflunum,“ segir Tryggvi Þór.

/MPÞ

Arfgerðarrannsóknir gerðar á geitum með tilliti til næmi fyrir riðu: Markmiðið er að auka þekkingu á erfðafræðilegri stöðu stofnsins

– Reglugerðir ESB taka tillit til næmi arfgerða fyrir riðu vegna niðurskurðar

Landbúnaðarháskóli Íslands (LbHÍ) og Geitfjárræktarfélag Íslands fengu nýlega styrk frá erfðanefnd landbúnaðarins til að gera arfgerðarrannsóknir á geitum. Markmið verkefnisins er að auka þekkingu á erfðafræðilegri stöðu stofnsins á arfgerðum sem tengjast næmi fyrir riðu.

Riða kom upp á sauðfjábúum í Skagafirði í nóvember á síðasta ári og þurfti í kjölfarið að skera niður bústofna bæði sauðfjár og geitfjár, jafnvel þótt smit hafi ekki verið staðfest í geitunum. Segja reglur fyrir um að skera þurfi niður bæði sauðfé og geitfé komi riða upp á bæjum með bæði búfjárkyn – en ekki hefur greinst riða í íslensku geitfé og er stofninn skilgreindur í útrýmingarhættu.

Birna K. Baldursdóttir, lektor við LbHÍ, heldur utan um verkefnið og segir hún að mjög mikilvægur þáttur í að sporna við þeirri miklu skyldleikarekt sem hjáir stofninn sé að nýta sæðingar. „Það er því nauðsynlegt að fá betri upplýsingar

um „arfgerðarlandslagið“ í stofninum hvað næmi fyrir riðu varðar og kanna hvort hægt verði að haga varðveislustarfi með tilliti til þess.“

Tekið tillit til næmi arfgerða við riðuniðurskurð

Hún segir að auk þess muni það leiða af rannsóknunum að hægt verði að velja hafra á sæðingastöð sem hafa lítið eða ekkert næmi fyrir riðu, sem verði þá sambærilegt við verklagið á sauðfjársæðingastöðvum.

„Í nýlegri reglugerð Evópusambandsins um varnir og útrýmingu á TSE – transmissible spongiform encephalopathies – sjúkdómum hjá nautgripum, sauðfé og geitum er tekið tillit til næmi arfgerða fyrir hefðbundinni riðu þegar skera á niður. Þar kemur fram að val á gripum með verndandi arfgerðir geti verið áhrifarík aðferð í baráttunni gegn riðu og hreinn niðurskurður gripa án tillits til arfgerða geti haft neikvæð áhrif á erfðafjölbreytileika búfjárkynja sem eru viðkvæmir eða í útrýmingarhættu,“ segir Birna. /smh



Birna Kristín Baldursdóttir hefur umsjón með arfgerðarrannsóknum á íslenskum geitum.



Sameining sveitarfélaga: RR ráðgjöf skoðar málin í Skagafirði

Sveitarfélagið Skagafjörður og hreppsnefnd Akrahrepps hafa tekið tilboði frá RR ráðgjöf í vinnu við ráðgjöf og verkefnastjórn vegna hugsanlegrar sameiningar þessara sveitarfélaga.

Í vinnunni felst m.a. ráðgjöf, gagnaöflun og upplýsingamiðlun vegna könnunar á kostum, göllum og tækifærum sem felast í mögulegri sameiningu.

Niðurstöður greiningarinnar verða nýttar til samráðs við fúa sveitarfélaganna þannig að þau geti í kjölfarið tekið ákvörðun um hvort þau hyggt ráðast í formlegar sameiningarviðræður. /MPÞ

Holtavörðuheidarína 1

HAFÐU ÁHRIF

Taktu þátt í að leggja línurnar fyrir spennandi framtíð

Við hjá Landsneti óskum eftir ábendingum vegna fyrirhugaðrar tengingar í raforkukerfinu frá Klafastöðum í Hvalfirði að nýju tengivirki á Holtavörðuheidi.

Svæðið hefur verið skoðað af sérfræðingum okkar og þeirra mat er að núverandi línustæði henti að mestu ágætlega. Línuleið samsíða eldri línu verður því einn valkostanna í komandi umhverfismati.

Fleiri valkostir geta komið til álita og því óskum við eftir hugmyndum varðandi línuleiðir (alla leið eða hluta af leið), gerðir mastra og aðgerðir til að lágmarka áhrif. Farið verður yfir allar hugmyndir og í kjölfarið tekin ákvörðun um valkosti sem verða metnir og bornir saman í áframhaldandi samráði.

Leitast verður eftir því að lágmarka áhrif á viðkvæm og mikilvæg svæði. Því óskum við jafnframt eftir ábendingum um svæði sem fólk þykir hafa sérstakt gildi.

Markmiðið er að komast að skynsamlegri niðurstöðu um aðalvalkost, þar sem tekið er tillit til sem flestra þátta með hliðsjón af öryggi, umhverfi og efnahag.

Hægt er að koma ábendingum á framfæri á landsnet.is til 19. júlí næstkomandi.

Vefsíða Holtavörðuheidarínu 1 er aðgengileg hér: hh1.netlify.app

Landsnet | Gylfafiöt 9 | 112 Reykjavík | Sími 563 9300 | landsnet@landsnet.is | www.landsnet.is

LANDSNET



Finnski skóframleiðandinn Sievi fagnar 70 ára afmæli í ár. Í tilefni tímamótanna voru framleiddir sérstakir afmælistilboði á meðan birgðir endast. Föstudaginn 9. júlí munum við fagna tímamótunum með kaffi og kökum í verslun fyrirtækisins að Nethyl 2a.



Vefverslun: khvinnufot.is



Nethylur 2a, 110 Reykjavík | khvinnufot.is

Sievi - The Mark of Quality

FRÉTTIR

Byggðarannsóknasjóður styrkir fjögur verkefni

Byggðarannsóknasjóður úthlut- aði á dögnum styrkjum til fjögurra verkefna. Þau fjalla um stöðu innflytjenda á vinnu- markaði, náttúruhamfarir á Seyðisfirði og félagslega seiglu, launamun hjúkrunarfræðinga í höfuðborginni og á Akureyri og þá eru borin saman tvö fámenn sveitarfélög sem byggja á land- búnaði. Alls voru 10 milljónir króna til úthlutunar og skiptist féð jafnt á milli þeirra.

Innflytjendur og staða þeirra á vinnuarkaði í Covid-kreppu er eitt þeirra verkefni sem hlaut styrk nú en þar er m.a. skoðað hver staða innflytjenda á vinnuark- aði landsbyggðarinnar er í sam- anburði við höfuðborgarsvæðið á tímum kórónuveiru. Staða innflyt- enda á höfuðborgarsvæðinu ver- ur borin saman við landið allt og staða innflytjenda á vinnuarkaði á Vesturlandi einnig borin saman við landið allt.

Félagsleg seigla

Þá hlaut verkefni sem snýst um náttúruhamfarir á Seyðisfirði og félagslega seiglu styrk úr sjóðnum. Greina á og kortleggja afleiðingar náttúruhamfaranna á Seyðisfirði með tilliti til samfélagslegrar seiglu. Markmiðið er að skoða og prófa mælitæki sem notuð hafa verið í erlendum rannsóknum til að mæla

seiglu eða viðnámsþol. Einnig í bland við önnur mælitæki sem beitt hefur verið í íslenskum rannsóknum. Gera þannig tilraun til heildstæðrar greiningar á þeim kröftum og öflum sem toga samfélagið aftur til jafn- vægis og um leið skýra þann nýja jafnvægisþátt sem samfélagið finnur.

Þriðja verkefni snýst um rannsókn á launamun hjúkrunar- fræðinga á Landspítalanum og hjúkrunarfræðinga á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Markmið er að bæta þekkingu á launamun starfsmanna á hinum íslenska vinnuarkaði. Einnig að varpa betra ljósi á þá umræðu sem hefur átt sér stað undanfarin ár um launamun milli höfuðborgarsvæðisins og lands- byggðarinnar.

Margur er knár

Að lokum er verkefni sem nefnist Margur er knár þó hann sé smár og snýst um að útskýra ólíka velgengi nokkuð sambærilegra fámennra landsvæða eins og Dala- og Vestur-Húnavatnssýslu. Rannsakendur hyggjast komast að því hvort læra megi af samanburði Dalabyggðar og V-Húnavatnssýslu og yfirfæra þekkinguna til styrktar samfélögum. Bæði svæðin eru fámenn, tiltölulega einangruð eða fjarlæg og byggja á landbúnaði.

/MPP



Fulltrúar sveitarstjórnar Blönduóss telja að nýta beri þau augljósu tækifæri sem felist í sameiningu við Húnavatnshrepp.

Mynd / HKr.

Sveitarstjórn Blönduóss vill viðræður um sameiningu við Húnavatnshrepp: Meirihlutinn í Húnavatnshreppi telur ekki tímabært að hefja viðræður

Sveitarstjórn Blönduóbæjar samþykkti á fundi í liðinni viku að óska formlega eftir viðræðum við sveitarstjórn Húnavatnshrepps um sameiningu sveitarfélaganna byggða á þeirri miklu undirbúningsvinnu sem þegar hefur farið fram.

Fulltrúar sveitarstjórnar Blöndu- óss telja að nýta beri þau augljósu tækifæri sem felist í sameiningu þessara tveggja sveitarfélaga og óska eftir því við sveitarstjórn Húnavatnshrepps að taka eins fljótt og hægt er afstöðu til beiðninnar.

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps kom saman á fund nokkrum áður en Blönduóssingar lögðu fram beiðni um viðræður og á þeim fundi var niðurstaðan sú að meirihluti sveitar- stjórnar Húnavatnshrepps telur ekki tímabært að hefja viðræður um sameiningu við Blönduóbæ að svo stöddu.

Sameining fjögurra sveitarfélaga var felld

Sameining fjögurra sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu, Húna-



hætti að ekki sé tímabært að hefja viðræður um annars konar sameiningu að því er fram kemur í bókun frá fundinum.

Mikill vilji fyrir sameiningu á Blönduósi

Í kosningu um sameiningu sveitar- félaganna allra í Austur-Húna- vatnssýslu í byrjun júní var sam- eining samþykkt í Húnavatnshreppi og Blönduóbæ en hafnað í Skaga- byggð og á Skagatrönd. Tæplega 90% íbúa á Blönduósi samþykktu sameiningu og nær 57% íbúa í Húnavatnshreppi.

Skiptar skoðanir eru innan Húna- vatnshrepps um sameiningarmálið. Fulltrúar E lista telja að brotið hafi verið á lýðræði íbúa hreppsins þegar meirihlutinn ákvað að hafna viðræðum við Blönduóbæ og þykir þeim valdið ekki liggja hjá íbúum sveitarfélagsins. Telja þeir sterkan grunn fyrir áframhaldandi viðræðum í stað þess að fara á ný á byrjunarreit.

Meirihlutinn vísaði á fundinum á bug að verið væri að brjóta á lýðræðislegum réttindum íbúa./MPP



Unnur Gunnarsdóttir var að vonum ánægð með að komast í nýja íbúð með dætur sínar tvær. Helga Sveinbjörnsdóttir byggingarfulltrúi afhenti lykta fyrir hönd Leiguíbúða Þingeyjarsveitar hses.

Þingeyjarsveit:

Fyrsta íbúðin utan höfuðborgar- svæðis sem fær Svansvottun

Nýbygging á Melgötu 6a og 6b, á vegum Leiguíbúða Þingeyjar- sveitar hses. fékk Svansvottun við formlega athöfn fyrir skemmstu.

Umhverfisráðherra, Guðmund- ur Ingi Guðbrandsson, afhenti Árna Grétari Árnasyni, framkvæmdastjóra Faktabygg Ísland, Svansvottunina. Um er að ræða fyrstu nýbygginguna utan höfuðborgarsvæðisins sem hlýtur Svansvottun.

Parhúsi íbúðirnar við Melgötu 6a og 6b eru Svansvottaðar og eru hvor um sig 80 m² með tveimur svefnherbergjum, eldhúsi og stofu í sama rými, forstofu og geymslu. Ísskápur og uppþvottavél fylgja

með. FaktaBygg Ísland ehf. sá um framkvæmdina fyrir Leiguíbúðir Þingeyjarsveitar hses. og eru íbúðirnar nú tilbúnar til útleigu en lóðafrágangi lýkur í sumar. Fyrsti leigjandinn hefur fengið lykta að íbúðinni afhenta.

Leiguíbúðir Þingeyjarsveitar hses. áforma að byggja sams konar parhús við Víðigerði í Aðal- dal og kaupa tvær 67 m² íbúðir í nýbyggingu sem verður reist á Lautavegi á Laugum í sumar. Samtals verða þetta því sex íbúðir til útleigu á vegum félagsins sem er hrein viðbót leiguíbúða í sveitar- félaginu.

/MPP

Þjóðgarður Snæfellsjökuls stækkar um 9%:

Um hálf milljón gesta sækir þjóðgarðinn árlega

Þjóðgarður Snæfellsjökuls fagn- aði 20 ára afmæli nýverið og af því tilefni verður eftur til ýmissa viðburða. Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfis- og auðlindaráðherra hefur skrifað undir reglugerð um stækkun þjóðgarðsins, en með viðbótinni stækkar hann um 9%.

Við þjóðgarðinn bætist svæði sem liggur norðan við jökulhettu Snæfellsjökuls og austan við núverandi þjóðgarðsmörk, frá jökli að Búrfelli og norður fyrir Dýjadalsvatn. Nær nýja svæðið m.a. yfir gamla þjóðleið, Prestagötu. Hluti landsins í Gufuskálum var áður í eigu Mílu og Símans sem gáfu það þjóðgarðinum.

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull er staðsettur á utanverðu Snæfellsnesi og var fyrsti þjóðgarður landsins sem náði að sjó og hefur þá sérstöðu að geyma minjar frá útræði fyrri alda. Hann var stofnaður árið 2001 í þeim tilgangi að vernda bæði sér- stæða náttúru svæðisins og merki- legar sögulegar minjar.

Gestum fer ört fjölgandi

Gestum þjóðgarðsins hefur farið ört fjölgandi undanfarin ár og sækir nú um hálf milljón gesta þjóðgarðinn



Guðmundur Ingi og Sigríður Auður Arnardóttir ráðuneytisstjóri undirrita reglugerð um stækkun þjóðgarðsins.

heim árlega. Á síðasta ári heim- sóttu um 200 þúsund gestir þjóð- garðinn, langflestir Íslendingar, þar sem fáir erlendir ferðamenn komu til landsins vegna kórónuveiru- faraldursins. Umfangsmikil upp- bygging innviða hefur farið fram á undanförunum árum og á síðasta ári hófust framkvæmdir við gestastofu þjóðgarðsins á Hellissandi sem mun ljúka á því næsta.


„Ég er afskaplega stoltur og ánægður með uppbyggingu í þjóð- garðinum á síðustu árum, hvort sem horft er til fjölgunar heilsársstarfa og sumarstarfa landvarða, innviða á borð við göngustíga og palla sem

vernda náttúruna, nú eða aðstöðu og fræðslu fyrir ferðamenn sérlega með nýju gestastofunni sem verður opnuð á næsta ári. Þá er það sérstakt gleðiefni að nú í tilefni af 20 ára afmæli þjóðgarðsins, stækkum við hann umtalsvert með náttúruvernd og eflingu samfélagsins á Snæfellsnesi að leiðarljósi. Til hamingju Ísland,“ segir Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfis- og auðlindaráðherra á vefsíðu ráðuneytisins.

Ráðherra mun á grundvelli reglu- gerðar um þjóðgarðinn skipa þjóð- garðsráð en það er í fyrsta skipti sem það er gert á grundvelli laga um náttúruvernd.

/MPP

Lely Center Ísland



6,500 - 9,500
11,000 - 13,500 lítra

HAUGSUGU- DÆLUR

HAUGSUGUHLUTIR VARAHLUTIR



Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Varmahlíð, Skagafirði:

Ný vinnsluhola fyrir heitt vatn

– Eykur vonandi afhendingaröryggi á heitu vatni

Nýverið var undirritaður samningur milli Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Ræktunarsambands Flóa og Skeiða ehf. um borun eftir heitu vatni í Varmahlíð.

Samið var um borun vinnsluholu á heitu vatni við Reykjarhól og er áætlað að borað verði á allt að 700 metra dýpi. Áætlaður kostnaður er um 50 milljónir króna. Jarðborinn Tröllli hefur nú þegar hafið borun og gengur verkið samkvæmt áætlun, en verklok eru áætluð í lok ágúst næstkomandi samkvæmt verksamningi.

Tilraunaholur gáfu jákvæða niðurstöðu

Steinn Leó Sveinsson, sviðsstjóri veitu- og framkvæmdasviðs, segir á vefsíðu Sveitarfélagsins Skagafjarðar að mikil vinna hafi verið í kortlagningu á svæðinu undanfarið og voru tilraunaholur boraðar síðasta sumar sem gáfu jákvæðar niðurstöður. „Niðurstöður úr tilraunaholum síðasta sumar voru mjög góðar og standa vonir til að þessi



Steinn Leó Sveinsson, sviðsstjóri veitu og framkvæmdasviðs, og Guðmundur Ármann Böðvarsson, framkvæmdastjóri Ræktunarsambands Flóa og Skeiða ehf., við undirritun samningsins.

framkvæmd sem farið er í núna auk íbúa Sveitarfélagsins Skagafjarðar.“ /MPÞ

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300

Næsta blað kemur út 22. júlí

Dreift í 32 þúsund eintökum á yfir 420 dreifingarstaði og lögbýli á Íslandi

Magnús Leópoldsson, lögg. fasteignasali

FASTEIGNAMIDSTÖÐIN

Hlíðasmára 17 · 201 Kópavogi · Sími 550 3000 · Fax 550 3001
fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is · www.fasteignamidstodin.is



Fasteignamiðstöðin Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi sími 550 3000 er með til sölu veitingastaðinn Kaffi Kjós við Meðalfellsveg.

Kaffi Kjós er þjónustumiðstöð sem er staðsett er á 3500 fm eignarlöð í suðurhlíðum Meðalfells, með góðu útsýni yfir Meðalfellsvatn. Mögulega hægt að fá keypt meira land.

Akstursfjarlægð frá Reykjavík er um 50 km, við þjóðveg nr. 461, um 5 km frá Hvalfjarðarvegi sem er þjóðvegur nr. 47. Þar er veitingarsala og verslun. Veitingasalur með 49 sæti. Einnig frábær útiaðstaða. Þar er lögð áhersla á að fólk geti notið veitinga í heimilislegu umhverfi.

Verið er að selja fyrirtækið og fasteignir. Fyrirtæki og fasteignir í góðum rekstri sem gefur einnig möguleika á frekari starfsemi en Kaffi Kjós hefur verið rekið í 6 mánuði á ári.

Nánari upplýsingar á skrifstofu Fasteignamiðstöðvarinnar sími 550 3000 eða gegnum netfangið magnus@fasteignamidstodin.is

Söfnin á Eyrarbakka




Hvernig væri að leggja leið sína á Eyrarbakka og heimsækja söfnin?

Húsið er heillandi og sögufrægt kaupmannsheimili þar sem sögð er meira en 200 ára gömul saga verslunar og menningar. Sjóminjasafnið hýsir hið merka árskip Farsæl og undraveröld fugla og eggja er í Eggjaskúr. Í litla alþýðuhúsinu Kirkjubæ er sýning um byltingartímana þegar rafhljós kom í hús og fólk eignaðist útvarp og gúmmístígvél.



Ratleikur um allt safnasvæðið er í boði fyrir alla fjölskylduna.



Opið alla daga í sumar frá kl. 11-18.
sími 483 1504 · info@byggdasafn.is
www byggdasafn.is

**BYGGÐASAFN
ÁRNESINGA**

GAS LYKKJUBYSSA

Hentar einkar vel fyrir girðinga- vinnu og aðrar framkvæmdir



Frekari upplýsingar má sjá á S-J.IS

SKÚLASON & JÓNSSON
SKÚTUVÖGI 6 · 104 REYKJAVÍK · SÍMI 568 6544

LOFTTRAMPÓLÍN

Fyrir endalaus skemmtun!



LOFTTRAMPÓLÍN

Stærðir fánlegar til afgreiðslu strax:

Þrjár brautir

- 8,59x10m | 86m²
- 8,59x12m | 103m²
- 8,59x14m | 120m²

Gult, rautt og dökkblátt



Hægt er að sérpanta aðrar stærðir og sérstaka lögun.



LANDSTÓLPI

Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi | Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum | www.landstolpi.is
480 5600 | 480 5610 | landstolpi@landstolpi.is

STÉKKUR Berjaplöntur

Prátt fyrir að vorið hafi verið kalt og sumarið seint á ferð er samt von um að fá góða berjauppskeru í haust. Margir berjarunnar eru harðgerðir og láta ekki smávörhristing slá sig út af laginu.

Ber eru góð á bragðið, það er gaman að rækta þau og það er auðveldara en marga grunar. Flestar berjaplöntur gefa betur af sér séu þær ræktaðar í frjó- sömum og deigum jarðvegi sem blandaður hefur verið með lífrænum áburði og á sólríkum og skjólgóðum stað. Hæfilegur skammtur af tilbúnum áburði er ein og hálf eða tvær matskeiðar, 25 til 35 grömm á fermetra, gefið tvisvar til þrisvar yfir vaxtartímann. Gott er að vökva með daufri áburðarblöndu í þurrkatíð, sérstaklega meðan á aldinmyndun stendur. Ber úr eigin garði eru góð í munninn beint af plöntum eða í saft, sultur og til vingerðar.

Jarðarber (*Fragaria × ananassa*). Eina jurtin í þessari upptalningu sem ekki er trékennd. Fjölær jurt sem fjölgrar sér með ofanjarðarrönglum. Blómin hvít en berin rauð og sæt. Þrífst best á sólríkum stað og í næringarríkum jarðvegi með sýrustig milli 6 og 6,5. Til þess að tryggja góða uppskeru er nauðsynlegt að endurnýja plönturnar á 4 til 6 ára fresti. Einnig er gott að skipta um ræktunarsað þegar plönturnar eru endurnýjaðar til að koma í veg fyrir jarðvegsþreytu. Gott er að rækta jarðarber í hengipottum. Ranabjöllur og sniglar eru sólgirnir í jarðarber og geta gert mikinn skaða. Yrkin 'Zephyr', 'Korona', 'Glima', 'Rita' og 'Senga Sengana' hafa öll reynt vel. Lögum berjanna er mismunandi milli yrkja. Æskilegt bil á milli plantna í beði er 30 til 40 sentimetrar.


Rifs (*Ribes rubrum*). Vex villt í Evrópu og mjög algeng garðplanta hér. Grófur, saltþolinn runni sem nær 2 metra hæð og getur orðið bústinn og fyrirferðarmikill. Fjölgað með græðlingum og sveiggræðslu. Berin rauð en einnig til hvít og bleik. Góð til átu beint af runnanum eða til sultugarðar. Klippa á gamlar greinar, sem eru dekkri, af til að örva nývöxt og auka uppskeruna. Blaðlús og fiðrildalirfur algengt vandamál.

Stikilsber (*Ribes uva-crispa*). Vaxa villt til fjalla í Evrópu og Norður-Ameríku. Þyrnóttur runni með uppsveigðar greinar sem verða um metri á hæð. Fjölgað með græðlingum og æskilegt bil á milli plantna er 1 til 1,5 metrar. Berin stór og bragðgóð, gulgræn, hvít eða rauð. Klippa skal burt gamlar greinar til að örva nývöxt og aldinmyndun. Yfirleitt tekur 2 til 3 ár fyrir stikilsber að fara að mynda ber. Yrkið 'Hinnomäki', sem er blanda af evrópskum og amerískum stikilsberjum, hefur reynt vel hér. 'Hinnomäki Keltainen' gefur gul og sæt ber en 'Hinnomäki Punainen' rauð og bragðmikil ber.

Sólber (*Ribes nigrum*). Vex villt í Evrópu og algeng garðplanta hér. Fjölgað með græðlingum og sveiggræðslu. Berin svört. Klippa þarf burt gamlar greinar, sem eru dekkri að lit og eldri en fimm ára, til að örva nývöxt og auka uppskeruna. Blaðlús og fiðrildalirfur algengt vandamál. Sterk lýkt sem minnir á kattahand af blöðunum, séu þau marin. Góð ber til sultugarðar. Yrkin 'Bródtorp', 'Öjebyn' og 'Melalahti' vel reynd, harðgerð og skila góðri uppskeru flest ár. */VH*

NYTJAR HAFSINS

Losun koltvísyrings hjá sjávarútvegi og matvælaíðnaði í þúsundum tónna



Heildarlosun á CO₂ frá sjávarútvegi og matvælaíðnaði var 55% minni árið 2017 en árið 1995. Langstærsti hluti þessa er vegna minni olíunotkunar í sjávarútvegi, en hún hefur dregist saman um tæp 50% frá árinu 1990 eins og sjá má í umfjöllun í hlutanum um olíunotkun. Fiskeldi er talið með í þessum tölum um fiskveiðar, en umsvif þess hafa stórukist á undanförunum árum. Margir samverkandi þættir skýra árangurinn, en hæst ber fiskveiðistjórnunarkerfið enda gættir áhrifa þess á flesta aðra þætti sem koma við sögu. Kerfið sjálft hefur eflist, fjárfesting í tækjum og búnaði verið mikil, skipum hefur fækkað og eru þau í dag mun öflugri og hagkvæmari í notkun og svo breytt orkunotkun. *Mynd / radarinn.is*

Loftslagsvegvisir sjávarútvegsins

— „Rekstrarleg hagkvæmni og umhverfisvitund fara saman,“ segir Eggert Benedikt Guðmundsson

Eggert Benedikt Guðmundsson er forstöðumaður Grænvangs, sem ásamt sjö atvinnugreinafélögum kynnti nýlega Loftslagsvegvisi atvinnulífsins. Vegvísinum er ætlað að styðja við markmið íslenskra stjórnvalda um kolefnishlutlaust Ísland árið 2040.

Atvinnugreinar landsins, þar með taldar sjávarútvegur og bændasamtökin, tóku höndum saman og unnu loftslagsvegvisinn í þeim tilgangi að veita yfirsýn yfir núverandi stöðu og setja loftslagsaðgerðir í stærra samhengi. Markmiðið er að auðvelda atvinnulífi og stjórnvöldum að finna í sameiningu aðgerðir, hvata, ívilnanir og fleira sem styðja við loftslagsaðgerðir íslensks atvinnulífs. Við heyrðum í Eggerti og báðum hann að segja okkur frá Loftslagsvegvisinum og þá einkum þeim hluta er snýr að sjávarútvegi.

Sjávarútvegurinn hefur náð einstökum árangri

„Í ljósi mikillar áherslu og vilja til



Eggert Benedikt Guðmundsson.



Sigurgeir B. Kristgeirsson.

að efla grænar lausnir og minnka útblástur gróðurhúsalofttegunda þá blasti við að atvinnulífið og stjórnvöld yrðu að taka höndum saman og Grænvangur var einmitt stofnaður í því skyni.“ sagði Eggert.

„Út frá sjónarhóli sjávarútvegsins er þetta sérstaklega áhugavert. Sjávarútvegurinn hefur dregið úr losun fiskiskipa gróðurhúsalofttegunda um 36% frá árinu 2005 sem er einstakt. Þetta er jákvæð afleiðing af tveimur þátum. Annars hefur fiskveiðistjórnunarkerfið, sem var tekið upp um svipað leyti, gert sjávarútvegsfyrirtækjum kleift að stýra veiðum á hagkvæman hátt með fækkun skipa og lækkun kostnaðar, m.a. með minni olíunotkun. Samhliða voru fiskistofnar byggðir upp sem gerir veiðina auðveldari. Með þessu verður olíunotkun á hvert veitt kíló mægri. Hins vegar hafa nýsköpun og framfarir í hönnun skipa og veiðarfæra skipt miklu máli. Þar má nefna lögun skipsskrokka þannig að viðnám þeirra í sjónum er minna, betri skrúfubúnað auk betri nýtni vélanna sjálfra. Þróun veiðarfæra hefur minnkað viðnám og gert þau léttari. Það sem er sérstaklega skemmtilegt er að allt þetta er gert á forsendum sjávarútvegsins sjálfs og er drifið áfram af hagrænum hvötum. Þetta eru góðu fréttirnar sem er afskaplega gaman að segja frá.“

Orkuskipti og fjárfestingarhvat

Það liggur fyrir að orkuskipti í sjávarútvegi verða flókin. Það er engin augljós leið í augnablikinu en menn eru að huga að lausnum segir Eggert. „Hvort það verður vetni, lífdísill, ammoníak, metanól eða hreinlega rafmagn vitum við ekki.“

Íslenska kvótakerfið er umhverfisvænt!

— segir dr. Stefán B. Gunnlaugsson

Dr. Stefán B. Gunnlaugsson, dósent við Háskólann á Akureyri, hélt í vor afar fróðlegt erindi, í beinni útsendingu á netinu, um þróun íslensks sjávarútvegs síðustu áratugi.

Þar fjallaði hann m.a. um umhverfisvæna hlið íslenska kvótakerfisins. Stefán varði nýlega doktorsritgerð sína um íslenskan sjávarútveg. Hann varð góðfúslega við beiðni okkar um stutt viðtal.

Lélegt fiskirí sem hefur batnað mikið

„Þegar ég var á sjó um 1990 var fiskirí lélegt. Það þótti gott að fá 10–12 tonn á sólarhring og þá var fiskurinn miklu smærri en hann er í dag. Ég sé þetta í gögnum sem ég hef rannsakað,“ segir Stefán.

„Nú eru 30 metra togbátar að fylla sig á 2–3 dögum, þetta 40–80 tonn. Þetta hefði ekki verið hægt að gera 1990. Þetta er gríðarleg breyting í veiðum á þorski á þessum tíma, en ég hef mest rannsakað þorskveiðar af botnfisktegundum. Þetta hefur líka mikil og jákvæð áhrif á

vinnslurnar. Þær afkasta meiru fyrir vikið og verða hagkvæmari,“ bætir Stefán við.

„Það hefur margt gengið vel í uppbyggingu þorskstofnsins en þó er eitt sem vantar,“ segir Stefán. „og það er að það hafa engir stórir árgangar komið fram eins og áður gerðist þrátt fyrir stærri hrygningarstofn. Ástæða þess er ekki þekkt.“

Kvótakerfið er umhverfisvænt

Alkunna er að olíunotkun íslensks sjávarútvegs hefur dregist saman um 45% frá 1990–2017. Þetta hefur gerst á sama tíma og losun í fiskveiðum heimsins hefur aukist um 28% frá 1990–2011. Það sem skýrir þetta segir Stefán að „með kvótakerfinu var sókn takmörkuð og fyrirtækin neyddust til að fækka skipum og sameina afluheimildir, með öðrum orðum að hagræða. Þannig lækkuðu þau kostnað og orðu arðbær. Stóri ávinningurinn var síðan að veiðistofn mikilvægustu tegundarinnar, þorskurinn, stækkaði mikið og auðveldara var að sækja þorskin. Með þessu



Dr. Stefán B. Gunnlaugsson, dósent við Háskólann á Akureyri.

mikla fiskirí og fækkun skipa minnkaði olíunotkun Íslendinga við veiðarnar. Þetta er algjör bylting því afli á sóknareiningu hefur aukist mikið. Við förum niður en heimurinn upp. Til þess að minnka losun í heiminum þarf að gera tvennt í fiskveiðum, að taka upp kvótakerfi og byggja upp fiskistofna. Allir umhverfisverndarsinnar ættu því að styðja íslenska kvótakerfið!“ sagði Stefán að lokum.

Það á allt eftir að skýrast og þróast, en væntanlega verður um blöndu af mismunandi lausnum að ræða.“

Í vegvísunum er fjallað um fjárfestingarhvata sem hvetja fyrirtæki til fjárfestinga í orkuskiptum. Um þá segir Eggert:

„Margar af þeim fjárfestingum, sem þarf að ráðast í, geta verið dýrar og auk þess áhættusamar þannig að út frá arðsemisjónarmiðum fyrirtækja verða þær ekki réttlætanager. Hér þarf því að horfa til hvata og samstarfs milli sjávarútvegs og stjórnvalda. Sjávarútvegurinn vill að sjálfsögðu leggja sitt af mörkum til að hægt verði að uppfylla þau markmið sem stjórnvöld hafa sett landinu. Eitt af því sem bent er á í vegvísunum er að gjöld, eins og kolefnisgjald sem lagt er á sjávarútveginn, verði nýtt til stuðnings við orkuskiptin og þróun grænna lausna. Það getur verið ljómandi fjárfesting fyrir samfélagið. Oft getur þetta verið eins og hænna og egg. Það þarf að koma lausnum í viðtæka notkun til þess að gera þær viðráðanager, en kostnaður og áhætta í byrjun geta verið ófyrirstíganleg. Það getur verið erfitt að réttlæta fjárfestingarnar til skamms tíma en til langs tíma fela þær í sér mikinn ábata fyrir samfélagið.“

Lög, reglugerðir og skattlagning mega ekki þvælast fyrir

Stjórnvöld setja lög og reglur, m.a. um stærð skipa, veiðisvæði og fleira auk þess að leggja á skatta. Í vegvísunum er bent á að lög og regluverk stjórnvalda megi ekki hindra orkusparnað og framþróun. Í núgildandi lögum er hins vegar að finna ákvæði sem koma í veg fyrir að sparneytnustu leiðir séu farnar í hönnun skipa. Hvernig sér Eggert fyrir sér að leysa úr þeim málum?

„Við vitum að stjórnvöldum er alvara í því að minnka útblástur gróðurhúsalofttegunda. Það er afar mikilvægt að það fari fram samtal sjávarútvegsins og stjórnvalda um þessi mál. Starfsfólk í sjávarútvegi og tengdum greinum hefur mikla þekkingu á greininni sjálfri og tækninni, sem nýta þarf við setningu laga og reglugerða. Það er því algerlega augljóst í mínum huga að samstarf og samtal stjórnvalda og sjávarútvegsins

er lykilatriði í því að losa um og fella niður lög og reglugerðir sem hindra vegferð okkar í átt að minni kolefnisútbæstri.“

En það eru ekki bara að lög og reglugerðir þvælast fyrir. Skattar hafa nefnilega áhrif líka. Það var þannig að þegar Vinnslustöðin hf. lét byggja Breka VE þá var aðalforsenda nýsmíðinnar olíusparnaður upp á 150 milljónir króna á ári vegna stærri, hæggengari og hagkvæmari skrófu. Af þessum 150 milljónum sparnaði fer 33% í herra veiðigjald á greinina, eða 50 milljónir króna. Skattar hafa einfaldlega áhrif á hegðun fyrirtækjanna. Hverju svarar Eggert þessu?

„Þetta eru hlutir sem þarf að taka á. Vegvísirinn er byrjun á löngu ferðalagi og til að hefja umræðu. Um slík sértæk dæmi var ekki fjallað í vinnunni. En það má segja stjórnvöldum til hross að þau eru einlæg í ásetningu sínum um græna framtíð. Þau hafa lýst sig reiðubúin til að ryðja úr vegi sköttum, lögum og reglugerðum sem leiða til neikvæðra hvata og hindrunum af þeim toga sem þú ert að lýsa þarna. Hér reynir á samstarf og samtal eins og ég hef áður nefnt. Það mega ekki vera til „lata“ í kerfinu sem letja fólk og fyrirtæki til nauðsynlegra framfara í baráttunni við hlýnun jarðar og skynsamlega umhverfisvernd.“

Óvissa um stjórn fiskveiða

En er óvissa og sífelld umræða um stjórn fiskveiða ekki einn af þessum lötum í kerfinu? Hún skapar óvissu og letur fyrirtæki í sjávarútvegi til fjárfestinga, þar á meðal þeirra sem leiða til minnkunar á útblæstri gróðurhúsalofttegunda. Hvernig sér Eggert þetta fyrir sér:

„Aðalatriðið er að rekstrarumhverfið sé þannig úr garði gert að eðlilegir hvarar stýri þróuninni í rétta átt. Rekstrarleg hagkvæmni og umhverfisvitund geta og eiga að fara saman. Samstarf sjávarútvegsins og stjórnvalda er því lykilinn að árangri hér sem víðar,“ sagði Eggert að lokum.

Höfundur:

Sigurður B Kristgeirsson,
búfræðingur og framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar hf. í Vestmannaeyjum.

Lifraen hreinsun skólps

ANAEROBIX HREINSIVIRKI
með síu yfir 90% hreinsun



- Verð frá: 250.000 m/vsk.
- Stærðir 3-600 persónueiningar
- Ekkert rafmagn
- Meira en 2ja þrepa hreinsun

ONE2CLEAN HREINSISTÖÐ
allt að 99% hreinsun



- Verð frá 510.000 m/vsk.
- Stærðir 3-1500 persónueiningar
- Rafraen vöktun (valkvæmt)
- Getur hreinsað eColi allt að 99,9%

- Þægilegar í uppsetningu og lítið viðhald
- Fyrir sumarhús, heilsárhús, hótél o.fl.
- Engar siturlagnir – fyrirferðarlítill
- Mikið pláss fyrir seyru
- CE vottað
- Uppfylla kröfur til hreinsunar á viðkvæmum svæðum t.d við Þingvallavatn

INNIFALIÐ Í VERÐI

- Afhending á verkstað innan 100km frá Reykjavík
- Drengöng með gátlúgu sem tryggja að vökví komist óhindrað út í jarðveg



HVAMMSHÓLAR



SIGURÐUR VIGGÓ HALLDÓRSSON PÍPULAGNINGAMEISTARI ☎ +354 660 4085 ✉ SIGGI@HVAMMSHOLAR.IS

Bændablaðið

...með puttann á púlsi
matvælaframleiðslugreina

Kemur næst út

22. júlí

Smáauglýsingar

56-30-300

Hafa áhrif um land allt!

Lely Center Ísland



Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

RÚÐUR Í DRÁTTARVÉLAR

FRÁBÆR VERÐ

John Deere Ford
Zetor Fiat
Case IH New Holland
McCormick Deutz-Fahr
Steyr Massey Ferguson
Claas



ALLAR STÆRÐIR AF AJ RAFSTÖÐVUM

Opnar stöðvar | Stöðvar í húsi

Stöðvar í gám | Aukabúnaður eins og sjálfvirkur
skiptirofi og fleira | Öflug og góð þjónusta



Gerðu kröfur - hafðu samband við Karl
í síma 590 5125 og kynntu þér þína möguleika.

KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / KLETTAGARÐAR 8-10
104 REYKJAVÍK / 590 5100 / klettur.is

KLETTUR

LANDSJÁ

OECD-forsendur í hvergilandi

Sagt er að sá merki stjórnmálamaður Lúðvík Józsefsson hafi stundum tekið þannig til orða að alltaf mætti fá einhverja til þess að reikna, en mestu skipti þó alltaf út frá hvaða forsendum væri reiknað. Engu skipti hvort rétt væri reiknað ef forsendurnar fyrir útreikningunum væru rangar.

Fjármálaráðherrar Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu, OECD-landanna svokölluðu, tóku upp reiknistokkinn um miðjan níunda áratuginn og hefðu ekki fengið háa einkunn hjá Lúðvík.

Á þeim árum var viðvarandi offramleiðsla á landbúnaðarvörum um allan heim, verðbólga og hagvaxtarkreppa. Reagan og Thatcher gáfu tóninn í efnahagsmálum og sú forsenda var gefin að nýfrjálshyggja skyldi ráða ríkjum og slá á slóðaskapinn. Stofnunin bjó til skapalón til að máta löndin við. Það skapalón samanstóð af hvergilandi úr hagfræðikennslubók. Í því landi eru engin inngríp, markaðir eru svokallaðir samkeppnismarkaðir þar sem allir hafa jafn miklar upplýsingar og sjá inn í framtíðina af fullkominni nákvæmni og svo framvegis. Land sem ekki er til. Öll frávik frá fríverslun eru óeðlileg inngríp inn í alvitra hegðan markaðarins. Sú niðurstaða fékkst í upphafi með skilgreiningu – tæknilegu rothöggi í umræðuna.

Niðurstaðan er alltaf hin sama

Ár hvert er gefið út mikið rit af OECD. Það rit fer yfir landbúnaðarkerfi 55 landa, sem saman framleiða megnið af landbúnaðarvörum í heiminum. Niðurstaða þessa rits er alltaf hin sama. Löndin gera ekki nóg til þess að auka frelsi í viðskiptum með landbúnaðarvörur og ekki nóg til þess að draga úr styrkjum sem hrófla við gangverki markaðarins. Reiknimeistarar OECD komast að því að öll lönd, nema helst Indland, Víetnam og Nýja-Sjáland, styðji sinn landbúnað á einn eða annan hátt. En Indland og Víetnam halda verði á helstu korntegundum undir heimsmarkaðsverði til þess að fátækt fólk geti fengið nauðþurftir.

Ísland fer ekki varhluta af þessari skýrslu. OECD telur að stuðningur við landbúnað á Íslandi sé meiri en víða annars staðar. Hamrað er á þessu þótt þróunin sé reyndar sú að dregið hefur gríðarlega mikið úr stuðningi síðustu 30 árin. Auk þess má ekki gleyma að áður fór opinbert fé í rannsóknir og þekkingaryfirferlu í landbúnaði sem núna fer í eftirlitsstofnanir af ýmsu tagi.

Verðlag hér er hærra en í ESB

OECD kemst að niðurstöðu sinni varðandi Ísland fyrst og fremst



Kári Gautason.

vegna þess að stofnunin ber saman verð á ýmsum kjöttegundum annars vegar og svo hins vegar reiknimjólki við þau verð sem íslenskir bændur fá fyrir sínar afurðir. Hér þarf að taka fram að það eru engin viðskipti með hrá mjólk yfir landamæri og því er búin til reiknimjólk úr dufti, smjöri og osti. Ályktun OECD er sú að hér á landi sé verð hærra en þetta svokallaða raunverulega verð og mismuninn greiði neytendur í styrki til bænda. Þetta er í sjálfu sér ekki röng niðurstaða, það er að segja að hér sé verð á matvælum hærra en meðaltal í Evrópusambandinu. En það er bara lítið framhjá því að verðlag á öllu öðru en fiski er einnig hærra hér á landi heldur en í löndum ESB.

Sennilega myndi niðurstaða sambærilegrar greiningar fyrir aðrar tegundir varnings leiða til þeirrar ályktunar að verulegur stuðningur væri frá almenningi til innflytjenda matvæla sem ekki eru framleidd hér á landi og bera enga tolla. Það tel ég ekki endilega vera vitlaust en það er samt sem áður ákaflega einfaldningsleg greining.

Á Íslandi er allt dýrt

Ísland er blessunarlega hástökkvart í efnahagsmálum. Þegar afi minn fæddist í torfbæ árið 1930 var verðmætasköpun Íslands á svipuðu róli og á Flábeisströndinni í dag. Nú er hér allt dýrt miðað við önnur lönd, ef frá eru talin lönd eins og Sviss og Noregur. Það blasir því við að ef íslenskir bændur eiga að búa í sama efnahagslega raunveruleika og almenningur á Íslandi þarf afurðaverð að vera hærra heldur en að meðaltali í ESB. Sumum þykir þetta ósanngjart og vilja að bændur á Íslandi keppi við bændur á Evrópumarkaði eins og þeir búi í hvergilandi en ekki á Íslandi.

Fjármálaráðherrar og efnahagssérfræðingar OECD ættu sem fyrst að endurskoða úrehtar forsendar útreikninga sinna og horfa almennt en ekki sértækt á matvælaverð í samamburði milli landa og reikna út frá sambærilegum kaupmætti.

Kári Gautason
sérfræðingur hjá BÍ.

Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá

Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma 510-3500 og 615-1020 eða á netfangið bjorgvin@eignatorg.is



Skipholt 50b, 105 Reykjavík

FRÉTTIR

Heilsuleikskólinn Álfasteinn í Hörgársveit: Tvisvar sinnum stækkaður á tveimur árum



Börnin á Heilsuleikskólanum Álfasteini í Hörgársveit sungu við raust þegar því var fagnað að ný viðbygging var tekin í notkun.

Myndir / MÞP

Ný 110 fermetra deild var fyrr á árinu tekin í notkun á Heilsuleikskólanum Álfasteini í Hörgársveit. Þetta er þriðja viðbyggingin við leikskólann frá því hann var tekin í notkun árið 1995.

Fyrir 5 árum voru 25 börn í leikskólanum og var hann þá um 175 fermetrar að stærð. Nú eru börnin 58 talsins og fermetrarnir orðnir nær 400. Fjölgun barna á leikskólanum er í takt við fjölgun íbúa í sveitarfélaginu, en þeir nálgast nú óðfluga að verða 700.

Nýja viðbyggingin var opnuð upp úr miðjum mars en þá voru aðstæður með þeim hætti í samfélaginu að fögnuðurinn var á lágstemmdum nótum. Nú hefur birt til og ástæða þótti til að bjóða foreldrum, forráðamönnum og öðrum íbúum að gera sér glaðan dag og skoða þá glæsilegu aðstöðu sem boðið er upp á á Álfasteini. Starfsfólk leikskólans er ekki í vafa um að Álfasteinn sé í hópi flottustu og best búnu leikskóla landsins og er stolt af því. Nú starfa 18 manns í leikskólanum.

Samkomusalur með klifurvegg

Fyrir tveimur árum var leikskólinn



Í nýbyggingunni er samkomusalur og þar er líka klifurveggur sem nýtur vinsælda meðal barnanna.

stækkaður um 110 fermetra, m.a. bætt við einni deild og starfsmannaaðstöðu. Nú var aftur stækkað um 110 fermetra og einnig bætt við nýri deild sem og rúmgóðum sal þar sem er að finna svið til að nota við samkomur í skólanum og þar er einnig klifurveggur sem börnin hafa gaman af að spreyta sig við.

Álfasteinn er heilsuleikskóli, hann er staðsettur rétt norðan við

sveitarfélagamörk Hörgársveitar og Akureyrar, stundur skammt ofan við Þjóðveginn umlukinn trjágróðri og sveitasælu. Nafnið er dregið af bóndabænum Dvergasteini sem er rétt norðan við Álfastein og einnig stórum steini sem er á leikskólalóðinni, en hann kom upp úr grunninum þegar leikskólinn var byggður.

Læra að bera virðingu fyrir náttúrunni

Einkunnarorð heilsuleikskólans Álfasteins eru „Með sól í hjarta“ og er unnið eftir hugmyndafræði Heilsustefnunnar og jákvæða aga auk þess að gera verkefni tengd Grænafána Landverndar. Leitast er við í daglegu starfi að börnin læri að bera virðingu fyrir náttúrunni og njóta hennar. Mörg barnanna búa á sveitabæjum og eða í nágrenni við náttúruna og eru þeim oft tamastir leikir sem tengjast náttúrunni og því sem bændasamfélagið býður upp á. Á Álfasteini er áhersla lögð á að viðhalda íslenskum siðum og venjum jafnframt því að opna augu barnanna fyrir fjölbreytni og fjölbreytileika líffins. /MÞP



Borgfirskur flamenkó-gítarleikari og spænskir listamenn bjóða til veislu

Þessa dagana eru spænskir flamenkó-listamenn að troða upp víða um land í samvinnu við borgfirsku gítarleikarann Reyni Hauksson. Þetta er í þriðja sinn sem sýningarnar „Flamenkó á Íslandi“ eru haldnar á Íslandi en þar koma fram bæði íslenskir og spænskir listamenn.

Tilfnið er útgáfa fyrstu íslensku flamenkó-hljómplötunnar sem Reynir Hauksson gaf út í fyrra. Sýningarnar áttu að fara fram síðasta vor en vegna kórónuveirufársins þurfti að fresta þeim. Listamennirnir

eru því búnir að bíða lengi spenntir eftir tækifærinu til að koma fram.

Hljómsveitina skipa fjórir spænskir flamenkó-listamenn ásamt Reyni Haukssyni frá Hvanneyri. Listamennirnir munu einbeita sér að landsbyggðinni í ár þar sem þeir boða fagnaðarindið með flamenkósöng og dansi.

Sýningarnar fara fram á eftirtöldum stöðum:

Græna hattinum 1. júlí
Valhöll Eskifirði 2. júlí
Borgarfirði eystri 3. júlí

Gamla Bíó Reykjavík 8. júlí
Frystiklefanum Rífi 9. júlí
Hvanneyri Pub 10. júlí
Vestmannaeyjum 11. júlí

Hljómsveitina skipa:
Reynir del Norte - gítar
Jorge el Pisao - gítar
Jacób de Carmen - söngur
Paco Fernández - dans
Cheito - slagverk

Miðar eru aðgengilegir á [Tix.is](https://tix.is/is/event/11439/flamenco-a-islandi/).
<https://tix.is/is/event/11439/flamenco-a-islandi/>



Magðalena K. Jónsdóttir (t.h.) að taka á móti viðurkenningunni frá Elínborgu Sigurðardóttur, formanni SSK. Mynd Pálína Magnúsdóttir

Samband sunnlenskra kvenna: Magðalena K. Jónsdóttir bóndi er Kvenfélagskona ársins 2020

Á nýliðnum 93. ársfundi Sambands sunnlenskra kvenna (SSK), sem var haldinn í Íþróttahúsi Þykkvabæjar í umsjón Kvenfélagsins Sigurvonar, var tilkynnt um val á Kvenfélagskonu ársins 2020.

Þann heiður hlaut Magðalena K. Jónsdóttir, kvenfélagskona í kvenfélaginu Fjallkonu undir Austur-Eyjafjöllum.

Magðalena er jafnframt bóndi á bænum Drangshlíðardal. Hún er svo sannarlega vel að þessari viðurkenningu komin enda hefur hún starfað ötulllega með kvenfélagi

sínu í áráraðir og einnig fyrir SSK og Kvenfélagsamband Íslands.

Gegn fíkniefnaneyslu barna

Á ársþinginu samþykktu kvenfélagskonur einnig eftirfarandi ályktun:

„Ársfundur Sambands sunnlenskra kvenna, haldinn í Þykkvabæ 5. júní 2021, skorar á hæstvartan barnamálaráðherra, Ásmund Einar Daðason, að setja af stað landsátak gegn fíkniefnaneyslu barna og ungmenna sem og forvarnafræðslu til foreldra og forráðamanna strax.“ /MHH

VANTAR ÞIG HEYRNARTÆKI?

Nýju **MORE** heyrnartækin eru þjálfuð til að þekja hljóð. Innbyggt djúptauganet skilar einstaklega nákvæmri hljóðvinnslu og skýrum hljómgæðum.

Í júlí bjóðum við upp á heyrnarmælingar og ráðgjöf á:
Akureyri, Egilsstöðum, Húsvík, Ísafirði, Selfoss og Vestmannaeyjum.



Tímabókanir í síma **568 6880**

Heyrnartækni | 20 ára

Glæsibæ | Reykjavík | Landsbyggðabjónusta | Heyrnartaekni.is | 568 6880


FJÓSAINNRÉTTINGAR



DSD fjósainnréttingar sem framleiddar eru í Hollandi eru sérsmíðaðar fyrir íslenskar kýr og hafa þegar sannað gildi sitt í íslenskum fjósum.

Innréttingarnar eru hannaðar og prófaðar eftir ströngustu gæðakröfum og miða að velferð bæði dýra og manna. Áralöng reynsla hefur leitt af sér innréttingakerfi sem auðvelt er að aðlaga nánast öllum þörfum nútímafjósa.

Hafðu samband:
bondi@byko.is



byko.is

BYKO

GERUM PETTA SAMAN

Lely Center Ísland



EURO - TRIMA - ALÓ
Ásuðufestingar

Reykjavík: Krókháls 5F - Sími 414 0000 - www.lci.is
Akureyri: Óðinsnes 2 - Sími 464 8600

E.FINNSSON

Nýtt!



NÝ
UPPSKRIFT

FRÉTTASKÝRING

Sala uppruna-, eða aflátsbréfa, skila sér enn inn í upprunabókhaldi raforku hjá Orkustofnun:

Íslendingar sagðir hafa losað 7,2 milljónir tonna af CO₂ á síðasta ári vegna raforkuframleiðslu

— Einnig erum við sögð skilja eftir okkur 20.660 tonn af geislavirkum úrgangi en allt er það samt utan sviga í loftslagsumræðunni

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is



Orkustofnun hefur enn á ný uppfært gögn sín um uppruna raforku sem hér er framleidd með vatnsorku og jarðhita. Þessi orka sem á að heita í það minnsta 99,98% endurnýjanleg, er það ekki, allavega á pappírnum. Það er vegna sölu íslenskra orkufyrirtækja á aflátsbréfum (upprunaábyrgðum) m.a. til mengandi orkufyrirtækja og iðnaðar í Evrópu.

Til að fyrirtæki sem kaupa upprunaábyrgðir frá Íslandi geti sagst nota hreina orku verðum við Íslendingar að skrifa inn í okkar upprunabókhald um raforku, að hreina orkan sé að mestu framleidd með kolum, olíu, gasi og kjarnorku. Það er samt bara í plati því að samkvæmt Evróputilskipunum þarf ekki einu sinni að ræða það á virðulegum fundum um loftslagsmál, hvaðan sú mengun kom upphaflega eða hvert hún fer í raunveruleikanum.

87% raforka á Íslandi sögð framleidd með jarðefnaeldsneyti og kjarnorku


Samkvæmt nýjustu tölum Orkustofnunar var uppruni raforku sem framleidd er á Íslandi á árinu 2020 sá að 57% orkunnar var framleidd með jarðefnaeldsneyti. Þá var 30% raforkunnar framleidd með kjarnorku, en aðeins 13% með vatnsafli og jarðhita. Hlutfallsleg sala aflátsbréfa í fyrra var greinilega heldur minni en árið 2019 sem stafar líklega af Covid-19. Þá var hlutfall jarðefnaeldsneytis í skráðum uppruna orku á Íslandi 57%, en kjarnorku 34% og því var uppruni hreinnar orku þá sagður nema 9%.

Um 7,2 milljónir tonna af koldíoxíði og 20.660 tonna af geislavirkum úrgangi

Samkvæmt tölum Orkustofnunar er afleiðing af sölu aflátsbréfa sá að á síðasta ári höfum við Íslendingar verið að losa (á pappírnum) 377,91 gramm af koldíoxíði fyrir hverja einustu framleidda kílóvattstund af raforku. Þá vorum við líka að losa 1,08 grömm af geislavirkum úrgangi á hverja einustu kílóvattstund af framleiddri raforku.

Á Íslandi voru framleiddar 19.130 gígavattstundir (GWh) af raforku á árinu 2020 með endurnýjanlegum


Uppruni raforku á Íslandi 2020



Heimild: Orkustofnun

Bændablaðið / HKr.

Skipting endurnýjanlegrar raforkuframleiðslu á Íslandi 2020



Heimild: Orkustofnun

Bændablaðið / HKr.

orkugjöfum og 3 GWh með jarðefnaeldsneyti. Það samsvarar 19.130.000 megavattstundum eða 19.130.000.000 (19,1 milljarði) kílóvattstunda af grænni orku. Vegna seldu upprunavottorðanna segja tölur Orkustofnunar að Íslendingar hafi verið að losa 377,91 g/kWh x 19.130.000.000 kWh, eða 7,2 milljónir tonna af koldíoxíði á síðasta ári. Einnig að við höfum losað 1,08 g/kWh af geislavirkum úrgangi vegna okkar „hreinu“ raforkuframleiðslu, eða í heild 20.660 tonn.

Reynt að klóra yfir augljósa blekkingu

Til að breiða yfir þennan fátíðleika, þá er af Orkustofnun, jafnhliða þessari skráningu, gefin út sértæk yfirlýsing ár hvert um að þrátt fyrir að við tökum að okkur að skrá losun sem fram fer í öðrum löndum, þá sé raforkan á Íslandi samt að stærstum hluta framleidd með vatnsorku og jarðhita. Það getur varla þýtt annað en að verið sé að blekkja neytendur þeirra fyrirtækja sem kaupa

upprunaábyrgðirnar og segja þeim að þau fyrirtæki noti hreina orku frá Íslandi sem sannarlega er alls ekki raunin. Þetta hafa kaupendur upprunavottorða staðfest m.a. hér í Bændablaðinu.

Samkvæmt tilskipun frá ESB

Þessi leikur er stundaður með vísan í reglugerð nr. 757/201. Með lögum nr. 30/2008 með síðari breytingum, var innleitt ákvæði tilskipunar nr. 2009/28/EB um útgáfu upprunaábyrgða vegna raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum. Þá segir orðrétt í yfirlýsingunni:

„Þegar upprunaábyrgðir vegna framleiðslu á endurnýjanlegri orku eru seldar frá Íslandi til Evrópu, þarf við framsetningu gagna vegna raforkusölu á Íslandi að taka inn í útreikninga hér á landi samsvarandi magn af raforku sem seld er í Evrópu. Í íslenskum gögnum koma þess vegna fram orkugjafir sem annars eru ekki notaðir til orkuframleiðslu



Upprunavottorð sem belgíska fyrirtækið Bolt gaf út vegna endursölu á íslenskum upprunaábyrgðum til sinna viðskiptavina. Fyrirtækið sérhæfir sig í endurnýjanlegri orku.



Þann 7. ágúst 2020 skilaði Koen Kijartan Van de Putte, fulltrúi fyrirtækisins Bolt í Belgíu, 1.000 upprunaábyrgðum til Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra með hvatningu um að Íslendingar hættu að selja upprunaábyrgðir. Þessar upprunavottanir samsvöruðu 1.000 megavattstundum af raforku sem ranglega voru sagðar keyptar frá Íslandi.

Hættið að selja upprunaábyrgðir!

Í yfirlýsingu frá belgíska orkusölufyrirtækinu Bolt sem send var út þegar upprunavottorðunum þúsund var skilað til Íslands segir m.a.:

„Hættið að selja upprunaábyrgðir. Þær halda aftur af framleiðslu grænnar orku í Belgíu!

Íslendingar vita að allt þeirra rafmagn er grænt. Belgískir neytendur sem kaupa rafmagn tengt grænum íslenskum upprunaábyrgðum telja ranglega að rafmagn þeirra sé líka sannarlega grænt. Staðreyndin er að það er bara hægt að framleiða og nota græna orku einu sinni, rétt eins og maður notar ekki sömu krónuna tvisvar. Þessi tvöfeldni er ekki grænum orkuskiptum í Evrópu til góða,“ segir Pieterjan Verhaeghen, stofnandi og forstjóri Bolt. Síðan segir í yfirlýsingunni:

Nota ábyrgðarbréfin til grænþvottar á sölusamningum

„Á Íslandi er öll orka framleidd með endurnýjanlegum hætti. Íslenskir orkuframleiðendur fá „upprunaábyrgðir“ sem þeir svo selja belgískum framleiðendum óhreinna orku. Þeir aftur nota ábyrgðarbréfin til grænþvottar á sölusamningum sínum. Þannig telja bæði Íslendingar og Belgar að orkan sem þeir nota sé græn. En það er vitanlega ómögulegt, kílóvattstundin verður bara notuð einu sinni. Hin kílóvattstundin er óhrein. Umskiptin yfir í græna orku er eitt mikilvægasta verkefni okkar tíma. Þau styðja baráttuna gegn loftslagsbreytingum og varðveislu jarðar. Þetta er sameinað átak sem kallar á samstarf bæði fólks og landa, í þágu okkar allra.“

hér á landi en eru notaðir í Evrópu. Með þessu móti er komið í veg fyrir tvítalningu á upprunaábyrgðum.“

Síðan segir í niðurlagi yfirlýsingarinnar:

„Samkvæmt tilskipun 2009/28/EB er losun koldíoxíðs ekki meðalinn við útreikning á magni losunarefna vegna raforku framleiddar með vatnsorku eða jarðvarma. Þar sem framleiðsla á raforku

með jarðefnaeldsneyti er aðeins 0,02% af heildarframleiðslu er losun koldíoxíðs ekki mælanleg í íslenski raforkuframleiðslu. Losun koldíoxíðs og geislavirks úrgangs er því eingöngu sett fram vegna uppruna raforku, að teknu tilliti til seldra upprunaábyrgða.“

Þetta segir að losun vegna sölu upprunavottorða sé því utan sviga í loftslagsumræðunni, þó mengun frá raforkuframleiðslu með kolum,

Raforkuframleiðsla á Íslandi 2020

Endurnýjanleg raforka [RES]	GWh	Hlutfall
Vatnsorka	13.160	
Jarðvarmi	5.961	
Vindorka	7	
Samtals	19.127	99,98%
Jarðefnaeldsneyti [Fossil]		
Jarðefnaeldsneyti	3	0,02%
Alls	19.130	100%

Samkvæmt nýjustu gögnum Orkustofnunar í júní 2021.

Raforkuframleiðslan á Íslandi eftir orkugjöfum 2020



Heimild: Orkustofnun

Bændablaðið / HKr.



Greinilega var mun meira lagt í útlit aflátsbréfa sem gefin voru út af páfanum í Róm en sambærilegum bréfum íslenskra orkuframleiðenda. Þetta bréf er frá því um 1430. Fyrsta prentaða skjalið úr prentsmiðju Gutenbergs í Þýskalandi á fimmtánda öld var einmitt aflátsbréf.

olíu, gasi og kjarnorku sé flutt á pappírnum yfir á hreina íslenska raforku. Mengunin er sem sagt ekki til og hverfur, líkt og syndimar forðum, við það eitt að menn kaupir sér aflátspappíra sem að þessu sinni eru gefnir út á Íslandi en ekki af páfanum í Róm.

Ósannindi fegruð með finum pappírnum

Upprunaábyrgðir voru samkvæmt upplýsingum Orkustofnunar og Samorku teknar upp til að sporna við hlýnun jarðar í samræmi við alþjóðlega sáttmála. Upprunaábyrgðir eru því sagðar búnar til svo framleiðendur grænnar orku fái hærra verð fyrir hana. Það eigi svo að leiða til að meira verði framleitt af grænni orku.

Án upprunaábyrgðar telst rafmagnnið vera úr sameiginlegum orkupotti Evrópu með allri sinni kola-. Olíu-, gas- og kjarnorkuframleiðslu. Fyrirtæki sem segjast ekki fá orku úr þessum sameiginlega potti, heldur hreina orku frá Íslandi, kaupa sér pappíra sem eiga að sanna slík fyrir þeirra neytendum. Hvað sem menn vilja kalla það, þá er það einfaldlega ósatt. Það hefur ekki verið til þessa og er enn samkvæmt bestu heimildum, ekki flutt eitt einasta kílóvatt af hreinni raforku frá Íslandi.

Keyptu sig frá hreinsunareldinum með aflátsbréfum páfa

Það er alls engin fjarstæða að líkja upprunaábyrgðum á raforku á Íslandi við sölu páfana í Róm á aflátsbréfum á árunum upp úr 1500. Aflátsbréf voru vottorð sem sölumenn páfa seldu þá til að fjármagna framkvæmdir í Róm. Aflátsbréf áttu að tryggja þeim sem keypti, afslátt frá hreinsunareldi eftir dauða. Fyrsta prentaða skjalið úr prentsmiðju Gutenbergs var aflátsbréf.

Gagnrýni á sölu aflátsbréfa var lykilatriði í siðbótahreyfingum. Algengt er að miða upphaf siðbótahreyfingarinnar við mótmæli Marteins Lúthers við sölu aflátsbréfa kirkjunnar. Þessi bréf voru seld um alla Evrópu til að fjármagna endurbyggingu Péturskirkjunnar í Róm sem hófst árið 1506 og lauk árið 1626. Sala slíkra aflátsbréfa hófst í Þýskalandi árið 1516 og það var munkurinn Jóhannes Tetzel sem sá um sölu þeirra.

Í þessu ljósi er líka afar sérkennilegt að Íslendingar, sem skiptu að mestu yfir í lútherstrú við siðaskiptin, en sú kirkjudeild er bakgrunnur íslensku þjóðkirkjunnar í dag, skuli nú vera að taka upp mörg hundruð ára gamlan og siðlausan blekkingaleik páfa. Sem auk þess var í algjörrri andstöðu við réttlætiskennandi Marteins Lúthers. Verndari Íslensku þjóðkirkjunnar er forseti Íslands. Þar með er



Páfinn sýndur sem Anti-Kristur við aflátsölu í riti Lúthers frá 1521



Viðarrista frá 1510 þar sem sala aflátsbréfa er sýnd sem ein af þremur ástæðum verðbólgu.



Samtímapmynd af aflátsalanum Jóhann Tezel sem seldi aflátsbréf í Þýskalandi af miklum móð frá árinu 1516.

embættið væntanlega að taka undir afstöðu Marteins Lúthers gegn páfa í sölu aflátsbréfa rómversk-kaþólsku kirkjunnar enda markaði sú andstaða upphafið af evangelísku-lúthersku kirkjunni.


Seld voru 18,6 milljónir grænna skírteina á síðasta ári

Mikil peningamaskína hefur verið búin til í sambandi við upprunaábyrgðakerfið sem á endanum skilar sér í herra orkuverði til neytenda. Framleiðendur raforku selja skírteini til notenda raforku annaðhvort beint eða á markaði. Framleiðendur geta flutt skírteini út og selt til erlendra notenda. Einnig geta innlendir notendur keypt erlend skírteini og flutt inn.

Landsnet sér um útgáfu „grænna skírteina“ á Íslandi. Hvert skírteini samsvarar 1 MWh. Á árinu 2012 voru þessi skírteini rúmlega 5,8 milljónir talsins. Flest voru þau árið 2017 eða rúmlega 20 milljónir. Á árinu 2020 voru þau tæplega 18,6



Marteinn Lúther 46 ára gamall, myndin var máluð af Lucas Cranach eldri árið 1529.



Marteinn Lúther negldi táknrænt skjal á dyr kirkjunnar í Wittenberg, þar sem hann setti fram í 95 greinum kenningar sínar um kristna trú og leiðir til þess að endurbæta hana, þá sér í lagi með tilliti til sölu á syndaaflausn. Með þessum gjörningi kom hann af stað Mótmælandahreyfingunni innan rómversk-kaþólsku kirkjunnar sem þróaðist loks í evangelísku-lúthersku kirkjuna.

sem nam 14.060.496 MWh, en flutt inn, eða keypt til baka, skírteini sem nam 80.951 MWh.

Til að virkjun geti fengið útgefin skírteini vegna framleiðslu sinnar þarf hún að standast vottun um að raforkuframleiðslan sé græn. Vottunin er framkvæmd af Landsneti og kostar 50.000 krónur.

Í ljósi þessa hlýtur að vera eðlilegt að fólk velti fyrir sér hvort siðferðilega sé í lagi að beita vísitandi blekkingum við sölu á vörum eins og upprunaábyrgðum á raforku.

Vetnisvæðing úti í heimi gæti kallað á stóruakna orkuframleiðslu á Íslandi

Landsvirkjun hefur haft það á sinni stefnuskrá í mörg ár að Ísland verði tengt við Evrópu með rafstreng.

Mikil andstaða hefur verið við slíka hráefnasölu úr landi á þeim forsendum að hægt sé að ná mun meiri virðisauka út úr orkunni með því að framleiða úr henni vörur hér innanlands. Bent hefur verið á í því samhengi að þjóðir sem stunda einungis hráefnis-útflytning sinna helstu auðlinda hafi aldrei farnast

sérlega vel í heimssögunni. Nú kann hins vegar að vera að skapast nýr veruleiki í þessu púsluspili.

Vegna þess kapphlaups sem nú er komið upp meðal þjóða heims um aukna vetnisvæðingu, sjá menn sér þar leik á borði að flytja orkuna einfaldlega út í forni vetnis. Væntanlega er það þó ekki fýsilegur kostur nema að það auki um leið virði raforkunnar sem nýtt yrði til slíkrar vetnisframleiðslu.

Hversu oft er hægt að selja sama hreinleikann?

Það sem ýtir undir þessa hugmynd er að Þjóðverjar horfa þegar fram á mikinn vanda vegna þeirrar stefnu að stórauka hlut „græns“ vetnis á orkumarkaði. Þeir geta ekki staðið við þau áform heima fyrir samkvæmt orðum sendiherra Þýskalands á Íslandi í grein í Bændablaðinu fyrir skömmu. Því hafa þeir m.a. biðlað til Íslendinga um að framleiða fyrir sig grænt vetni með hreinni íslensku orku. Hvernig Íslendingar ætla að fara að því, verandi búnir að selja hreinleikavottorð fyrir 80-90% raforkunnar, er vandséð, nema til komi stórfelld uppbygging vinds- eða vatnsfallsvirkjana. Þá er spurningin hversu grænt verði hægt að skilgreina vetnið sem framleitt yrði úr þeirri íslensku orku. Sér í lagi ef haldið verður áfram að menga það í opinberum gögnum með sölu aflátsbréfa m.a. sem skila okkur þýskum koltvísyringi og kjarnorkuúrgangi í stórum stíl. Nema erlendur orkusölusérfræðingur finnist bara allt í lagi að selja sama huglæga hreinleika mörgum sinnum.

VÍKURVAGNAR EHF.

MIKIÐ ÚRVAL KERRUVARAHLUTA

RAF MAGNSBÚNAÐUR

BREMSUR

BEISLI


DEKK

LJÓS

LED LJÓS

STYRKUR, ÞJÓNUSTA OG ÁREIDANLEIKI

Vikurvagnar ehf. – Hyrjarhöfði 8. – 110 Reykjavík
Sími 577-1090 – www.vikurvagnar.is – sala@vikurvagnar.is



Vísindamenn við Háskólann í Leicester endurskapa tækni úr matvælaíðnaði og lækningum til endurvinnslu á bílaraflöðum:

Ný endurvinnslutækni er sögð 100 sinnum fljótlegri og vistvænni en eldri aðferðir

Vísindamenn við Háskólann í Leicester hafa þróað nýja og snjalla aðferð til að endurvinna rafhlöður rafknúinna ökutækja með nýrri nálgun sem margir hafa kynnst í tannlæknastólum.

Það voru vísindamenn Faraday stofnunarinnar sem unnu að verkefni um endurvinnslu líþíumjónaraflöðu (ReLiB) undir forystu Andy Abbott, prófessors við Háskólann í Leicester, sem uppgötvuðu þessa nýju en samt þrautreyndu aðferð.

Tæknin felur í sér að nýta hljóðbylgjur, til að aðskilja dýrmæt efni frá rafskautum svo að hægt er að endurheimta efnið að fullu úr rafhlöðum að loknum líftíma þeirra. Greint var frá þessu á vefsíðu Science Daily 29. júní síðastliðinn.

Núverandi endurvinnsluaðferðir við endurnýtingu lítumjónaða rafhlöðu væri að setja venjulega rafgeyma í tættara eða í háhitaofn. Síðan er þörf á flöknu eðlis- og efnafræðilegu ferli til að ná úr þessu nothæf efni. Þessar endurvinnsluleiðir eru orkufrekar og óhagkvæmar.

Sýnt hefur verið fram á að með nýju aðferð vísindamann í Leicester-háskóla er hægt að endurheimta um 80% af því líþíum sem var í upprunalegu rafhlöðunum og í hreina ástandi en mögulegt er með eldri aðferðum.



Háskólinn í Leicester.



Mjög dýrt og kostnaðarsamt hefur verið að endurvinna dýru málmefnin sem er að finna í bílaraflöðum. Þá er það líka mjög orkufrekt og óvistvænt. Ný tækni vísindamanna við Leicester-háskóla kann að gjörbreyta stöðunni og mögulega einnig á viðhorfum fólks til líþíum-lon rafhlöðanna.

Vandinn snerist um að aðskilja dýrmæt efni

Áskorun vísindamanna snerist

um hvernig ætti að aðskilja mikilvæg efni svo sem líþíum, nikkell, mangan og kóbalt úr notuðum rafhlöðum á fljótlegan,



Tækni sem er vel þekkt við tannlækningar m.a. við hreinsun á tannsteini kann nú að reynast mikilvæg við endurvinnslu á bílaraflöðum.

hagkvæman og umhverfisvænan hátt. Hafa þeir dottið niður á nýja aðferð sem aðlagar tækni sem þegar er í mikilli notkun í matvælaíðnaðinum og m.a. í tannlækningum. Það er „Ultrasonic delamination“ tækni sem sprengir í raun virku efnið sem sóst er eftir úr rafskautunum og skilur eftir ál eða kopar. Ferlið hefur reynst mjög árangursríkt við að fjarlægja grafít og líþíum nikkell, mangan og kóbalt oxíð úr rafhlöðunum sem almennt er þekkt sem NMC. Rannsóknirnar hafa verið birtar í Green Chemistry og rannsóknarteymið undir forystu prófessors Abbott, sem hefur sótt um einkaleyfi á tækninni.

100 sinnum fljótlegri og vistvænni endurvinnsluaðferð

„Þessi nýja aðferð er 100 sinnum fljótlegri og vistvænni en

hefðbundin tækni til að endurvinna rafhlöður. Þá leiðir hún til meiri hreinleika endurheimta efna.

Það virkar í meginatriðum á sama hátt og afkökunartæki tannlæknis og brýtur niður límbönd milli húðarlagsins og undirlagsins.

Það er líklegt að upphafleg notkun þessarar tækni muni fæða endurunnið efni beint aftur í framleiðslu línunnar fyrir rafhlöður. Þetta er raunverulegt skref sem gjörbreytir endurvinnsluferli rafgeyma,“ segir Andy Abbott.

„Til að hámarka notagildi rafhlöðutækninnar og innleiðingu hennar í Bretland verðum við að horfa á allt ferlið, frá námuvinnslu mikilvægra efna til framleiðslu rafgeyma og endurvinnslu þeirra. Þannig verðum við að skapa hringrás í hagkerfi sem er bæði sjálfbær fyrir jörðina og arðbært fyrir iðnaðinn,“ segir Pam Thomas, prófessor og forstjóri Faraday stofnunarinnar.

„Rannsóknarhópurinn er í frumviðræðum við nokkra rafhlöðuframleiðendur og endurvinnslufyrirtæki um að setja upp tæknibúnað á þeirra iðnaðarsvæðum á yfirstandandi ári með það að markmiði að veita leyfi fyrir nýtingu tækninnar til lengri tíma. Rannsóknarteymið hefur prófað tæknina frekar á fjórum algengustu rafhlöðutegundunum og komist að því að hún skilar sömu afköstum í öllum tilvikum.“ /HK/

LÍF & STARF

Jákvæð áhrif og eiginleikar hamplöntunnar kynntar komandi kynslóðum:

Með föstudagspitsuna í bígerð

— Handverks- og sjálfbærnilotur Waldorfskólans Sólstafa

Félagarnir Johan Andersson og Gunnar Dan Wíium eru forsvarsmenn hampræktunar í Waldorfskólanum Sólstöfum í Reykjavík. Þar, í tengslum við sjálfbærnilotu skólans, hafa börnin í 6.–7. bekk fengið að fræðast um möguleika iðnaðarhamps og meðal annars fengið Loga Unnarsson Jónsson, meðstjórnanda Hampfélags Íslands í heimsókn.

Í kjölfarið forræktuðu nemendur hamplöntur og nú síðast í lok skólaársins gróðursett afraksturinn, alls 2.500 plöntur á lóð í Skammadal. Áætlað er að ekki síðar en í haust hafi plönturnar náð þeim þroska að eftir uppskeru sé hægt að vinna úr þeim hráefni til að steypa pitsuofn á skólalóðinni! Gaman er að segja frá því að hampeyja er umhverfisvæn á þann hátt að hún andar og kemur þannig í veg fyrir myglu, jafnframt því að vera bæði einangrandi og eldþolin.

Planta sem getur orðið allt að tveimur metrum að hæð

„Við fengum yrki sem heitir 'Erlina' frá Hampfélaginu, en það hentar mjög vel fyrir íslenskt loftslag. Plantan, sem getur orðið allt að tveimur metrum að hæð, er sérstaklega hugsuð til ræktunar fyrir stönglana – eða trefjarnar sem fást úr þeim. Hann Logi Unnarsson Jónsson heimsótti okkur í skólann fyrir nokkru og í kjölfarið kviknaði áhugi hjá okkur Johani, í hvað



Johan Andersson og Gunnar Dan Wíium, frumkvöðlar og ræktendur iðnaðarhamps í Skammadal. Myndir Magnea og Vigdís.

væri hægt að nýta plöntuna,“ segir Gunnar.

Hægt er að vinna „steypu“ úr hampinum


„Já, eða til dæmis hvernig plantan tengdist mat ... segir Johan brosandi, enda kokkur í skólanum og mikill áhugamaður um sjálfbærni.

Eitt af því sem Logi ræddi um og sýndi okkur var að hægt er að vinna „steypu“ úr hampinum, og þá kom hugmyndin að pitsuofni!“

„Nú, við höfðum verið að forrækta hampræ í skólanum, í sjálfbærnilotu með krökkunum í 6.–7. bekk, með það fyrir augum að gróðursetja afraksturinn uppi í Skammadal og nýta jurtina í eitthvað



Trefjar, tréni og hampeyja.



Hamplöntur binda meira kolefni og framleiða meira súrefni en nokkur planta, auk þess að hreinsa jarðveginn.

spennandi. Og þarna kom það! Pitsa alla föstudaga!

Í framhaldinu komumst við að því að það er til vél sem flakkar á milli hampbænda, en með henni er hægt að aðskilja trefjarnar frá tréinu. Steypan er svo búin til í hlutföllum 1-1-1, eða trefjar, vatn og kalkþörungur. Logi, sem er lærður byggingatæknifræðingur,

hafði gert tilraun með að bræða saman þessa blöndu sem myndaði steypuklump. Það var samt svo klinkað að halda á klumpinum sem vanalega myndi vega um 5 kg – en hann var kannski tæpt kíló,“ segir Gunnar.

„Reyndar gæti verið gott að blanda fjórða efninu við, einhverju bindiefni eins og þara eða mögulega kúaskít. Við áætluðum bara að taka eitt skref í einu með bjartsýnina að vopni,“ bætir Johan við. Þar sem nemendur skólans eru í reglulegum handverks- og sjálfbærnilotur sjá þeir Gunnar og Johan fyrir sér að hægt væri að virkja þá við smíði og hönnun pitsuofnsins.

„Við verðum með steypusökkul og steypum svo ofan á hann,“ segir Gunnar ákveðinn. Þælingin er, til þess að fá ofninn kúlulaga, að nota Pilatesbolta (sem væri mögulega hægt að nappa á skrifstofu skólans) og steypa utan um hann einhvern veginn. Það gæti verið handverkslota fyrir krakkana. Uppskeran væri þá ein handverkslota, að ná hráefninu úr plöntunni væri önnur, ein handverkslota mögulega notuð í að búa til steypuprúfur, svo ein í að búa til mótið ... þetta á eftir að koma í ljós.

Svo er það sem Logi ekki veit, að prufa hvort steypan þoli 3–400 gráða hita því það er það sem við þurfum svo við getum haft pitsu alla föstudaga,“ segja þeir félagar fullir sjálfstrausts, vitandi það að hamper er nýttjurt framtíðarinnar. /SP/

LÍF & STARF



Kassabílarallíð fer fram einhvern góðvörðsdaginn í ágúst á Akranesi.

Kassabílarallí á Akranesi

Síðustu helgina í ágúst verður keppt í kassabílarallí á Akranesi í fyrsta skiptið.

Dagurinn verður tileinkaður kassabílum og kassabílasmiði þar sem keppt verður í nokkrum þrautum og að sjálfsgöngu verða veitt verðlaun fyrir flottasta eða frumlegasta bílinn.

Allir eru að sjálfsgöngu velkomnir

að taka þátt hvar sem þeir eiga heima á landinu og ekkert kostar að vera með en væntanlegir þátttakendur eru beðnir að skrá sig fyrirfram í gegnum netfangið; kassabílarally@gmail.com.

Þau sem standa að deginum eru húsasmiðirnir Ole Jakob Volden, Helgi Björn Hjaltsted og Andrea Magnúsdóttir. /MHH

Endurbætur á Litla-Hrauni

Ríkisstjórnin hefur samþykkt að fara í miklar endurbætur og uppbyggingu í fangelsinu á Litla-Hrauni á Eyrarbakka að tillögu dómsmálaráðherra.

Að mati Framkvæmdasýslu ríkisins er kostnaður við nauðsynlegar endurbætur áætlaður um 1,6 milljarðar króna. Peningarnir verða meðal annars notaðir til að byggja upp öfluga heilbrigðis- og endurhæfingarpjónustu fyrir fangelsiskerfið í heild og einnig til að lagfæra aðstöðu, bæði fanga og fangavarda, á Hrauninu. Hinar ýmsu deildir fangelsisins verða aðskildar og aðbúnaður aðstandenda til heimsóknar endurbættur.

Litla-Hraun er stærsta fangelsi landsins og því eðlilegt að horfa til þess við uppbyggingu



Fangelsið á Litla-Hrauni við Eyrarbakka.

á öflugri heilbrigðis- og endurhæfingarpjónustu fyrir fangelsiskerfið. Lengi hefur legið fyrir að húsnæði og aðstaða er ófullnægjandi.

Með framkvæmdum þeim sem nú verður ráðist í er stefnt að því að vandamál fangelsisins verði færð í fullnægjandi horf. Framkvæmdunum á að vera fulllokið um mitt ár 2023. /MHH

Röggi ehf.

Þjónusta við iðnaðinn

Trésmíðavélar, sagarblöð, handfræsítunnur, fræsihausar, borar, viðgerðarefni, sporjárn, rennijárn, útskurðarhnífar, demantsblöð



Smiðshöfða 12 · 110 Reykjavík · sími 586 8000 · verslun@roggi.is · www.roggi.is

Pronar heyrinnutæki tilbúin til afhendingar strax

PRONAR

Sláttuvélar

Rakstrarvélar



PDT300



PDT340



PWP900



PDF300C



PDD830

Tætlur



PWP530



ZKP800



AFLVÉLAR

Hafðu samband og fáðu verðtilboð

Vesturhrauni 3 | 210 Garðabæ | Sími 480 0000 | aflvelar.is

Lely Center Ísland

Grammer sæti



Reykjavík Krókháls 5F – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Bændablaðið Auglýsingar 56-30-300

Dreift í 32 þúsund eintökum á yfir 420 dreifingarstaði og öll lögbýli á Íslandi

K7000 Ring 27cm
Sögunardýpt 27cm



DM400 kjarnaborvél
Hámark: 350mm



FS400 LV
Sögunardýpt 16,5cm



LF75 LAT
Jarðvegsþjappa
Þjöppuþyngd 97 kg
Plata 50x57cm



Steinsagarblöð
og kjarnaborar



Husqvarna K770
Sögunardýpt 12,5cm



MHG
VERSLUN

**Allt fyrir
atvinnumanninn**

Steinsagir – Kjarnaborvélar – Gólfsagir

MHG Verslun ehf / Vikurharfi 8 / 203 Kópavogi / S: 544-4656 / mhg.is

Husqvarna



Annríki í Hafnarfirði sérhæfir sig í öllu sem viðkemur íslenskum þjóðbúningum:

Fólk streymir á námskeið til að sauma sér langþráðan þjóðbúning

Annríki - Þjóðbúningar og skart ehf. er fyrirtæki í Hafnarfirði sem sérhæfir sig í öllu er viðkemur íslenskum þjóðbúningum. Það var stofnað 1. júní 2011 og er því 10 ára. Eigendur eru Guðrún Hildur Rosenkjær, klæðskera- og kjólameistari og sagnfræðingur, og Ásmundur Kristjánsson, vélvirki og gullsmíður. Þau sérhæfa sig í öllu sem viðkemur íslenskum þjóðbúningum og hafa menntað sig til að vera betur fær um að sinna því starfi.

Í dag reka þau saumastofu og sérhæfða verslun með efni og tillegg í búningana. Þau smíða líka þjóðbúningaskart og eiga stórt þjóðbúningasafn sem fólk getur komið og skoðað. Auk þess býður Annríki upp á fjölbreytt búninga- og handverksnámskeið, bæði í Annríki og víða um land, ásamt fyrirlestrum og fræðslu. Fyrirtækið er staðsett að Sudurgötu 73, Hafnarfirði. Guðrún Hildur, alltaf köllu Hildur, svaraði nokkrum lauflettum spurningum.

Þjóðbúningakennsla í 14 ár

– Hvað kom til að þið stofnuðuð fyrirtækið á sínum tíma?

„Eftir að ég hafði leiðbeint við þjóðbúningakennslu hjá Heimilisíðnaðarfélaginu í 14 ár og rekið Þjóðbúningastofuna frá 2001 var kominn tími til að taka ný skref. Með námi okkar beggja veittust tækifæri til rannsókna á sögu búninganna og þeirri þekkingu vildum við deila með fleirum. Með þeirri sérhæfingu sem við höfum nú hefur okkur tekist að vekja enn frekari áhuga fólks á þessum mikilvæga menningararfi,“ segir Hildur.

Landsbyggðin þakklát

– Hvernig hefur gengið í þessi 10 ár og hvernig hefur starfsemin vaxið frá ári til árs?

„Það má segja að fyrirtækið hafi frá upphafi vaxið og dafnað og aldrei skortur á verkefnum. Alger sprenging varð í námskeiðahaldinu strax frá upphafi og stöðugt fjölgar þeim sem vilja sauma sér búninga. Fólk á landsbyggðinni er afar þakklátt fyrir að fá námskeið í heimabyggð og þeirri þjónustu viljum við sinna vel. Í upphafi voru yfirleitt tvö námskeið á önn, eitt námskeið í Annríki og annað á landsbyggðinni en þau eru kennd um helgar (4 helgar á önn). Nú er svo



Útskrift og afmælisfögnuður Annríkis 5. júní 2021. Nemendur og gestir mættu þrúðbúnir og fögnuðu áfanganum.

Myndir / Úr einkasafni



Gleði með unnið verk. Katrín Guðbjartsdóttir hefur saumað búninga á alla fjölskyldumeðlimi.



Guðmunda Dagbjartardóttir saumaði búninga á synina í vetur auk þess að ljúka við sinn eigin kyrtilbúninginn. Eiginmaðurinn er einnig í búningi eftir hana.

komandi að hægt væri að kenna flest kvöld vikunnar og flestar helgar og því nauðsynlegt að skipuleggja starfsemina vel,“ segir Hildur og bætir við: „Fjöldi nemenda telst í hundruðum og þannig höfum við eignast góða vini í gegnum árin. Í

kringum störf okkar á landsbyggðinni hafa orðið til félög sem nemendur stofna, t.d. Þjóðbúningafélag Vestfjarða, Þjóðbúningafélagið Auður í Vesturbyggð, Pilsaþytur í Skagafirði og nýjast er Hollvinafélag Annríkis sem skip-

að er hópi fólks sem vill styðja við fræðastörf okkar.“

Námskeiðin hafa slegið í gegn

– Ef marka má áhugann á námskeiðum ykkar þá eruð þið að gera

mjög góða hluti þar. Hvers konar námskeið eruð þið aðallega að bjóða upp á og hvaða námskeið eru vinsælust og fá bestu viðtökurnar?

„Já, við bjóðum upp á ellefu vikna námskeið í að sauma uppahlut, peysuföt eða barnabúninga. Þau eru alltaf vinsæl og vel sótt. Herrabúningar eru líka kenndir á ellefu vikna námskeiðum og hefur áhugi karlmannna stóraukist. Stóru fald-, kyrtil- og skautbúningnámskeiðin, sem eru þriggja ára námskeiðsraðir, hafa gert mikla lukku. Þetta eru mjög umfangsmikil námskeið þar sem nemendur læra fjölbreytt handverk og skreytiðferðir við gerð búninganna. Miðað við fjölda slíkra búninga má segja að þau hafi slegið í gegn. Þessi áhugi liggur ekki síst í þeirri þekkingu sem við höfum aflað okkur með rannsóknum og fræðastarfi á undanföllum árum og deilum með áhugasömum nemendum.“

Sérsmiðnir búningar á hvern og einn

– Hvað eru vinsælustu búningarnir til að sauma og af hverju heldur þú að þeir búningar séu vinsælli en aðrir?

„Langflestir nemendur eru konur sem koma að sauma sér langþráðan þjóðbúning sem í hugum flestra er upphlutur 20. aldar og peysuföt. Margar konur sauma líka á dætur, tengdadætur og barnabörn. Ekki er óalgengt að þær komi á mörg námskeið og fá þá búningana tilsiðna, leiðsögn og máttun. Búningarnir eru því sérsmiðnir á hvern og einn og fara vel. Auk þess njóta þær félagsskaparins og fræðslunnar en í þeim hópi eigum við marga tryggja vini og félag. Búningur 20. aldar eru þeir búningar sem landsmenn þekkja best og við munum eftir virðulegum formæðrunum uppábúnum. Víða í fjölskyldum er líka til skart sem á að nota og Ási sér þá um að lagfæra og fríska upp á það ef með þarf. En eftir því sem við rannsökum betur búninga fortíðar þá vaknar áhugi fólks á þeim líka,“ segir Hildur.

Ullin var mikilvæg

– Svona að lokum, saga íslenska þjóðbúningans í stuttu máli, hver er hún og hvað er merkilegt við



Útskrift af námskeiði Annríkis í Varmahlíð, Skagafirði vorið 2016. Glæsilegur hópur.

ÍSLAND ER LAND PITT



Faldfreyjur á Ísafirði útskrifaðar af faldbúningsnámskeiði sumarið 2015. Mikill áhugi hefur verið þar en Hildur kenndi 15 þjóðbúninganámskeiði á árunum 2006–2015 á Ísafirði og næsta námskeiði er bókað haustið 2021.

Þann búning í samanburði við aðrar búningsa í öðrum löndum?

„Já, þú segir nokkuð. Búningasaga Íslendinga er í flestu lík sögu annarra þjóða en þó með greinilegum íslenskum einkennum. Fatnaður er ávallt unninn úr því hráefni sem völ er á hverju sinni og á Íslandi var ullin mikilvæg. Landnámsmenn báru vitanlega búninga samkvæmt sinni tísku, sem skreyttir voru bæði með útsaumi og skarti en einnig eftir tísku og þróun samfélaga í gegnum aldirnar. Um miðja 18. öld fjölgaði ferðum erlendra landkönnuða til landsins og vitanlega beindist áhugi þeirra að lífsháttum og síðum landsmanna. Faldbúningar kvenna vöktu mikla athygli enda þóttu þeir ólíkir því sem gerðist á meginlandinu. Ýmist þóttu þeir glæsilegir eða til óþrýði og tóku margir íslenskir karlmenn undir ógagn þeirra. Málið var rétt víða, m.a. í Kaupmannahöfn á fyrri hluta 19. aldar í hópi mennta-



Fjórar glæsilegar konur, ein í kyrtli og þrjár í skautbúningi.

manna sem í hringiðu sjálfstæðisrómantíkur töldu það nauðsyn

hverrar þjóðar,“ segir Hildur og bætir strax við: „Með aðkomu Sigurðar málara Guðmundssonar um miðja 19. öld urðu verulegar breytingar og til urðu skautbúningur, kyrtill og upphlutur, sem ásamt peysufötum þróuðust inn í 20. öldina. Þannig hélt þjóðleg tíska velli og í dag berum við stolt búningsa formæðra og -fedra sem sparibúninga á tyllidögum.“

/MHH



Mastersverkefni Hildar fjallar um þrjón í íslenskrri búningasögu frá 1760–1900. Verkefnið fjallar um að rannsaka gamlar aðferðir sem hafa glatast og síðan er allur fatnaður handþrjónaður. Hér eru Hildur og Ási ásamt frænkunum Hönnu, Erlu og Thelmu í endurgerðum búningum.

BIRCHMEIER
SMART UND SWISS SEIT 1876

Bakúðadæla með rafhlöðu

Ný týpa - REA 15

- Rafeindastýrð
- Vinnuþægindi
- CAS samhæfð

STREYMI heildverslun

Streymi heildverslun ehf. | Sími: 588 2544 | streymi@streymi.is | www.streymi.is

Bændablaðið
á bbl.is og líka á Facebook

Lely Center Ísland

KÚPLINGAR í flestar gerðir dráttarvéla

Reykjavík: Krókháls 5F – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

RMI OFNASMÍÐJAN

METALSISTEM
Gott verð og góð þjónusta

Nú fæst **METALSISTEM** hillukerfið í **Rými**

Rými Ofnasmiðjan | Gylfatíöt 4 | 112 Reykjavík | s. 511 1100 | www.rymi.is | rymi@rymi.is

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir

- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli

- Iðnaðarhurðir
- Iðnaðarhurðir með gönguhurð
- Bílskúrshurðir
- Hurðir í trékarma
- Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VAGNAR HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

Vel heppnaðri Prjónagleði lokið á Blönduósi:

Hvert tækifæri notað til að safnast saman og prjóna

– Dýrmæt samvera og gleðin við völd

„Prjónagleðin var mjög vel heppnuð og hér var fjölmenni,“ segir Svanhildur Pálsdóttir, viðburða- og markaðsstjóri Prjónagleðinnar, sem haldin var á Blönduósi á dögumum. Prjónagleðin var nú haldin í fimmta sinn, sú fyrsta var árið 2016 en hátíðin í fyrra féll niður vegna samkomutakmarkana út af kórónuveirunni.

„Það var alveg greinilegt að prjónarar voru í mikilli þörf fyrir samveru og virkilega gaman að upplifa gleðina og áhugann sem svo sannarlega var við völd,“ segir Svanhildur.

Haldin voru alls 15 námskeið og

þá var fjölmenni á fyrirlestrum sem í boði voru á Prjónagleði. Viðburðir eins og prjónaganga og prjónamessa mæltust vel fyrir.

Garnatorg var í þróttamiðstöð, þar var hjarta hátíðarinnar þar sem 22 aðilar buðu garn og aðrar prjónatengdar vörur til sölu. Ístex kynnti þar ullarsængur sínar og kodka og fyrirtækið sýndi einnig peysurnar úr síðustu Lopabók.

Vinningsvesti

Vinningsvestin úr hönnunar- og prjónasamkeppni Prjónagleðinnar voru einnig til sýnis á Garnatorginu en Ragnheiður Guðmundsdóttir varð



Séra Úrsúla Árnadóttir grípur í heklunálina í prjónaguðsþjónustunni sem haldin var í Blönduóskirkju.



Glæsilegar konur í sérlega fallegum handprjónuðum peysum voru algeng sýn á Prjónagleðinni.



Ebbja Pálsdóttir frá Ullarselinu var mætt á Prjónagleðina.



Myndprjónsnámskeiðið var vel sótt.

hlutskörpust í þeirri samkeppni með vesti sem nefnist Hraun, þá var Fractal eftir Guðlaugu Svölu Steinunni Kristjánsdóttur í öðru sæti og Sólrún eftir Hilmu Eiðsdóttur Bakken í því þriðja.

„Samveran sem Prjónagleðin bauð upp á var afar dýrmæt og nýttu prjónarar hvert tækifæri til þess að safnast saman og prjóna í minni og stærri hópum,“ segir Svanhildur.

Næsta Prjónagleði verður haldin á Blönduósi eftir tæpt ár, dagana 10.–12. júní 2022.

/MPP



Guðrún Dröfn Pálsdóttir heldur fagmannlega um hespuna.

Myndir / Svanhildur Pálsdóttir



Gæðaprnastundir í góðum félagsskap.



Skipuleggjendur Prjónagleðinnar 2021, Svanhildur Pálsdóttir til vinstri og Jóhanna Erla Pálmadóttir til hægri ásamt Berglinni Gunnarsdóttur, sérlegri aðstoðarkonu á hátíðinni.



Ríta Freyja Bach þenur rokkinn á Garnatorginu.

LÍF & STARF



Skilti við Djúpálónsand sem sett er upp í samræmi við merkingarkerfið Vegrúnu.

Merkingarkerfið Vegrún: Vísar ferðafólki veginn

Fyrir skemmstu var nýtt merkingarkerfi fyrir ferðamannastaði og friðlýst svæði kynnt í ráðuneytum umhverfis- og auðlinda og atvinnuvega- og nýsköpunar, en það hefur fengið heitið Vegrún.

Það var hannað til að samræma merkingar, til einföldunar fyrir uppbyggingaraðila og til að bæta upplifun ferðamanna og auka gæði og öryggi á ferðamannastöðum.

Hugmyndin er að bæði opinberir aðilar og einkaaðilar geti nýtt sér hönnunarvinnuna í kringum Vegrúnu til að setja upp merkingar til að gera áfangastaði aðlaðandi. Vegrún segir fyrir um smíði merkinga og skilta, hvernig efni sé í þeim og hver stærð þeirra eigi að vera. Þá sýnir Vegrún hvernig koma á upplýsingum á framfæri með lettri, lit og myndum. Vegrún er því ekki samsafn af tilbúnum merkingum heldur verkfæri til að nýta sér við að smíða merkingar sem falla að þörfum hvers og eins.



Vegrún vísar veginn.

Vegrún er hluti af verkefninu Góðar leiðir (godarleidir.is) um innviðahönnun ferðamannastaða og sjálfbærni í ferðaþjónustu.

Hönnunarteymið Kolofon&co sá um hönnunina á Vegrúnu, en Miðstöð hönnunar og arkitektúrs hefur haft verkstjórn og samráð á milli þeirra aðila sem komu að verkefninu. /smh




Leiðbeiningarmerki



AKURShús - timbureiningahús

Afhent samsett á byggingarstað eða ósamsett í einingum

- Við allra hæfi -



íslensk hönnun & framleiðsla



Kannaðu málið á akur.is og pantaðu frian húsabækling

Margar stærðir og gerðir frá 93 - 227m²



Smíðjuvellir 9 | 300 Akranes | 430 6600 | akur@akur.is



McHale sláttuvélar

GÆÐI | STYRKUR | ENDING

TILBÚNAR TIL AFGREIÐSLU!



F3100 - Framvél



2.890.000 + vsk.

R3100 - Afturvél



2.690.000 + vsk.



LANDSTÓLPI

Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
480 5600

Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum
480 5610

www.landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is

Lely Center Ísland

HAUGHRÆRUR



Reykjavík: Krókháls 5F - Sími 414 0000 - www.LCI.is
Akureyri: Óðinsnes 2 - Sími 464 8600



LÁGÞRÝSTITÆKI MINNKA LÍKUR Á ÚÐASMITI

Ecolab er eitt stærsta fyrirtæki í heimi á sviði lausna í þrifum og sótthreinsun fyrir gripahús og matvælafyrirtæki. Hægt er að fá búnað með tilheyrandi sápum og sótthreinsiefnum fyrir lágþrýstipvott. Sölumenn veita allar nánari upplýsingar.



Pantanir í síma 515 1100 og pontun@olis.is

Vegna hættu á úðasmiti við háþrýstipvott getur lágþrýstipvottur hentað betur í mörgum tilfellum.

Rekstrarland | Vatnagörðum 10 | 104 Reykjavík | 515 1100 | Austurvegi 69 | 800 Selfossi | 480 1306 | rekstrarland.is





Allir brautskráningarnemar til BS-prófs í reiðmennsku og reiðkennslu við Hólakirkju eftir glæsilega reiðsýningu sem haldin var á aðalreiðvelli skólans 22. maí.

Myndir / Árni Rúnar Hrólfsson

Brautskráning frá Hestafræðideild Háskólans á Hólum 11. júní síðastliðinn:

Valdís Björk Guðmundsdóttir sem hlaut bæði Reiðmennskuverðlaun Félags tamingamanna og Morgunblaðshnakkinn

Brautskráning nemenda frá öllum deildum Háskólans á Hólum fór fram við hátíðlega athöfn í Menningarhúsinu Miðgarði í Varmahlíð, föstudaginn 11. júní 2021.

Í ár útskrifaðist 21 nemandi úr Hestafræðideild, 20 með BS próf í

reiðmennsku og reiðkennslu og einn með diplómu í reiðmennsku og reiðkennslu.

Brautskráningarnemar til BS-prófs í reiðmennsku og reiðkennslu luku námi sínu við skólann um hvítasunnuhelgina. Þetta gerðu þeir annars vegar með þátttöku í árlegu

Hólamóti í hestaíþróttum og hins vegar með glæsilegri reiðsýningu á aðalreiðvelli skólans sem var haldin 22. maí (sjá myndir).

Í augum flestra sem til þekkja markar reiðsýningin lokapunkturinn í námi við Hestafræðideild og stundin, þegar væntanlegir reiðkennarar klæðast bláa jakkanum í lok sýningar, er fyrir mörgum jafngildi brautskráningar og koma fjölskyldur og vinir nemendanna heim að Hólum til að fagna með sínu fólki.

Valdís Björk hlaut tvær viðurkenningar

Við þetta tækifæri tíðkast að veita tvenns konar viðurkenningar: Reiðmennskuverðlaun Félags tamingamanna eru veitt þeim nemanda, sem hefur hlotið hæstu einkunn á lokaprófi í reiðmennsku.

Önnur verðlaun, Morgunblaðshnakkurinn, eru veitt þeim nemanda sem hlýtur hæstu vegna meðaleinkunn fyrir öll reiðmennskunámskeiðin sem nemandinn hefur tekið á námsferli sínum við skólann.

Í ár var það Valdís Björk Guðmundsdóttir sem hlaut báðar þessar viðurkenningar.

Í viðtali við Helga Bjarnason í Morgunblaðinu segir Valdís: „Ég hef verið í hestamennsku frá því ég man eftir mér og öll fjölskylda mín. Hestafræðinámið á Hólum var eina námið sem mér leist á, það kom ekkert annað til greina.“... og jafnframt sagði Valdís:

„Ég kynntist fullt af góðu fólki og fékk góða kennslu sem ég mun taka með mér út í lífið.“

Við brautskráningarathöfnina þann 11. júní voru að auki veitt verðlaun frá Knapamerkjakerfinu fyrir hæstu vegnu meðaleinkunn í öllum reiðkennslufræðinámskeiðum í gegnum öll þrjú árin og var það Marthe Skjæveland frá Noregi sem hlaut þau. Því til viðbótar veitti skólinn bóka-verðlaun fyrir hæstu vegnu meðaleinkunn á BS prófi í reiðmennsku og reiðkennslu eftir öll árin þrjú og þau verðlaun fékk annar Norðmaður, Mathilde Espelund Hognestad.

Eftirsóknarvert fyrir ungt fólk

Hestafræðideild Háskólans á Hólum er vinsæl og eftirsóknarverð fyrir ungt fólk sem langar að mennta sig og vinna við hesta.



Valdís Björk Guðmundsdóttir hlaut Reiðmennskuverðlaun Félags tamingamanna, sem eru veitt þeim nemanda sem hefur hlotið hæstu einkunn á lokaprófi í reiðmennsku. Hún hlaut einnig Morgunblaðshnakkinn sem er veittur þeim nemanda sem hlýtur hæstu vegna meðaleinkunn fyrir öll reiðmennskunámskeiðin sem nemandinn hefur tekið á námsferli sínum við skólann.



Mathilde Espelund Hognestad frá Noregi hlaut bóka-verðlaun fyrir hæstu vegnu meðaleinkunn á BS prófi í reiðmennsku og reiðkennslu eftir öll árin þrjú.



Ósvikin gleði! – Rósanna Valdimarsdóttir.



Seline Bauer frá Þýskalandi komin í bláa jakkann.



Reiðsýningin markar í hugum margra lokapunkturinn í námi við Hestafræðideild. Stundin, þegar væntanlegir reiðkennarar klæðast bláa jakkanum í lok sýningar, er fyrir mörgum jafngildi brautskráningar og koma fjölskyldur og vinir nemendanna heim að Hólum til að fagna með sínu fólki.

Erlendir sem og íslenskir nemendur sækja skólann og í haust munu 20 nýir nemendur hefja BS nám við Hestafræðideildina.

Það var í framhaldi af því að Hólaskóli varð formlega háskóli árið 2007, sem var ákveðið að efla hestanámið sem fyrir var og bjóða upp á námsleið til BS-gráðu í reiðmennsku og reiðkennslu. Fyrsti árgangurinn í það nám var síðan innritaður haustið 2010 og eru því átta ár síðan fyrstu nemendurnir

með BS gráðu í reiðmennsku og reiðkennslu útskrifuðust frá skólanum vorið 2013. Á þessum átta árum hafa útskrifast 132 nemendur með þessa BS gráðu. Þar af eru 75% konur og 43% erlendir nemendur frá alls 11 þjóðlöndum.

(Sjá nánar frétt á vefsíðu Háskólans á Hólum; <https://www.holar.is/is/moya/news/brautskraningarahofn-haskolans-a-holum-11-juni-2021>).

/HáH



Svipmyndir af reiðsýningunni.



Góða vinkonur, talið frá vinstri: Birna Olivia Ödqvist, Karin Emma Emerentia Larsson, Pernilla Therese Göransson og Seline Bauer.



Góðir vinir, talið frá vinstri: Guðbjörn Tryggvason, Carolin Annette Boese, Seline Bauer, Valdís Björk Guðmundsdóttir og Gunnlaugur Bjarnason.



ÖFLUG VÖKVADRIFIN VERKFÆRI FRÁ HYCON

DÖNSK GÆÐASMÍÐI OG ÁRATUGA REYNSLA



Brothamrar



Kjarnaborvélar



Steypusagir



Niðurrekstarhamrar



Vatnsdælur



Glussadælur

Tangarhöfða 1, 110 Reykjavík / 551 5464 / wendel.is

Feima gallerí opnað í gamla frystihúsinu á Dalvík:

Áhersla á fallega gjafa- og nytjavöru

Feima gallerí hefur verið opnað í skrifstofurými gamla frystihússins á Dalvík, en að baki því standa fjórar konur í Dalvíkurbyggð, þær Lína Björk Ingólfssdóttir, Monika Margrét Stefánsdóttir, Sigríður Guðmundsdóttir og Guðrún Inga Hannesdóttir.

Þær hafa allar um árabíl unnið við handverk og hönnun og eða komið að rekstri gallería. Þannig rak Lína galleríð Iðju og síðar „Dóttur skráddarans“ á Dalvík í rúman áratug, hún hefur unnið í leir í ríflega aldarfjórðung og sótt ótal námskeið.

Monika Margrét rekur Keramik-loftið á Árskógssandi en segja má að hún hafi alist upp innan um keramik, því móðir hennar rak samnefnt fyrirtæki á Akureyri allar götur frá árinu 1991. Sigríður rak galleríð Stjörnuna á Dalvík en hún er þekktust fyrir glervörur og hefur starfað sjálfstætt í þeim geira frá árinu 2004. Að auki þrýkkir hún einnig á tau. Guðrún Inga er graf-




Gallerískonur f.v. Monika Margrét Stefánsdóttir, Sigríður Guðmundsdóttir, Lína Björk Ingólfssdóttir og Guðrún Inga Hannesdóttir, en þær hafa opnað Gallerí Feimu í húsnæði gamla frystihússins á Dalvík.

ískur hönnuður að mennt og er með laserskornar vörur hjá Daley hönnun á Dalvík. Hún hefur hannað töluvert af minjagripum fyrir Gallerí Gullsólf í Grimsey í gegnum tíðina.

Fjölbreytt úrval af handverki

Stöllurnar taka auk eigin handverks einnig inn í galleríð fjölbreyttar vörur frá handverksfólki sem tengist Dalvíkurbyggð. Þær segja

að handverksfólk í byggðarlaginu vinni við alls kyns handverk, þar kenni margra grasa og þær vilji gefa fólki kost á að sjá úrvalið á einum stað. Alls er í boði handverk frá tæplega 20 manns til að byrja með.



Þær segja Feimu bæði fyrir heimafólk og ferðalanga sem fari um, en engir minjagripir eru í boði heldur er áhersla á fallega gjafa- og nytjavöru. Auk þess sem opið er í galleríinu frá miðvikudegi til sunnudags er stefnt að því að hafa nokkra útimarkaði í porti framan við húsið í sumar. *MPP*

AF VETTVANGI BENDASAMTAKANNA

Byggðamál og hagsmunir landbúnaðarins órjúfanleg heild

Að mínu mati eru byggðamál og hagsmunir landbúnaðarins það samofnir að um órjúfanlega heild er að ræða. Byggðamál eru eitt stærsta sameiginlega hagsmunamál landbúnaðarins og hefur fengið mikið vægi m.a. á Búnaðarþingum og í daglegu starfi Bændasamtakanna.

Þróunin hefur verið sú að ríkisstuðningur við landbúnað hefur færst frá því markmiði að greiða eingöngu niður matvæli til neytenda í það að styðja við aðra þætti eins og varðveislu menningarverðmæta, atvinnusköpun og brothættar byggðir. Nauðsynlegt er á hverjum tíma að þróa stuðning við landbúnað í takt við þarfir helstu hagaðila sem eru búvöruframleiðslan og neytendur. Með stuðningnum er ekki bara átt við það ríkisframlag sem er í formi beingreiðslna til bænda, heldur líka það starfsumhverfi sem að landbúnaður býr við, t.d. í formi tollasamninga, aðgengis að fjármagni, skattlagningar, hvata til nýsköpunar, rannsókna og fagmenntunar.

Í árslok 2020 var birt í samráðsgátt stjórnvalda Grænbók byggðaáætlunar sem ætlað var að meta stöðu byggðamála og vera grundvöllur fyrir nýja stefnumótun í byggðamálum til 15 ára. Umsagnarfrestur var gefinn til og með 25. janúar síðastliðinn og skiluðu Bændasamtök Íslands inn umsögn um málið. Í kjölfarið vegna mikilvægi málsins var skipaður starfshópur sem hafði það hlutverk að draga fram tillögur Bændasamtakanna í Hvítbók byggðaáætlunar, tengdum landbúnaði og starfsumgjörð landbúnaðargreina. Í starfshópnum sátu auk undirritaðar, Karvel Karvelsson, framkvæmdastjóri Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins, og Katrín María Andrésdóttir, framkvæmdastjóri Sambands garðyrkjubænda. Starfshópurinn skilaði af sér skýrslu í lok apríl til stjórnar, sú skýrsla var síðan lögð til grundvallar við umsögn samtakanna um Hvítbók um byggðamál.

Starfshópurinn setti sér það markmið í upphafi að hafa það verklag uppi að fá grásrótina með í því að móta áherslurnar.



Guðbjörg Jónsdóttir.

Því var auglýst eftir tillögum meðal félagsmanna, aðildarfélaganna og starfsmanna samtakanna. Ánægjulegt var hvað margar tillögur bárust og hvað þær snerust oft um ólíka hagsmuni. Víða mátti samt greina samhljóð og voru innviðir í nærsamfélaginu oftast nefndir. Við úrvinnslu var reynt að setja tillögurnar í samhengi við gildandi áætlanir og stefnumörkun. Tillögurnar voru jafnframt flokkaðar eftir því hvar líklegast væri að þær fengu skoðun og framgang miðað við þá verkaskiptingu sem uppi er milli ríkis, sveitarfélaga, búvörusamninga, byggðaáætlunar o.fl. Starfshópurinn lagði ekki efnislegt mat á tillögurnar sem bárust, að öðru leyti en því að flokka þær eftir því hvar þær ættu helst heima ef þær ættu að koma til framkvæmda. Þannig var engri hugmynd í rauninni hafnað, en kunni tillögur að stangast á verður að ákveða í næstu skrefum hvernig með það skuli unnið.

Jafnframt var lagt til grundvallar í vinnunni þær stefnumarkandi tillögur sem gerðar hafa verið m.a. á Búnaðarþingum og ályktunum á aðalfundi aðildarfélaganna Bændasamtakanna.

Núgildandi byggðastefna

Í upphafi vinnunnar var lagt mat á aðgerðaáætlun sem sett var fram af hálfu stjórnvalda sem tengist landbúnaði eða þeim ábendingum

sem bárust. Ýmislegt hefur áunnist í hinum fjölbreytilegustu verkþáttum á undanförunum árum, sem er ánægjulegt. Styrking búsetuskilyrða og innviða í dreifbýli er þó í eðli sínu markþætt málefni og lýkur í raun aldrei að fullu. Í eftirtöldum skilgreindum verkefnum hefur settum markmiðum verkefnistímabilsins verið náð og telst þeim lokið, að því marki sem fyrri áætlun gerði ráð fyrir: Ísland ljóstengt, efling rannsókna og vísindastarfssemi, verslun í strjálbýli, svæðisbundin flutningsjöfnun, nýsköpun í matvælaíðnaði og bújarðir í eigu ríkisins. Fleiri verkefni eru þó enn í vinnslu og er þar á meðal mál sem ítrekað hefur verið rætt á Búnaðarþingum sem er jöfnun á raforkukostnaði. Markmið sem sett var fram er: „Að stuðla að aukinni jöfnun orkukostnaðar í dreifbýli og þéttbýli, bæði hvað varðar dreifingu á raforku og húshitunarkostnað. Unnið verði að því að jafna mun á orkukostnaði, t.d. hvað varðar húshitunarkostnað, sem er mun hærrí á þeim stöðum sem ekki búa við möguleika á hitaveitu með jarðvarma.“ Það má geta þess að í frumvarpi til fjárlaga 2021 og fjármálaáætlun 2021–2025 er kveðið á um 730 m.kr. hækkun á framlagi til jöfnunar á dreifikostnaði raforku á árinu 2021. Jafnframt hefur verið unnið að greiningu á regluverki og þörf á þrífösum og varaafli. Önnur mikilvæg mál sem eru enn í vinnslu og sett hafa verið markmið um eru; jöfnun flutningskostnaðar vegna verslunar, uppbygging á innviðum fyrir endurnýjanlega orku á landi og í höfum, skilgreining á opinberri þjónustu og jöfnun aðgengis, þrífösun rafmagns, flutningskerfi orku og auknið orkuöryggi, stuðningur við byggingu smávirðkjana, hagstæð lán fyrir landbúnað, fjölbreytt atvinnutækifæri um allt land, fjármagn til nýsköpunar, sértæk verkefni sóknarættlanasvæða, stuðningur við brothættar byggðir, varmadæluvæðing á köldum svæðum, náttúruvernd og efling byggða og fagmennska á sviði innviða á náttúruverndarsvæðum.

Þegar litið er yfir þessi mikilvægu hagsmunamál dreifbýlis-

ins er augljóst að hagsmunirnir fara saman. Mikilvægt er að gera stefnumörkun til framtíðar og meta þann árangur sem næst með þeim aðgerðum sem ýtt er úr vör.

Landbúnaður og búvörusamningar

Ýmsar af þeim ábendingum sem bárust varða það fyrirkomulag og stuðningsform sem landbúnaður býr nú við. Þannig eru atriði sem beint er tekið á í búvörusamningum og ættu helst að koma til álita við endurskoðun og/eða gerð þeirra.

Margir bændur nefndu tollvernd í þessu samhengi og mikilvægi hennar. Tillögur bárust sem varða félagsauð og þörf fyrir markvissari uppbyggingu hans. Þeim tækifærum og starfsumgjörð þeirra einstaklinga sem búa og starfa í dreifbýli. Talin var þörf fyrir heildarendurskoðun á tryggingamálum bænda og þar með talið lögum um Bjargráðasjóð ásamt afleysingaþjónustu fyrir bændur vegna veikinda og slysa. Aukið vægi skógræktar og stuðningur við úrvinnslu á skógarnytjum. Lagt var til að gera átak í jarðrækt, rannsóknum og þjónustu. Skipun fagráðs í jarðrækt samkvæmt heimild í lögum sem styðji við markvissa og virðisaukandi nýtingu lands og fjölbreytta framleiðslu.

Talið var að sóknarfæri væri fyrir frumkvöðla með landbúnaðartengd verkefni að ná til sín stærri hlut þess fjármagns sem ætlaður er til þróunar- og nýsköpunarstarfs með tilkomu Matvælasjóðs. Umsóknarferlið í sjóðinn mætti vera aðgengilegra og finna þarf stað fyrir þau verkefni sem Framleiðnisjóður styrkti áður en falla ekki beint undir matvælaframleiðslu. Fram kom að framlög búvörusamninga geti nýst með öðrum byggðatengdum stuðningsúræðum s.s. flutningsjöfnunarstyrkjum, verkefnum á borð við „brothættar byggðir“ o.fl. Þannig mætti t.d. beita fjölbreyttari fjárfestingastuðningi í landbúnaði sem viðbótarstuðningi í byggðaverkefnum svo dæmi sé tekið.

Beita þarf úrræðum í gegnum

skattkerfið til að styrkja byggða-aðgerðir og búsetuskilyrði í dreifbýli. Þá er jafnframt nauðsynlegt að horfa til samgangna og svæðisbundinna aðstæðna. Þannig hafa vegalengdir ekki úrslitaáhrif á aðgengi að þjónustu, t.d. á svæðum sem búa við lélegar samgöngur eða litlar fjarskiptatengingar, þrátt fyrir að vera í raun tiltölulega stutt frá næsta byggðakjarna.

Í framlögðum tillögum til starfshópsins kom fram vilji að skoða hvort og með hvaða hætti rétt væri að svæðistengja kvóta og greiðslumark. Líkt og gert hefur verið með byggðakvóta í sjávarútvegi. Eðlilegt er að vísa þeirri umræðu til gerðar búvörusamninga og til viðkomandi búgreinar þar sem umgjörð um framleiðsluskilyrði er mótuð. Vert er að benda á að svæðistengingu greiðslumarks eða viðbótarstuðning á grundvelli búsetu má auðveldlega útfæra með öðrum byggðatengdum stuðningsaðgerðum. Í innsendum tillögum var lagt til að auka sveigjanleika varðandi aðlögunarsamninga í sauðfjárrækt. Slíkt þyrfti að bjóðast oft en einu sinni á ári og þá þyrfti að vera hægt að velja um fleiri og fínlegri fækkunarþrep.

Hér er rétt aðeins tæpt á þeim fjölmörgu áherslum sem dregnar voru fram. Ekki er verið að fjalla um einstaka liði þeirra eða útfærslu, enda væri það of langt mál. Eins og fram hefur komið er ekki búíð að leggja mat á innsendar tillögur í tengslum við stefnu einstakra búgreina. En þær ættu að nýtast áfram í þá vinnu sem fram undan er t.d. við endurskoðun og gerð búvörusamninga. Það voru einnig fjölmög mikilvæg atriði tilgreind sem snúa að skipulagsmálum, landnýtingu og gerð áætlana, innviða og fleiri málaflokkum sem þarf að taka upp á vettvangi ríkis og sveitarfélaga.

Ljóst er að félagsauður samtakanna er mikill og er auðlind sem vert er að horfa til í vinnu sem þessari. Ég vil því að lokum færa sérstakar þakkar til þeirra félagsmanna sem sýndu málinu áhuga og lögðu fram sitt framlag.

Guðbjörg Jónsdóttir,
verkefnastjóri hjá BÍ

Undirbúningur Tækniseturs:

Tæknisetur komið á koppinn

– Samstarf háskóla, atvinnulífs og ríkis

Í kjölfar niðurlagningar Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og samkvæmt nýjum lögum um opinberan stuðning við nýsköpun er kveðið á um nýtt Tæknisetur byggt á grunni efnis-, líf- og orkutækni, Rannsóknastofu byggingariðnaðarins og frumkvöðla-seturs Nýsköpunarmiðstöðvar á sviði tæknigreina.

Tæknisetur verður rekið sem óhagnaðarfríð félag sem á ekki í samkeppni við einkafyrirtæki og stofnanir og verður alfarið í eigu ríkisins, þar sem ríkið leggur fram hluta af tækjabúnaði og eignum Nýsköpunarmiðstöðvar sem stofnframlag. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið mun leggja félaginu til árlegt fjáframlag gegnum þjónustusamninga.

Ráðherra skipar stjórn

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra hefur skipað stjórn Tækniseturs og stendur undirbúningur fyrir stofnun þess yfir.

Í tilkynningu vegna setursins er haft eftir Þórdísi Kolbrúnu að með stofnun hins nýja tækniseturs rætist gamall draumur og tekið mikilvægt skref í átt að auknum og bættum stuðningi við íslenska hátækniþrota, auknu samstarfi um betri nýtingu tæknilegra innviða og aukinn stuðning við háskóla og atvinnulíf hvað varðar hagnýtar rannsóknir, þjónustumælingar og greiningar um allt land. Þetta auki einnig samtalið milli atvinnulífsins og háskólasamfélagsins.

Í stjórn Tæknisetursins sitja Margrét Ormslev Ásgeirsdóttir, fjárfestingastjóri hjá Brunni Ventures og frumkvöðull, sem er stjórnarformaður, Sigurður Magnús Garðarsson, forseti Verkfræði- og náttúruvísindasviðs Háskóla



Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra hefur skipað stjórn Tækniseturs og stendur undirbúningur fyrir stofnun þess yfir.

Íslands, Ari Kristinn Jónsson, rektor Háskólans í Reykjavík, Ragnheiður Inga Þórarinsdóttir, rektor Landbúnaðarháskóla Íslands og Þór Sigfússon, forstjóri Sjávarklasans.

Varamenn eru þau Ólöf Vigdís Ragnarsdóttir, verkefnisstjóri á Vísinda- og nýsköpunarsviði Háskóla Íslands, og Alexander Jóhannuson frumkvöðull.

Samstarf háskóla, atvinnulífs og ríkis

Viljayfirlýsing um Tæknisetrið var undirrituð á vormánuðum milli atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík. Þar lýsa þessir aðilar yfir vilja sínum til að leggja þann búnað sem stofnanirnar eiga hlut í með forvera Tækniseturs, Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, inn í Tæknisetur.

Tæknisetrið verður jafnframt vettvangur fyrir byggingarannsóknir. Þær verða efldar með sérstökum framlögum í samráði við félagsmálaráðuneytið og unnið er að því að útgáfa fræðsluefni um mannvirkjagerð flytjist á Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.

Framtíðarhúsnæði í Vatnsmyrinni

Starfsemin verður til húsa í Keldnaholti til að byrja með en stefnt er að því að flytja starfseminna í Vatnsmyrina innan tveggja ára og taka þannig þátt í uppbyggingu svæðisins sem kjarna vísinda- og nýsköpunarstarfs á Íslandi. Samþjöppun tengdrar starfsemi háskóla, frumkvöðlastarfsemi og atvinnulífs er þekkt víða um heim og er þá gjarnan vísir að enn frekara samstarfi. Aukin nálægð fyrirtækja og stofnana er til þess fallin að auka aðgengi og tengslamyndun með þekkingarsköpun og virðisauka að leiðarljósi.

Alþjóðlegt samstarf

Í tilkynningunni segir að mikilvægt sé að Tæknisetrið taki þátt í öflugum alþjóðlegum samstarfi á sviði tæknigreina.

Svafa Grönfeldt, prófessor við Massachusetts Institute of Technology í Boston, verður Tæknisetri til ráðgjafar um alþjóðlegt samstarf og Tæknisetrið mun gerast aðili að samstarfs-samningi sem nú er í gildi milli Industrial Liason Program hjá MIT, íslensks atvinnulífs og Háskólans í Reykjavík. Samningurinn felur í sér að Tæknisetur hafi aðgengi að sérfræðipækkingu innan MIT, ýmist gegnum bein samskipti eða í gegnum sérstaka viðburði á þeirra vegum.

NH



CLT Hús ehf útvegar þér krosslímdar timbureiningar, glugga, hurðir, handrið, klæðningar, festingar og allt annað sem þarf til að byggja þitt hús.

Sendu okkur teikningar eða hugmynd af þínu draumahúsi á clt@clt.is og við gerum þér tilboð.

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasal

FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN

Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001

Áhugaverðar jarðir
JARDIR.IS

fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is

Lely Center Ísland



ASPLA rúlluplast
frá 9.900.- + vsk.



Reykjavík Krókháls 5F - Sími 414 0000 - www.LCI.is
Akureyri Óðinsnes 2 - Sími 464 8600

Vetrarsól er umboðsaðili



Sláttuvélar
& sláttuorf



Snjóblásarar

STIGA

Gulltryggt gæði



Sláttutraktorar

VETRARSÓL

Askalind 4 | Kópavogi | Sími 564 1864 | vetrarsol.is

Lífræn hreinsistöð



- Fyrirferðalítill fullkomin sambyggð skolphreinsistöð
- Uppfyllir ýtrustu kröfur um gæði hreinsunar
- Engin rotþró eða siturlögn 25 ára ábyrgð
- Tæming seyru á þriggja til fimm ára fresti
- Engir hreyfanlegir hlutir
- Stærðir frá 6 - 55 persónueiningar



Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík
Sími 517 2220 - petur@idnver.is

Varahlutir í kerrur

stalogsansar.is



Stál og stansar
Vagnhöfði 7, 110 Reykjavík | Sími: 517 5000 | stalogsansar.is

NYTJAR HAFSINS

Enn sker Hafró niður þorskaflann í von um að geta veitt meira seinna

Nýlega ráðlagði Hafró 13% lækkun þorskvótans en að þeirra mati hefur þorsstofninn minnkad um 22% ára, ekki verði veitt meira en 222.373 tonn af þorski á fiskveiðiárinu 2021/2022. Sögu að stofninn hefði verið vanmetinn undanfarin ár og nú þyrfti að bregðast við því. Stofnunin sagði að ef „sveiflujöfnun í aflareglu“ hefði ekki komið til hefði ráðgjöfin lækkað um 27%. Það er því útlit fyrir meiri lækkun næsta ár.

Árátta Hafró að vera sífellt að endurmeta stofninn aftur í tímann er stórfurðuleg. Skil ekki að þetta skuli leyfilegt. Þessu má líkja við að birgðastjóri í vöruskemmu uppgötvni að birgðirnar hafa minnkað síðan í fyrra. Þá heldur hann því fram að hann hafi vanmetið þær árið áður þegar raunin var einfaldlega sú að það hafði verið brotist inn og stolið úr skemmuni.

Þrátt fyrir mikla gagnrýni á undanförmum árum tekur Hafró ekki tillit til vistfræðilegra breytinga eins og breytilegs fæðuframboðs, brott-hvarfs makríls, mismunandi stærðar loðnustofns, afráns, sjálfáts og fleiri þátta, sem hafa áhrif á stofnþróun þorsks og annarra botnfiska, hvað þá að þeir taki tillit til aflabragða sem núna eru með eindæmum góð.

Þeir halda sig við reikniformúlur og nærri hálftrar aldar hugmyndafræði sem hafa valdið því að þorskaflinn er varla hálfdrættingur þess sem hann var áður en þeir tóku upp „vísindalega stjórnun fiskveiðanna.“

Ráðherra samþykkti nýlega þessarar tillögur Hafró og rök hans vöktu mér óhug vegna þess að nú er svo komið að ráðherrann segist ekki geta farið á svig við Hafró vegna vottana frá erlendum aðilum sem hafa miklar þýðingar fyrir íslenskan sjávarútveg. Með öðrum orðum, þá ráðum við Íslendingar ekki lengur hvernig við nýtum okkar eigin fiskimið. Orðrétt var haft eftir ráðherranum:

„...að það séu vonbrigði að þurfa að grípa til skerðinga, [...] „en ástæðan er meðal annars sú að tveir árgangur innan viðmiðunarflokkanna eru litlir. Við þær aðstæður kemur hins vegar ekki til greina að falla í þá freistni að láta skammtímasjónarmið ráða för og fara gegn hinmi vísindalegu ráðgjöf með tilheyrandi óvissu um meðal annars vottanir sem hafa mikla þýðingu fyrir íslenskan sjávarútveg.“

Ég hef gagnrýnt aðferðir Hafró í gegn um árin og að þessu til efni endurbirti ég hér 13 ára grein (Brimfaxi janúar 2008) þar sem farið er yfir árgangur af fiskveiðistofnunni og kennisetingarnar að baki henni. Ekkert hefur breyst, stjórnmálamaður hlýða og fréttamenn eru hættir að spyrja spurninga.

Hernaðurinn gegn sjávarútveginum

Aðförin að sjávarútveginum heldur áfram, því enn berast neikvæðar niðurstöður frá Hafró um þorsstofninn. Niðurstöður haustalls voru kynntar í byrjun desember og reyndist vísitalan hafa minnkað um 20% frá í fyrra. „Þetta er svipað og við bjuggumst við.“ sögðu snillingarnir. Ekki hafa verið veidd nema tæp 200 þús tonn, svo vöxtur í stofninum er enginn. Hann nær ekki að framleiða nóg til að standa undir veiðinni við þessa litlu sókn, hvað þá að vaxa.

Ein skýringin er sú makalaus setning að „nú eru lélegir árgangar að bætast í veiðistofninn!“ En hvað með hina árgangana sem voru þar í fyrra? Maður skyldi halda að þó lítið



Jón Kristjánsson.

bættist við eitthvað ætti það samt að stækka. Vöxtur þess sem var til áður en lélegu árgangarnir bættist við er því minni en enginn. Svona röksemdir eru endaleysa.

Furðulegast af öllu er að ráðamenn skulu leyfa Hafró að halda þessari niðurrifstarfssemi áfram endalaust. Nú sitja í ríkisstjórn 2 ráðherrar sem áður hafa lýst mikilli vantrú á ráðgjöf Hafró, en þeir hafa nú snúist um 180 gráður og beygja sig í duftið. Annar er ráðherra sjávarútvegs en hinn ráðherra byggðamála. Þetta vekur upp spurningu um hvað valdi þessari hlýðni við „vísindin“ og hver RAUNVERULEGA stjórn þessu. Það er ekki aðeins verið að valda tjóni á Íslandi heldur riðar sjávarútvegur til falls víðast í hinum vestræna heimi. Það er verið að búa til hungursneyð með því að banna mönnum að sækja sjó.


Sagan

Það er búið að gera tilraun til að byggja upp eða stækka þorsstofninn með því að draga úr veiðum. Tilraunin hefur staðið í 30 ár. Árangurinn er að afli á næsta fiskveiðiári verður aðeins fjórðungur af því sem hann var þegar tilraunin hófst. Í byrjun var lofað skjóttum árangri, 400 - 500 þús tonna jafnstöðuafli úr stofninum. Í stórum dráttum var farið eftir ráðgjöfinni, möskvi var stækkaður og það leiddi til mjög minnkaðs veiðialags á smáfisk, sem var ætlunin.


Sérstakar aðgerðir til verndar smáfiski, sem unnt var að fara í þegar Bretar yfirgáfu miðin 1976, reyndust mjög vel. Þannig var veiðistofn í byrjun tilraunar miðaður við 3 ára fisk og eldri en þegar frá leið breyttist þetta í að vera 4 ára og eldri. Þarna tókst vel til, afli fór vaxandi. Þrátt fyrir s.k. skrapdagakerfi sem tekið var upp til að hemja af þorskaflann, fór hann í 465 þús. tonn 1981. En galli varð á gjöf Njarðar því fljótlega dró úr vexti og afli féll um tæp 200 þús. tonn milli áruna 1981 og 1983.

Þegar þarna var komið hefðu menn átt að sjá að tilraunin hafði misheppnast og hugsa sinn gang. Mikil gagnrýni á þessum tíma fólst í að í stað þess að skera niður, ætti að auka veiðarnar til að koma á jafnvægi í fæðubúskapnum. En sérfræðingarnir voru staðfastir, niður skyldi skera og ráðherra stóð með þeim.

Kvótakerfið sett á svo unnt væri að takmarka enn betur aflann því menn skýrðu aflabrestinn með ofveiði. Fyrstu árin var farið nokkuð fram úr ráðgjöf og afli fór aftur vaxandi, stofninn hafði minnkað og fæða aukist. Tveir mjög stórir árgangar fæddust upp úr þessu stofnhruni, árgangarnir 1983 og 84, tveir



Stærð hrygningarstofns og nýliðun þorsks 1964-2016 (uppfærð mynd). Sjá má að allt til 1987 sveiflast nýliðun reglulega. Á þessu tímabili er ekki að sjá jákvætt samband hrygningarstofns og nýliðunar, fremur hið gagnstæða: **Stór stofn gefur litla nýliðun og öfugt.** Stigsmunur verður á nýliðun eftir 1984 þegar stjórnun með aflamarki hefst. Meðal nýliðun fellur úr 212 milljónum í 133 milljónir 3 ára fiska. Líklegt er að stjórnun með aflamarki takmarki aflatoppa og feli þar með nýliðun – og vanmeti stofnstærð.



Smáfiskadráp Breta. Hér má sjá samanburð á lengdardreifingu í afla íslenskra og breskra togara árin 1960-64 að báðum árum meðtöldum. Sýndur er fjöldi fiska í 5 cm lengdarflokki, samtals fyrir öll árin. Lengdarflokkar eru skilgreindir þannig að í flokknum 25 t.d. eru fiskar á bilinu 25-29 sm. Helmingur aflans, að fjölda til, er jafn eða undir 55 cm. Þeim viðmiðunarmörkum sem notuð eru í dag. Einnig er athyglisvert að bera saman lengdardreifingu hjá Íslendingum og Bretum. Takið eftir muninum í afla, bresku togaramir veiða 7 sinnum fleiri fiska en þeir íslensku. Á þessum árum veiddu útlandingar, aðallega Bretar, um 160 þúsund tonn af þorski við landið á ári. Það er jafn mikið og allur þorskaflinn er í dag. Það hljómar því vægast sagt einkennilega þegar fullyrt er í dag að smáfiskadráp komi í veg fyrir stækkingu þorsstofnsins (eftir Jón Jónsson 1965).

Þegar býsnast var yfir smáfiskadrápi og meintri ofveiði 1964, sendi þáverandi forstjóri Hafró, Jón Jónsson, þetta frá sér:

„...fjöldi einstaklinganna er ekki einráður um útkomuna, heldur er vaxtarhraði hvers einstaklings mjög mikilsverður. Hæfileg grípsjun stofnsins er því mikilveg til þess að viðhalda hámarks vaxtarhraða einstaklinganna, þannig að bezt nýtist framleiðsla sjávarins hverju sinni.“

stærstu samliggjandi árgangar sem fram hafa komið í sögunni.

Merkilegt nokk fóru tillögur Hafró hækkandi þrátt fyrir að farið væri fram úr ráðgjöf á hverju ári. Árið 1987 var séð hvert stefndi. Flóar og firðir fyrir Norðurlandi fylltast af horuðum svöngum smáþorski sem m.a. hreinsaði rækjuna úr Skagafirði, Öxarfirði og Húnaflóa á einum vetri. Silunganet sem lögð voru í Fljótavík fylltast af þorski en enginn veiddist silungurinn.

Horður smáþorskur sem minnti helst á skiptilykla, var uppistaðan í togaraflanum við Vestfirði, þrátt fyrir stækkaðan möskva í trolli.

Þessir árgangar, 83- og 84- entust illa í afla, komu ekki fram sem stórfiskur m.v. hve þeir mældust stórir sem ungvíði. Skýring Hafró var að þeir hefðu verið veiddir gegndarlaus, stútað með ofveiði.

Miklu sennilegri skýring er að þeir hafi drepist úr hungri. Sem dæmi um magnið má nefna að

árgangur 1983 mældist 6 sinnum stærri en meðaltal árganga 1986-2003 sem 2 ára fiskur. Saman mældust 83- og 84- árgangarnir, þegar þeir voru 2 ára svipað stórir og þeir 11 árgangar samanlagðir sem eftir komu! (tafla 3.1.11. í Astandsskýrslu 2007). Summan af þeim 3 ára var stærri en summa næstu sex árganga þar á eftir. En þeir hurfu út í myrkríð, brunnu upp í hungri sem stafaði af vanveiði.

Kenningarnar

Hafró hefur komið sér upp nokkrum kennisetingum fram og heldur í þær dauðahaldi. Þegar að er gáð standast þær hvorki nánari skoðun né heldur reynslu. Segja má að hugmyndafræði Hafró brjóti í bága við náttúrulegumál, almenna vistfræði og reynslu. Skoðum kennisetingar þeirra nánar:

1. Hrygningarstofninn þarf að vera stór til þess að hann gefi af sér góða nýliðun

Sé stærð hrygningarstofns og nýliðun þorsstofnsins er sett upp í tímaröð kemur annað í ljós. Þegar hrygningarstofninn vex þá minnkar nýliðun. Þegar hrygningarstofn fer minnkandi þá vex nýliðun. Þetta er í hróplegu ósamræmi við það sem Hafró heldur fram.

Þetta öfuga samband má skýra þannig að þegar hrygningarstofn er stór, er heildarstofn einnig stór og hvorki þörf, pláss né matur fyrir ungvíði. Það hefur takmarkaða möguleika til uppvaxtar og er oft étið af stærri fiski. Þetta er hin sjálfvirka stjórnun stofnsins á sjálfum sér.

2. Mikilvægt er að friða smáfisk svo hann nái að stækka og fleiri verði stórir

Reynslan hefur leitt í ljós að þetta hefur ekki gengið eftir. Friðun smáfisks veldur auknu beitaralagi á fæðudýr, þau eru étin upp áður en þau ná að gagnast stærri fiski. Stærri fiskur þarf því að velja um að svelta eða éta undan sér. Hvort tveggja virðist gerast. Árið 1998



Það er búið að gera tilraun til að byggja upp eða stækka þorsstofninn með því að draga úr veiðum. Tilraunin hefur staðið í 30 ár. Árangurinn er að afli á næsta fiskveiðidári verður aðeins fjórðungur af því sem hann var þegar tilraunin hófst.

var ástandið svona, horaður fiskur með lítið annað en eigin ungvíði í maga. Enda minnkaði stofninn þá snögglega, þvert á væntingar því á þessum tíma taldi Hafró að uppbyggingin væri að skila sér og bætti í kvótana. Eftir að stofninn minnkaði var þetta skýrt með „ofmati“ í fyrri mælingum. Einkennilegt hjá heimslíði í ralli eins og þeir mátu sjálfa sig á þeim tíma.

Mikið var veitt hér af smáþorski allt fram að því að útlendingar fóru af miðunum og unnt var fara að „stjórna“ veiðunum. Dæmi um þetta er veiði Breta á sjöunda áratugnum en þá voru rúm 50% afli þeirra að fjölda til við eða undir núverandi viðmiðunarmörkum.

3. Fiskurinn þarf að fá frið til að hrygna

Stuðlað er að þessu með s.k. hrygningarstoppi, þ.e. að veiða ekki á hrygningarslóð um hrygningartímann og til öryggis kringum allt land í einhverjar vikur.

Til er að svara að fiskur hrygnir hvort sem hann fær „frið“ eða ekki. Fiskur í slíkum hugleiðingum er yfirleitt ekki að hugsa um hvað gerist í kringum hann. Þeir sem hafa fengist við lax- eða silungsveiðar þekja slíkt vel. Tíðkast hefur

frá alda öðli að herja á hrygnandi fisk, m.a. vegna þess hve auðvelt er að ná honum þegar hann safnast saman til hrygningar og er lítt var um sig. Áður fyrr var djöflast á hrygningarfiski án þess að það hefði nokkur áhrif en nú er floti netabáta sem áður stunduðu þessar veiðar að nær engu orðinn. Áður fyrr var á vertíðinni einni veitt tvöfalt það magn sem nú er leyfilegt að veiða allt árið.

Ekki er að sjá að þessi aðgerð hafi nokkru skilað. Því meiri friðun, þeim mun lélegri árgangur, það er reglan. (Þetta má auðveldlega skýra, þegar stofninn er stór er ekki þörf á ungvíði.)

4. Með því að veiða minna mun stofninn stækka

Reiknimeistararnir á Hafró trúa því að veiðar séu sá þáttur sem mest áhrif hefur á stofninn, hann stækki og minnki í hlutfalli við það sem úr honum er veitt. Til þess að þjóna þessu hafa þeir búið til „lögmal“ sem er að gera alla áhrifaþætti að fasta, setja náttúruleg afföll 20% á ári. Svo er leitast við að mæla aföllin og allt sem er umfram 20% er skrifað á veiðar. Þetta heitir nú á mannamáli að stinga höfðinu í sandinn og þykir ekki gæfulegt.

Sannleikurinn er sá að náttúruleg afföll eru mun meiri en veiðarnar, enda sýna rannsóknir á hrefnu að hún étur tvöfalt meira úr þorsstofninum en Hafró gefur sér sem öll náttúruleg afföll. Þeir sögðu sjálfir frá útreikningum á áti hrefnunnar en settu það ekki í samhengi. Merkilagt.

Þrátt fyrir svona upplýsingar um þversagnir í „vísindum“, ásamt þeirri bláköldu staðreynd að þorskaflí hafi minnkað um 2/3 á tímabili tilraunarinnar gerist ekkert. Stjórnámálemenn virðast alveg hafa tapað glórunni því þeir mæla með auknum fjárveitingum til Hafró. Þarna liggur e.t.v. hundurinn grafinn; allt í fári, meiri

rannsóknir, meiri peninga. Stofnanir þurfa nefnilega að viðhalda sjálfum sér. Fróðlegt verður að fylgjast með framhaldinu, því líklegt er að mikil fiskgengd verði á vertíð í vetur – en engir mega veiða.

Jón Kristjánsson
fiskifræðingur

Savage Arms

ACCUTRIGGER ACCUSTOCK **SONIC** SONIC hljóðdeyfa á alla riffla **SONIC** ACCUTRIGGER ACCUSTOCK

Savage B22 Precision cal. 22 Lr. og 17 HMR
Með sjónauka Pro target 4-16x40 **kr. 149.900**
kr. 129.900

Savage B17 FXPNS-SR cal 17 HMR, snittaður, sjónauki Weaver 3-9x49 **kr. 83.900**

Savage AXIS II XP cal. 223, 243 og 270 Bushnell sjónauki 3-9x40 stillanlegur gikkur **kr. 99.900**

Mark II FVXP með 3-9x49 Mark II FVXP, 22 cal með þungu hlaupi sjónauki 3-9x40 Bushnell, cal: 22 LR **kr. 75.900**

110 APEX PRETATOR XP cal 204, 223, 243, 6,5 Creedmoor sjónauki 4-12x44 Vortex. Þungt snittað fluttet hlaup **Kr 154.900**
Með hljóðdeyfi **kr. 189.900**

Vesturróst

Sérverslun veiðimannsins - Laugavegi 178 - sími: 551 - 6770 - www.vesturrost.is

ER BARNIÐ ÖRUGGT Á ÞÍNU BÚÍ?

Börn eiga ekki að leika sér í dráttarvélum eða í kringum þær. Það getur reynst lífs-hættulegur leikur.

Landbúnaðurinn er frábrugðinn mörgum öðrum atvinnugreinum að því leyti að býlið er jafnframt heimili fjölskyldunnar. Þannig er vinnustaður bóndans oft á tíðum leikvöllur barnanna á sama tíma.

Kynntu þér leiðbeiningaefni um öryggi og vinnuvernd í landbúnaði á bondi.is

ER ÞITT BÚ ÖRUGGUR OG GÓÐUR VINNUSTAÐUR?

Búum vel
ÖRYGGI • HELSA • UMÞVERPI

ÚRVAL HEYVINNUTÆKJA FRÁ MASSEY FERGUSON TIL AFHENDINGAR STRAX Á HAGSTÆÐU VERÐI

MF RB 3130F RÚLLUSAMSTÆÐA

BÚVÉLAR
Austurvegur 69 - 800 Selfoss
Sími 480 0080
buvelar.is

MASSEY FERGUSON

EXPERIENCE

MASSEY FERGUSON

Lely Center Ísland

TINDAR OG HNÍFAR GOTT ÚRVAL

Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

rkubondinn.is
Tranavogi 3, 104 Reykjavík. S:888 1185

12V/24V 8KW DIESEL AIR HEATER

Til í slaginn

– um nýlokið samvinnuverkefni SG og LSE

Fyrir nokkrum mánuðum síðan var undirritaður samningur milli atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis og Sambands garðyrkjubænda. Samningurinn byggði á framlagi til loftslagsmála fyrir árið 2020.

Í framhaldi af þessum samningi gerðu Landssamtök skógareigenda (LSE) og Samband garðyrkjubænda (SG) með sér tímabundinn samstarfssamning þar sem markmiðið var m.a. að vinna saman að sviðsmyndagreiningu fyrir skógarplöntuframleiðslu og skoða tækifærin við framleiðslu á vottuðum kolefniseiningum með nýskógrækt. Skógarplöntuframleiðsla og skógrækt eru óaðskiljanlegir þættir og því þótti vel við hæfi að LSE og SG ynnu saman að þessu verkefni.

LSE og Bændasamtökin hafa staðið saman að verkefni sem heitir Kolefnisbrúin og þar hefur myndast mjög góð þekking á kolefnisbindingu með nýskógrækt. Þar hefur því byggst upp þekking á kolefnisbindingarmálum sem nýttist vel í þessu verkefni. Fyrsta skrefið og jafnframt eitt það mikilvægasta við kolefnisútreikning er að átta sig á sínu eigin kolefnisþori. Nokkrar aðferðir eru til við að reikna út kolefnisþorið og lét t.d. SG útbúa reiknivél fyrir nokkru, sem getur aðstoðað garðyrkjubændur við útreikning á kolefnisþori. Einnig hefur RML verið að vinna að reiknivél sem ætti að geta gefið nokkuð góða mynd af því hvert kolefnisþor er hjá bændum/landeigendum. Sem hluti af þessu verkefni, þá var reiknuð út vænt kolefnisbinding nokkurra garðyrkjubænda með nýskógrækt og einnig kannaður fjárhagslegur fýsileiki þess að ráðast í kolefnisbindingarverkefni. Jarðinnar voru víðsvegar um landið og mjög ólíkar af stærð sem gaf þá mjög mismunandi niðurstöðu.

Mikilvægi vottunar var áréttað í yfirlýsingu frá Loftslagsráði sl. haust, þar sem fólk og fyrirtæki var minnt á að hafa í huga ábyrga kolefnisjöfnun. Þetta verkefni okkar byggði á því að unnið sé með nýskógrækt og vottaðar kolefniseiningar. Þetta þýðir að raun kolefniseiningar verða ekki til, fyrr en búin er að taka út skógin, votta og skrá í grunn (kolefnisgrunn/loftslagskrá). Þá er mælt hversu mikið kolefnisþor skógurinn hefur bundið og ekki er hægt að sýsla með fleiri einingar en einungis þær sem skógurinn hefur raunverulega bundið. Gera má ráð fyrir að það taki nokkur ár að fá fyrstu vottuðu einingarnar með nýskógrækt skráðar. Það er því mikilvægt að koma verkefnum af stað sem fyrst, þannig að vottaðar einingar geti komist á markað innan fárra ára, þar sem þörfin mun mjög líklega fara vaxandi á komandi árum, m.a. þar sem fjölmörg fyrirtæki og þjóðir hafa list því yfir að þau stefni að kolefnishlutleysi fyrir árið 2040.



LANDSSAMTÖK SKÓGAREIGENDA

Á meðan á þessu verkefninu LSE og SG stóð, þá réðst LSE í mjög metnaðarfulla útgáfu á tímaritinu sínu Við skógareigendur. Blaðið hefur komið út einu sinni á ári og að þessu sinni var blaðið helgað kolefnisbindingu með skógrækt. Blaðið er mjög yfirgripsmikið og hefur að geyma mjög mikinn fróðleik um kolefnisbindingu og skógrækt. Fyrir utan að vera fréttablað skógarbænda var ætlunin að ná til fleiri lesenda að þessu sinni og var því sent út á öll lögbýli landsins og gefið út í 7.000 eintökum.

Kolefnisbinding var þar með þakkynt lesendum og með þekkingu og fróðleik er vonin sú að aukin eftirspurn verði á plöntuframleiðslu og uppgangur verði í skógrækt með tilkomu þessa nýja tekjumöuleika, kolefnisbindingar. Einnig hefur verið útbúið fræðslumyndband um kolefnisbindingu sem hægt er að nálgast á heimasíðu LSE

Sviðsmyndagreiningin

Annar hluti þessa verkefnis var að fara í ítarlega sviðsmyndagreiningu á skógarplöntuframleiðslu. Í greiningunni var lagt mat á hversu áreiðanlegir fjármunir eru í hverjum lið, bæði til skamms og langs tíma og einnig er sett plöntuþörf við hvern lið.

- I - Miðað við óbreytta stöðu – gróðursetning um fimm milljóna plantna á ári og nánast allt fjármagnað af ríkinu.
- II Markmið Íslands í kolefnismálum – Kolefnishlutleysi árið 2040.
- III Landeigendur/bændur/ fyrirtæki/félagasamtök/ opinberar stofnanir ráðist í verkefni sem stuðli að aukinni kolefnisbindingu.
- IV Samdráttur vegna hagræðingakröfu út af Covid – Þrjár milljónir plantna á ári

Samkvæmt samtölum og upplýsingum frá skógarplöntuframleiðendum er framleiðslugetan í efri mörkum eins og staðan er í dag. Mikilvægt er að aukinn fyrirsjáanleiki sé í þessari atvinnugrein, til að hægt sé að fjárfesta og sjá fram á að fjárfestingin

borgi sig. Samningar til lengri tíma væru því vænlegir til árangurs. Búast má við að markaður stækki með vottaðar kolefniseiningar á næstu árum með aukinni þekkingu og vitund á mikilvægi vottunar. Skógræktarverkefni eru með mikið forskot þegar kemur að því að koma vottuðum kolefniseiningum á markað. Áratuga rannsóknir eru til hér á landi varðandi kolefnisbindingu í skógum og tiltölulega einfalt er að mæla og/ eða áætla kolefnisbindingu trjáa. Þessi staðreynd og fjölmörg önnur jákvæð hliðaráhrif skógræktar, gerir skógrækt og kolefnisbindingu trjáa eftirsóknarverðan kost hjá einstaklingum, fyrirtækjum og fjárfestum.

Það er ekki raunhæft að gíra skógarplöntuframleiðslu upp í 8 eða 12 milljónir strax á næsta ári. Það tekur sennilega minnst 3-4 ár að komast upp í 12 milljónir árlega plöntuframleiðslu vegna þarfar á uppbyggingu gróðrarstöðva og fjármunir koma ekki allir í einu. Það hentar skógrækt illa að vera á fjárlögum til eins árs í senn þar sem skógrækt er „langhlaup“ og því mikilvægt að skapa fyrirsjáanleika fyrir greinina með langtímahugsun, fjárfestingu og stefnu. Með því móti, væri möguleiki fyrir t.d. framleiðendur á skógarplöntum að ráðast í aukna sérhæfingu og nauðsynlegar fjárfestingar sem yrðu öllum til góða.

Íslenska ríkið getur haft hvetjandi áhrif á skógrækt með ýmsum hætti, sem myndi auka líkurnar á því að við náum okkar markmiðum varðandi kolefnishlutleysi árið 2040. Ákveðnar fyrirmyndir eru til staðar, eins og t.d. sú sem snýr að niðurfellingu gjalda á rafmagnsbílum. Hægt væri t.d. að endurgreiða virðisaukaskatt af verkefnum sem snúa að kolefnisbindingu með skógrækt. Eins er mikilvægt fyrir íslenskt stjórnmöld að átta sig á því að ef við ætlum okkur að nýta skógrækt sem hluta af baráttu okkar við að ná loftslagsmarkmiðunum, þá er eins gott að fara að byrja strax að gróðursetja skóg – skógur er jú ein náttúrulegasta og árangursríkasta

leiðin til að binda kolefni. Með því að ráðast í öflugt átak í skógrækt, sem myndi leiða til mikillar bindingar ásamt því að auka störf og skapa auðlind og tækifæri, fyrir komandi kynslóðir.

Mikil samfélagsumræða er í gangi um þörfina á auknum aðgerðum í loftslagsmálum og bjartsýni ríkir um að efnahagur þjóðarinnar verði fljótur að rétta úr sér eftir Covid. Það eru því litlar ástæður til að ætla að skorðið verði niður til skógræktar á komandi árum (sviðsmynd IV) eða að gróðursetning staðni við 5 milljónir plantna (sviðsmynd I). Niðurstæða sviðsmyndagreiningarinnar er því sú að líklegast sé að blanda af sviðsmundum II og III eigi sér stað, þ.e. að ríkið auki við skógrækt til að mæta skuldbindingum um kolefnishlutleysi og að einkaaðilar komi sterkar inn í fjármögnun skógræktar til að mæta kröfum um framlag til loftslagsmála. Svartsýn útgáfa af þessari niðurstöðu er að skógrækt aukist hægt, komist í 6-7 milljónir plantna árið 2025 og aukist áfram hægt. Bjartsýn útgáfa er að skógrækt og plöntuþörf aukist hraðar, verði komin í 8-10 milljónir plantna árið 2025 og aukist síðan áfram eftir það.

Meðan á vinnu við verkefnið stóð, kom enn betur í ljós hversu mikilvægt er að góð samvinna og samstarf sé milli skógarplöntuframleiðenda og skógarbænda. Mikilvægt er að skógarbændur þekki til framleiðsluferlis skógarplantna (t.d. hversu langan tíma tekur að rækta plöntur) og sameiginlegir hagsmunir eru á mörgum sviðum. Mikilvægt er að halda þessu samstarfi áfram og sú staðreynd að bæði LSE og SG verða hluti af Bændasamtökum Íslands innan tíðar, þá er kjörið að nýta þann vettvang til þess að vinna saman að góðum verkefnum sem þjóna hagsmunum beggja þessara félaga. Það er því von okkar sem höfum unnið að þessu verkefni að það muni halda áfram í sterkari mynd.

*Haflíði Hörður Haflíðason,
verkefnisstjóri hjá
Kolefnisbrúnni*

Lely Center Ísland




Baggaspjót

Reykjavík: Krókháls 5F - Sími 414 0000 - www.lci.is
Akureyri: Óðinsnes 2 - Sími 464 8600



PINN GARÐUR Þín kolefnisbinding



Blómabeð með fjölbláum og gulum litum.

Fjölærar plöntur

Fjölærar plöntur, eða fjölær-
ingar, eru allar plöntur sem lifa
lengur en eitt ár en þó er ákveðin
málvenja að nota þetta hugtak
fjölæringar aðallega um jurt-
kenndar plöntur sem fella blöð
og stöngla yfir veturinn og lifa
kuldann og trekkinn af sem
fordalífæri í jarðveginum.

Velja vaxtarstað við hæfi

Í garðplöntustöðvum er ótrúlega
fjölbreytt úrval af fjölær-
ingum sem henta fyrir hvers konar vax-
tarstaði í garðinum, nema kannski
helst undir kjallaratröppum í niða-



Primula sp. Blandað primúlubeð hjá
Brynhildi í Fjallalind 25. júlí 2018.

myrkri, þar væri heppilegra að nota
plastblóm. Fjölæringar eru seldir í
pottum og eru pottarnir misstórir
eftir því hversu mikið rými
plönturnar þurfa. Við gróðurset-
ningu þessara plantna er nauðsyn-
legt að velja þeim vaxtarstað við
hæfi og gefa garðyrkjufraeðingar
góð ráð um það, hér er átt við það
hvort vaxtarstaðurinn sé sólríkur
eða skuggsæll, vindasamur eða í
skjóli, jarðvegurinn þurr eða rakur
og svo framvegis

Þegar staðsetningin er á hreinu
er búin til hola sem er ríflega stærð
pottsins á stærð, lífrænum áburði
eins og moltu eða búfjáraþurði
komið fyrir í holunni ef um stór-
vaxnar plöntur er að ræða en stein-
hæðaplöntur eða aðrar plöntur sem
eru nægjusaman þurfa ekki svona
langtímanesti með sér. Plantan er
losuð varlega úr pottinum og henni
komið fyrir í holunni þannig að hún
standi svipað djúpt og áður og svo
er moldinni mokað varlega að rót-
unum, þjappað hæfilega niður með
plöntunni til að tryggja að ekki séu
lofttrými meðfram rótakerfinu. Svo
er að sjálfsögðu vökvað vel yfir.
Ef plantan er ekki á nákvæmlega
réttum stað er svo lítið mál að taka
hana upp og flytja hana um set,
blómabeð eru sem betur fer ekki
klöppuð í stein og um að gera að
færa til plöntur sem ekki eru rétt
staðsettar.



Blátt fjölæringabeð.

Fjölyrtar og fjölærðar!

Til gamans má svo láta fljóta
með nokkrar orðskýringar sem
tengjast þessum plöntuhópi en
oft vefst fyrir leikmönnum hið
sérhæfða tungutak garðyrkjunnar,
sérstaklega þegar kemur að
fjölærum plöntum. Fjölærar
plöntur eru plöntur sem lifa í fleiri
en eitt ár. Þetta getur afbakast á
ýmsan hátt, stundum er beðið um
fjölærðar plöntur (væntanlega
plöntur sem eru settar saman í hóp
og öskrað á þær þar til þær ærast),
fjölyrtar plöntur (plöntur sem svara
þegar talað er við þær og samkjafa
ekki), fjölærnar plöntur (plöntur
sem eru ekki við eina fjölinu felldar
í ástarmálum) og síðast en ekki
síst fjölhærðar plöntur (væntanlega
kafloðnar á ýmsum stöðum). /gh

Árnanes (Höfn 6km)

Vönduð gisting í fallegu umhverfi,
fjölbreytt afþreying.
Leitið tilboða.

www.arnanes.is / arnanes@arnanes.is / S. 478-1550 & 896-6412

Husqvarna Construction Products

HÁ verslun ehf tók við umboði Husqvarna byggingavörum
á Íslandi þann 11. júní.

- Steinsagir
- Kjarnaborvélar
- Jarðvegsþjoppur
- Sagarblöð
- Kjarnaborar



Þjónustuverkstæði og varahlutir

HÁ
VERSLUN

Víkurbær 4
203 Kópavogur
Opíð mán. - fös. kl. 8-17.
S. 588-0028
haverslun.is

EYJALIND

Belti og undirvagnshlutir
- fyrir smágröfur



Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Magnús Leópoldsson, lögg. fasteignasali

FASTEIGNAMIDSTÖÐIN

Hlíðasmára 17 · 201 Kópavogi · Sími 550 3000 · Fax 550 3001
fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is · www.fasteignamidstodin.is

Goddastaðir í Laxárdal



Fasteignamiðstöðin Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi s. 550 3000 er með
til sölu jörðina Goddastaði í Laxárdal Dalabyggð.

Húsakostur m.a. myndarlegt steinsteypt íbúðarhús byggt árið 1976. Húsið er á
tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr stærð samtals 299,1 fm.
Tvær íbúðir eru í húsinu. Á efri hæð er andyri og eldhús, þvottahús baðherbergi
og fjögur svefnherbergi og stofa. Á neðri hæð er andyri, tvö svefnherbergi, stofa,
eldhús og þvottahús. Einnig eru fjárhús, hlöður og geymslur allt eldri hús.
Kalt vatn frá samveitu. Landstærð er talin vera um 320 hektarar. Jörðin er aðili
að Veidifélagi Laxár og eru veiðiteklar töluverðar.
Á Goddastöðum var búið með sauðfé. Gæti hentað vel m.a. í skógrækt og eða
ferðaþjónustu. Áhugaverð jörð á söguöldum Laxdælu.

Nánari upplýsingar í síma 550 3000 eða
á netfangið magnus@fasteignamidstodin.is

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

Peltor heyrnarhlífar

XPI WS ALERT APP
með hleðslutæki og bluetooth

Hægt er að tengja tvo síma í einu.
Tenging við Bluetooth talstöðvar.
Bleikar og bláar skeljar, hljóðnemahlíf
og auka púðar fylgja.



DYNJANDI
allt fyrir öryggið

Skeifunni 3h || Sími: 588 5080 || dynjandi.is



Hágæða kaviar er ekki matur, hann er munaðarvara, tákn um ríkidæmi og af honum geislar dýrðarljómi.

Draumur í dós

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



Hágæða kaviar er ekki matur, hann er munaðarvara, tákn um ríkidæmi og af honum geislar dýrðarljómi. Draumur sem fæstir hafa efni á að smakka, enda er kaviar úr villtum styrjum fágæt ne plus ultra smáréttanna og hver munnbiti ævintýralega dýr.

Kaviar er söltuð hrogn villtra fiska sem kallast styrjur og eru af ættinni Acipenseridae, sem talið er að hafi komið fram á sjónarsviðið fyrir 245 til 208 milljón árum og teljast því fornir fiskar. Styrjur eru hægvaxta fiskar og líftími þeirra er allt að eitt hundrað ár.

Ættin skiptist í fjórar ættkvíslir, Acipenser, Huso, Scaphirhynchus og Pseudoscaphirhynchus. Nokkrar tegundir styrja er nýttar til framleiðslu á kaviar og þeirra bestar eru sagðar vera tegundirnar beluga (H. huso), ossetra (A. gueldenstaedtii) og sevuga (A. stellatus).

Af öðrum tegundum styrja sem unninn er úr kaviar sem ekki þykir neitt slor eru sterlet (A. ruthenus), sem er lítil stofn sem finnst í ám sem renna í Svarta-, Azov- og Kaspíahaf og í ám í Síberíu. Kalugastyrjur (H. dauricus) eru ránfiskur sem finnst í mynni árinna Amur, sem er tíunda lengsta á í heimi og rennur um austanvert Rússland til norðausturhluta Kína. Kalugastyrjur eru stærstu styrjurnar og með stærstu ferskvatnsfiskum í heimi og ná tæpum sex metrum

Á borðið:

Humar
Tungur
Lax 3 teg.
Sardínur 4 teg.
Kaviar
Sild
Kæfa
Ostar
Pylsur
Sulta

fæst í

Liverpool.

Auglýsing í Morgunblaðinu 1919.

að lengd og góðu tonni að þyngd. Hvítar styrjur eða amerískar styrjur (A. transmontanus) finnast í vötnum frá Alaskaflóa suður til Kaliforníu. Sala á kaviar úr villtum hvítum styrjum er ólögleg en hrogn eru seld úr fiskum í eldi. Kaviar er einnig unninn úr Síberíustyrju (A. baerii) sem finnst í ám í Síberíu sem renna í Norðurheimsskautahafið.

Allar ofangreindar tegundir eru taldar ofveiddar og sumar eru í útrýmingarhættu.

Í seinni tíð er farið að kalla og selja hrogn ýmissa tegunda fiska, þorsks, hrognkelsis og fleiri tegunda, sem kaviar en samkvæmt FAO, Alþjóða matvæla- og land-



Kaviar úr beluga-styrju (Huso huso) er sagður sá besti í heimi.

búnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna flokkast hrogn fiska utan Acipenseridae-ættarinnar ekki sem kaviar heldur sem kaviarlíki. Þessi skilgreining gildir einnig hjá CITES, Convention on International Trade in Endangered Species of Wild Fauna and Flora og WWF, World Wide Fund for Nature, og tollayfirvöldum í Bandaríkjunum Norður-Ameríku, Frakklandi og víðar um heim.

Saga

Heitið kaviar mun komið úr persnesku, khavia, eða tyrknesku, khavyar, og varð khávyar á rómversku og þýðir eggja- eða hrognberi.

Fyrsta skráða heimild um kaviar er frá því á fjórðu öld fyrir Kristsburð þar sem gríski heimspekingurinn Aristóteles lýsir þeim sem hrognum úr styrju sem borin voru til veislu ásamt rósablöðum og lúdrablæstri.

Annars staðar segir að meðalstór krukka af kaviar hafi sama verðgildi og eitt hundrað kindur og því ekki nema á færi allra ríkustu manna að kaupa hann.

Vitað er að grískir aðalsmenn á tíundu öld gæddu sér á kaviar sem unninn var úr styrjum úr Azovhafi sem tengist norðausturhluta Svartahafs með fjögurra kílómetra breiðu sundi og grynna hafi í heimi og um 14 metra djúpt þar sem það er dýpst. Rómverjar höfðu mikið dálæti á kaviar litu þeir á styrju sem besta matfisk í heimi.

Árið 1324 setti Edward II Bretakonungur lög um að allar styrjur sem fundust við Bretland væri eign bresku konungsfjölskyldunnar eins og hvalir voru fyrir. Í framhaldi af þeirri ákvörðun fengu styrjur viðurnefnið „royal fish“. Lögin eru enn í gildi.

Ítalski kokkurinn Cristoforo di Messisbugo á líklega heiðurinn af

því að vera fyrstur manna til að segja frá notkun á kaviar í matreiðslubók. Í bókinni, sem kallast því þjála nafni Libro novo nel qual si insegna a far d'ogni sorte di vivanda og var gefin út í Feneyjum árið 1564, lýsir Messisbugo því hvernig hrogn eru hantéruð og geymd til að vera sem ferskust við neyslu. Franski rithöfundurinn Joseph Jérôme Lefrançois de Lalande, sem ferðaðist um Ítalíu um 1770 og skrifaði bók um ferðalag sem kallast Voyage en Italie, segir að styrja sé mikið veidd í mynni árinna Pó og í ám á Ferrara-svæðinu sem er skammt frá Feneyjum.

Nokkrum áratugum áður áttu Feneyjar og Páfagarður í svo alvarlegum deilum vegna veiðiréttinda á styrju í áni Pó og Ferrara-svæðinu að við lá að stríð brytist út milli borggríjanna.

Spænski rithöfundurinn Cervantes segir frá í sögu sinni um riddarann Don Quixote hugvillta, sem kom fyrst út 1605, að kaviar sé borinn til borðs í veislu hjá þýskum pílagrínum.

Ekki voru allir aðalsmenn jafnhrifnir og segir sagan að þegar Loðvík XV var barn, en þegar krýndur konungur Frakklands snemma á átjándu öld, hafi sendiherra Péturs mikla Rússlandskeisara boðið honum skeið af hágæða beluga-kaviar sem fluttur hafði verið sérstaklega til Frakklands sem gjöf til konungsins. Loðvík litli var ekki hrifnari en svo af kaviarum að hann spýtti honum samstundis út úr sér á teppalagt gólfíð í Versölum og gretti sig af viðbjóði.

Í framhaldi af byltingunni í Rússlandi 1917 flúði fjöldi rússneskra aðalsmanna heimaland sitt



Styrjur eru þróunarlega fornir fiskar sem eru lengi að vaxa og geta sumar tegundir orðið allt að hundrað ára gamlar.

með þau auðævi sem þeir gátu. Margir þeirra settust að í París og tóku upp fyrri neyslusiði og kavíar varð gríðarlega eftirsóttur í borginni.

Veiði á villtri styrju

Árið 1556 lagði Ívan grimmi Rússakeisari undir sig stór landsvæði frá Svartahafi og austur að Kaspíahafi, þar sem Georgía, Armenía og Aserbaísjan eru í dag. Með landvinningunum náðu Rússar yfirráðum yfir helstu styrjumíðum heims og um leið kavíarmarkaðinum. Í framhaldi af því tengdist kavíar rússneska aðlinum og vinsældir hans jukust meðal aðalsins í Evrópu og allt fram að rússnesku byltingunni og falli Romanov-ættarinnar 1917 tengdist neysla á kavíar kóngafólki og miklu ríkidæmi. Eftirspurnin eftir kavíar var svo mikil í valdatíð Péturs og Katrínar miklu á átjándu öld að það lá við að styrjustofninum væri útrýmt og á sumum stöðum er hann enn illa haldinn vegna ólögglegra veiða. Illa ígrundaðar og stórtækar áveituframkvæmdir í stjórnartíð Stalíns höfðu einnig verulega slæm áhrif á vistkerfi styrja og stuðluðu að hruni þeirra. Á árunum 2008 til 2011 var framleiðsla á kavíar bönnuð í Rússlandi á þeim forsendum að styrkja þyrfti styrjustofnana í landinu.

Veiðar á styrju náðu hámarki í Norður-Ameríku um 1880. Mikið magn af styrjuhrognum var flutt út til Evrópu þrátt fyrir að gæði Ameríkukavíarsins þættu lakari en þess rússneska. Slyngir og óprúttir hrognasalar í Evrópu áttu það til að kaupa ódýran kavíar frá Norður-Ameríku og umpakka honum og selja aftur vestur yfir Atlantshaf á mun hærra verði í umbúðum sem merktar voru sem rússneskur kavíar.

Fljótleiga eftir að kavíaræðið náði hámarki í Norður-Ameríku hrundu veiðarnar vegna ofnýtingar.

Árið 2005 var innflutningur á kavíar úr villtri beluga-styrju bannaður til Bandaríkjanna Norður-Ameríku í viðleitni til að vernda stofninn fyrir ofveiði. Ári seinna fylgdi CITES í kjölfarið og samþykkti bann með verslun á hrognum úr villtri styrju. Banninu var að hluta til aflétt 2007 og verslun með 96 tonn af villtum styrjuhrognum leyfð og í dag eru Rússland og Stan-löndin í Mið-Asíu helstu útflytjendurnir.

Eldi og framleiðsla

Árleg heimsframleiðsla á kavíar er um 370 tonn á ári og kemur að langstærstum hluta úr eldi og árleg aukning í framleiðslu er um 6,4%.

Kína er stærsti framleiðandinn með um 60% heimsframleiðslunnar. Stærsti framleiðandinn í Kína er fyrirtæki sem kallast Kaluga Queen og elur styrjur í Qiandao-vatni í Zhejiang-héraði í Austur-Kína. Ísrael framleiðir um fjögur tonn af kavíar í ánni Dan, sem er ein af hliðarám árinna Jórdan.



Kavíar skorinn úr beluga-styrju í eldi.



Beluga-kavíar.

Ítalir voru lengi gildandi á markaði með styrjuhrognum en vegna ofveiði fjaraði undan þeim. Árið 1972 hurfu styrjur nánast að fullu úr ám í Ítalíu en á allra síðustu árum hefur sést einstaka fiskur í ánni Pó. Allur kavíar sem framleiddur er á Ítalíu í dag, um 25 tonn á ári, kemur úr eldi.

Kanada og Bandaríki Norður-Ameríku framleiddu mikið af kavíar úr villtum vatnastyrjum (A. fulvescens), stuttnefsstyrju (A. brevirostrum) og Atlantshafastyrju (A. oxyrinchus oxyrinchus) á fyrri hluta 20. aldar. Allar tegundirnar eru taldar í útrýmingarhættu í dag vegna ofveiði.

Madagaskar var fyrsta Afríkuríkið til að hefja eldi styrju og framleiðslu

á kavíar árið 2018. Úrúgvæ er stærsti útflytjandi styrjuhrogna í Suður-Ameríku. Í Moldavíu eru framleidd um fimm tonn af beluga kavíar á ári og Malasía hefur verið að færa sig upp á skaftið í styrjueldi og markaðssetur hrognum undir heitinu Tropical Caviar. Sáði-Arabía hóf styrjueldi árið 2001 og framleiðslu á kavíar 2007 og árið 2015 var ársframleiðslan þar komin í 35 tonn.

Auk þess sem eitthvað er framleitt á kavíar á Spáni og á Bretlandseyjum.

Kavíarmauk

Þrátt fyrir að kavíar hafi notið mikilla vinsælda meðal aðalsins í



Lituð grásleppuhrogn eru seld sem kavíarlíki.

Evrópu í aldraðir var erfitt að fá fersk og léttsoltuð styrjuhrogn utan Rússlands þar til um miðja 19. öld. Fyrir þann tíma voru hrognin marin í mauk og ríflega söltuð til geymslu og flutnings. Þetta breytist árið 1859 með tilkomu járnbrautarlestar sem lág milli ánnu Volgu og Don sem voru á sínum tíma helstu flutningsæðar keisaradæmisins. Frá bökkum Don voru þau svo flutt til hafna við Svartahaf og þaðan sjóleiðina til Evrópu og hirða hefðarfólksins.

Vinnsla

Til að gæði kavíars verði sem mest er best að kreista hrognin úr hrygnunum á meðan þær eru lifandi en oftast eru hrygnur í eldi dreppar áður en hrognin eru tekin úr þeim. Í hrognum úr dauðum hrygnum eru ensím sem skemma bragðið þeirra á skömmum tíma. Hrognin eru síðan sigtuð til að losa þau við himnu sem umlykur þau og skoluð. Að því loknu eru þau sett í saltþækil og loftþéttar umbúðir sem eru geymdar í ár við hita rétt undir frostmarki. Í geymslunni taka hrognin í sig saltið úr þæklinum sem bæði eykur geymsluþol þeirra að gefur þeim aukið saltbragð.

Kavíar í bíó

James Bond, leyniþjónustumaðurinn snjalli, er þekktur fyrir þessari smekk og pantaði aldrei annað en beluga-kavíar og gerði það í kvikmyndunum On Her Majesty's Secret Service, A View to A Kill, The World is Not Enough og Casino Royale.

„Kavíar“ í kvikmyndum er oftast en ekki gerður úr plasti eða að hann er gerður úr trölláþara (Laminaria hyperboea) og finnst villtur í Norður-Atlantshafi. Trölláþarakavíarlíki er einnig á boðstólum fyrir veganista.

Kavíar á Íslandi

Á Íslandi og víðast um heim eru hrogn ýmiss konar fiska á boðstólum oft kölluð kavíar. Slíkt er rangnefni því einungis hrogn úr fáeinum tegundum styrja teljast sem kavíar. Grásleppuhrogn og hvað þá þorskhrogn í túpu teljast ekki kavíar, ekki einu sinni kavíar fátæka mannsins.

Í öðrum árgangi 1917, blaðs sem kallaðist Höfuðstaðurinn, segir að: „Austurríkismenn hafa bannað innflutning á öllum óþarfavörum, og skrautgripum til þess að koma í veg fyrir að fé fyrir það gangi út úr landinu. Meðal þess sem ekki má flytja inn eru ostrur, ávextir, kampavín, kavíar, kniplingar, silki, gimsteinar, leikhúskíkirar, úr, ilm-vötn og hverskonar hljóðfæri.“

Þjóðverjar munu hafa verið fyrstir til að hefja framleiðslu á kavíarlíki sem unnið var úr grásleppuhrognum sem voru lituð svört eða rauð og bragðbætt. Grásleppukavíarlíki er mun ódýrara en kavíar og talsvert vinsælt. Talsvert er framleitt af söltuðu grásleppuhrognalíki hér á landi í dag.

Í frétt frá 1946 segir að nýlega hafi „komin á markaðinn ný tegund af íslenskum kavíar, sem hefir verið framleiddur til útflutnings og þótt mjög góð vara. Hefir framleiðslan hingað til verið seld til Bandaríkjanna með góðum árangri. Það er firmað Þorgeir Pálsson, sem framleiðir vöruna. Kavíarinn er búinn til úr grásleppuhrognum, en ekki þorskhrognum, eins og mest af þeim kavíar, sem hjer hefir verið á boðstólum. Þeir, sem þekkja styrjukavíar fullyrða, að þessi nýja íslenska framleiðsla standi síft að

baki honum, hvað bragð og gæði snertir. Þessi íslenski kavíar fæst nú hjer í matvörubúðum í fyrsta skifti og er seldur í smekkglegum umbúðum, 30 gr. glerglösum, eins og hann er fluttur til útlanda. Kavíar þykir hið mesta lostæti og er notaður, sem álegg

á brauð, einkum „cocktailsnittur“, eða hann er borinn fram kældur í ís, sem sjerstakur rjettur og þá oft neytt með kampavíni. Það væri gott, ef Íslendingar gætu framleitt samkeppnisfæra vöru á þessu sviði, eins og útlit er fyrir af þeirri reynslu, sem fengist hefir með þessari nýja framleiðslu.“

Samkvæmt upplýsingum frá Landssambandi smábátaeigenda voru framleidd 660 tonn af grásleppuhrognakavíarlíki á Íslandi árið 2019.



Víða má fá þorskhrogn, í dósnum eða púpum, sem markaðssett eru sem kavíar. Þorskhrogn eru ekki kavíar, ekki einu sinni kavíar fátæka fólksins, þau eru kavíarlíki.

Nautaárgangurinn 2016 haslar sér völl

Guðmundur Jóhannesson
ráðunautur
í nautgriparækt
mundi@rml.is



Nýtt kynbótamat var keyrt núna í júní að loknu maíuppgjöri og því ekki úr vegi að líta á hvað er í boði, vege og meta nautin og kynna sér kosti þeirra og galla.

Fagrád í nautgriparækt ákvað að gera verulegar breytingar á reyndum nautum í dreifingu. Þannig fjölga þeim nú í nítján talsins enda um að ræða úrval öflugra gripa. Eldri kappar hverfa úr notkun og yngri naut hasla sér nú völl. Meðal þeirra er án efa að finna stjörnunaut, í það minnsta segir hið háa kynbótamat þessara gripa svo vera. Þau naut sem fara úr dreifingu eru Hæll 14008, Hnykkur 14029, Stáli 14050 og Ábóti 15029. Segja má að þeir hafi þjónað hlutverki sínu, séu fullnotaðir og víki nú fyrir nýrri kynslóð. Fram á sjónarsviðið geysast nú af fullum þunga nautin sem fædd voru árið 2016. Við fengum forsmeikinn af þeim í vetur þegar þrjú þeirra komu til dreifingar en nú bætast átta naut í hóp reyndra nauta.

Þau naut sem voru í dreifingu standa mjög vel við fyrri mat og gott betur en það. Við skulum byrja á því að líta aðeins nánar á þau naut sem áfram verða í dreifingu.

Kláus 14031, f. Hjarði 06029, mf. Laski 00010. Kláus gefur sérlega mjólkurlagnar kúr með góð efnahlutföll í mjólk. Þær eru einnig ákaflega skapgóðar en aðrir þættir liggja nærri meðaltali. Kláus var nautsfaðir og undanfarið hafa verið keyptir kálfar undan honum. Hann styrkti stöðu sína sem slíkur, hækkaði um tvö stig og er með 111 í heildareinkunn.

Bjarki 15011, f. Laufás 08003, mf. Ás 02048. Bjarki hækkar um eitt stig milli keyrslna og stendur nú með 107 í heildareinkunn. Hann fékk mikla notkun eftir að hann kom til dreifingar sem reynt naut þó dregið hafi úr henni undanfarið. Þarna er á ferðinni góður valkostur varðandi mjólkurlagni, góða jógurgerð og úrvalsgóðum mjóltum og skapi.

Rísi 15014, f. Laufás 08003, mf. Hjarði 06029. Rísi vikur úr hópi nautsfeðra fyrir sér yngri nautum en undan honum verða keyptir kálfar á stöð á næstu misserum. Hann er með jákvætt mat fyrir flesta þætti en hvað öflugastur hvað afurðagetu snertir, einkum mjólkurmagn og fituhlutfall. Þá er jógurgerð dætranna góð, spenar fremur stuttir, mjaltir góðar og skapið framúrskarandi. Dætur



Númi 16038 er frá Gaulverjabæ í Flóa.

Rísa eru stórar kúr, nokkuð sem gott er að hafa í huga við notkun hans. Rísi stendur við fyrri mat og er með heildareinkunn upp á 108.

Köngull 05019, f. Toppur 07046, mf. Bambi 08049. Köngull er öflugt efnahlutfallanaut, jógurgerð dætra með afbrigðum góð og spenar vel gerðir en stuttir. Köngull lækkar um eitt stig og er með 107 í heildareinkunn.

Steinar 15042, f. Bambi 08049, mf. Gæi 09047. Steinar vikur úr hópi nautsfeðra en vænta má þess að undan honum verði keyptir kálfar á stöð á næstu misserum. Dætur hans flagga stórgóðri jógurgerð, mjög góðum mjóltum og skapi. Aðrir eiginleikar liggja nær meðaltalinu en allir jákvæðu megin línunnar. Benda má á að Steinar gefur hæfilega þykka spena, það er ekki of granna. Steinar er með 110 í heildareinkunn sem fyrr.

Mikki 15043, f. Sandur 07014, mf. Bambi 08049. Mikki er efnahlutfallanaut auk þess sem dætur hans státa af úrvalsgóðri jógurgerð og góðum mjóltum og skapi. Hafa þarf í huga að hann gefur granna spena. Mikki verður áfram nautsfaðir og með 110 í heildareinkunn eftir að lækka um eitt stig.

Sjúss 15048, f. Flekkur 08029, mf. Glæðir 02001. Sjúss er efnahlutfallanaut sem gefur jógurhraustar kúr með góða jógurgerð og stutta spena. Hann er auk þess fjarskyldari afkomendum Laska en mörg önnur hinna reyndu nauta sem eru í notkun. Sjúss er með 107 í heildareinkunn eins og eftir síðustu keyrslu.

Tanni 15065, f. Sandur 07014, mf. Koli 06003. Tanni gefur

mjólkurlagnar og ákaflega jógurhraustar kúr með úrvalsgóða jógurgerð en spenar eru langir og grannir. Tanni hækkar um tvö stig og er með 109 í heildareinkunn en hverfur engu að síður úr hópi nautsfeðra. Undan honum verða þó keyptir kálfar á komandi misserum.

Knöttur 16006, f. Bolti 09021, mf. Bambi 08049. Knöttur kom með látum til notkunar sem nautsfaðir í vetur og styrkir stöðu sína enn frekar nú. Knöttur er efnahlutfallanaut auk þess sem dætur hans eru jógurhraustar með úrvalsgóða jógurgerð, góðar mjaltir og gott skap. Knöttur verður áfram notaður sem nautsfaðir og er með 113 í heildareinkunn sem skipar honum í röð alhæstu nauta.

Bikar 16008, f. Bambi 08049, mf. Vindill 05028. Bikar hækkar um tvö stig milli keyrslna og stendur nú með 115 í heildareinkunn. Hann er því efstur allra nauta ásamt föður sínum, Bamba 08049. Dætur Bikars er miklar mjólkurkúr með úrtöku góða jógurgerð og sérlega góðar mjaltir og skap. Það kemur því ekki á óvart að Bikar skipar sér nú í hóp nautsfeðra.

Jarfi 16016, f. Bambi 08049, Stíll 04041. Styrkleikar Jarfa liggja í mikilli jógurhreyfni, frábærri jógurgerð, góðum mjóltum og geysigóðu skapi auk þess sem dætur hans skora hátt í gæðaröð. Rétt er að hafa bak við eyrað að spenar eru grannir en gríðarvel settir. Heildareinkunn hans hækkar um tvö stig og stendur nú í 114. Það þýðir að Jarfi er með alhæstu nautum í dag.

Ný reynd naut í notkun

Að þessu sinni var ákveðið að taka átta ný naut til notkunar sem reynd



Jónki 16036 frá Stóra-Dunhaga í Hörgársveit.

naut og við val þeirra var horft til þess að dreifa faðerni þeirra eins og hægt er. Fagrád ákvað jafnframt að teygja sig eins langt og hægt er út frá fjölda dætra á bak við afkvæmadóminn vitandi það að hann getur tekið breytingum. Þau naut sem valin eru á þeim grunni eru þó það há í mati að þetta þykir réttlætlegt. Til notkunar koma þrír Gustssynir, einn Góasonur, einn Bambasonur, einn Klettssonur, einn Flekkssonur og einn Keipssonur. Hér verður farið yfir þau og helstu einkenni dætrahópa þeirra.

Álmur 16007 er frá Svertingsstöðum 2 í Eyjafirði undan Kletti 08030 og Lenu 522 Glæðisdóttur 02001. Álmsdætur er miklar mjólkurkúr með góð verðefni í mjólk auk þess sem mjaltir og skap er með því besta sem gerist. Hins vegar er jógurgerð ekki nema meðalgóð þar sem verulega skortir á að jógurband sé nógu greinilegt auk þess sem spenar eru nokkuð gleitir. Það þarf því að vanda til þörunar með Almi en hann hefur kosti sem vert er að sækja í. Heildareinkunn hans er mjög góð eða 109.

Skírnir 16018 er frá Miðfelli 5 í Hrunamannahreppi undan Gusti 09003 og Mánu 384 Sírúsdóttur 02032. Þarna er á ferðinni naut sem gefur góðar mjólkurkúr með há efnahlutföll í mjólk, góða jógur- og spenagerð auk mjög góðra mjalta og skaps. Heildareinkunn hans er 111 og því ekki að undra að hann kemur til nota sem nautsfaðir.

Róður 16019 frá Stóra-Dunhaga í Hörgársveit undan Keip 07054 og Þrumu 451 Lykiladóttur 02003. Róðursdætur eru góðar mjólkurkúr með há efnahlutföll í mjólk, sérstaklega prótein sem er gríðarhátt. Dæturnar skarta prýðisgóðri jógurgerð, fremur stuttum spenum og góðu skapi

en mjaltir eru meðalmjaltir. Heildareinkunn Róðurs er 111 og á þeim styrka grunni er hann tekinn í hóp nautsfeðra.

Dalur 16025 er frá Dalbæ í Flóa undan Bamba 08049 og Aðalbjörgu 510 Aðalsdóttur 02039. Dætur Dals eru í góðu meðallagi hvað afurðagetu snertir, jógurgerðin er góð en sérstaklega er jógurbandið greinilegt. Spenar eru vel settir og fremur þykkir, nokkuð sem má notfæra sér gagnvart kúm með granna spena. Þá eru mjaltir og skap úrvalsgott hvoru tveggja. Heildareinkunn Dals er góð eða 109.

Kári 16026 er frá Káranesi í Kjós undan Gusti 09003 og Öreiðu 312 Sandsdóttur 07014. Afurðagetu dætra Kára er ekki nema um meðallag en hann er valinn á grunni mikillar jógurhreyfni og framúrskarandi jógurgerðar þar sem hann skorar jafnhátt og Tanni og Jarfi. Þá eru mjaltir stórgóðar sem og skapið. Heildareinkunn Kára er allgóð eða 107 en hann býður upp á kosti sem vert er að hafa í huga.

Höttur 16028 er frá Egilsstöðum á Völlum undan Flekk 08029 og Frævu 978 Glæðisdóttur 02001. Dætur Hattar eru miklar mjólkurkúr með próteinhlutfall í mjólk auk þess sem jógurgerðin er úrvalsgóð. Hann gefur nokkuð granna en vel setta spena en skapið er undir meðallagi. Þá verður ekki horft framhá því að dætur hans eru lágfættar, nokkuð sem hafa verður í huga við notkun hans. Heildareinkunn Hattar er mjög há eða 111.

Jónki 16036 er frá Stóra-Dunhaga í Hörgársveit undan Góa 08037 og Ingvaldi 501 Flóadóttur 02029. Þarna er á ferðinni naut sem gefur gríðarmiklar mjólkurkúr með góðar mjaltir en jógurgerð undir meðallagi. Þar skortir einkum á festu og að þau séu nógu vel borin en jógurbandið er greinilegt og það skiptir miklu máli. Jónki breikkar einnig val manna varðandi skyldleika verandi sonur Góa 08037. Heildareinkunn er góð eða 108.

Númi 16038 er frá Gaulverjabæ í Flóa undan Gusti 09003 og Hélu 284 Þollsdóttur 99008. Afurðagetu dætra Núma er meðalmikil en þær flagga mikilli jógurhreyfni sem og frábærri jógurgerð. Spenar eru hins vegar stuttir og grannir og því hentar Númi tæpast nema á kúr með spena í grófar kantinum. Dætur Núma eru einnig mjög skapgóðar og mjaltir þeirra eru góðar. Heildareinkunn er há eða 110.

Kynbótaeinkunnir reyndra nauta í notkun sumarið 2021																
Nafn og nr.	Mjólk	Fitu%	Prótein%	Afurðir	Prót.úth.	Frjósemi	Frumutala	Gæðaröð	Skrokkur	Júgur	Spenar	Mjaltir	Skap	Ending	Heild	Hæð dætra
Kláus 14031*	T	118	102	105	122	103	96	103	106	99	102	99	119	116	111	5,4
Bjarki 15011		117	90	93	115	107	77	92	115	100	109	99	122	116	106	5,6
Rísi 15014	T	115	104	98	119	102	75	111	109	101	97	106	118	109	108	5,3
Köngull 15019*		94	118	114	101	109	97	111	86	95	126	102	108	109	116	5,5
Steinar 15042*	T	107	102	104	107	107	119	110	108	104	114	103	120	106	107	5,2
Mikki 15043*		106	113	113	109	95	110	98	99	107	128	100	117	113	112	5,2
Sjúss 15048		100	109	122	108	109	106	114	99	103	101	116	97	116	101	5,2
Tanni 15065	T	111	106	98	108	102	106	130	82	100	136	106	104	100	107	5,2
Knöttur 16006	N	104	116	116	114	82	101	114	118	109	122	102	116	121	100	5,8
Álmur 16007*		116	103	107	120	109	102	87	111	104	99	91	121	129	97	5,1
Bikar 16008*	N	116	101	93	115	110	93	91	106	106	134	113	121	133	100	5,2
Jarfi 16016	N	109	101	103	112	96	96	116	121	98	136	130	110	120	103	5,2
Skírnir 16018*	N	110	108	115	118	101	102	90	109	102	112	105	112	117	100	5,6
Róður 16019*	N	110	108	127	117	87	111	100	82	107	108	112	101	113	100	5,7
Dalur 16025*		106	97	99	107	97	103	107	110	104	106	102	120	122	100	4,9
Kári 16026*		96	106	103	92	77	97	119	105	99	136	106	114	120	100	5,0
Höttur 16028		112	100	116	118	106	97	106	114	100	123	116	106	86	100	4,4
Jónki 16036*		124	107	99	128	111	84	92	97	104	96	108	111	88	100	5,2
Númi 16038*		103	93	104	100	93	102	120	98	101	122	123	108	115	100	5,2

Skýringar:
N: Nautsfaðir T: Tilkynda nautkálfa *Getur gefið mynd afkvæmi
Kynbótaeinkunn = 0,36*afurðir + 0,08*mjaltir + 0,08*frumutala + 0,10*júgur + 0,10*ending + 0,10*spenar + 0,10*frjósemi + 0,08*skap
Afurðir = 0,47*magn mjólkurfitu + 0,48*magn mjólkurpróteins + 0,05*prótein%

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Nautsfeður

Að undanförmu hefur Nautastöðin einkum verið að kaupa kálfa undan Pipar 12007, Jörfa 13011, Hálfmána 13022, Ými 13051, Hæl 14008 og Kláusi 14031. Þá er fyrstu synir Risa 15014 komnir í hús.

Á næstu misserum verður sjónum einkum beint að kálfum undan Risa 15014, Steinari 15042, Mikka 15043, Tanna 15065 og Knetti 16006. Þeim tilmælum er beint til manna að láta sæða kýr á nautsmæðraskrá og efnilegar kvígur með einhverju eftirtalinna nauta; Mikka 15043, Knetti 16006, Jarfa 16016, Skírni 16018 eða Róðri 16019.

Nautsmæður

Á nautsmæðraskrá í Huppu (með rautt flagg) eru kýr með a.m.k. 107 í heildareinkunn, 90 fyrir fituhlutfall og 100 fyrir mjaltir. Þegar tilkynnt er um nautkálfa undan væntanlegri nautsmóður eru aðrir þættir vegnir og metnir svo sem afurðir og frjósemi.

Á skrá yfir efnilegar kvígur (með grænt flagg) eru kvígur sem eru með a.m.k. 108 í heildareinkunn, 90 fyrir fituhlutfall og 100 fyrir mjaltir. Þegar tilkynnt er um nautkálfa undan kvígu eru aðrir þættir skoðaðir og beðið fyrstu mælingar, kýrsýnis

og ákveðinnar reynslu áður en ákvörðun um framhaldið er tekin.

Eldri matadorar

Til gamans er rétt að líta aðeins á hvar eldri toppnaut standa eftir þessa kynbótamatskeyrslu.

Ef lítið er til heildareinkunnar þá trónir Bambi 08049 á toppnum ásamt syni sínum, Bikar 16008, með 115. Næstir í röðinni koma Úlli 10089 og Jörfi 13011 með 114. Eitt mesta kynbótanaut allra tíma, Birtingur 05043, stendur svo með 113 og svo koma þeir Bakkus 12001 og Kambur 06022. Sjarmi 12090 er svo með 112 og þá eru Baldi 06010 og Hálfmáni 13022 með 111 ásamt Kola 06003, Dropa 10077 og Stera 13057. Athyglisvert er að sjá að Fossdal 10040 hefur styrkt sína stöðu og stendur nú sem dæmi jafnfætis jafnaldra sínum Úranusi 10081.

Hæstu naut í nokkrum eiginleikum

Ef lítið er á nokkra einstaka eiginleika þá kemur í ljós að fyrir mjólkurafköst er Þytur 09078 langhæstur með 136, fyrir fituhlutfall í mjólk stendur Freri 15003 efstur með 127 en af þeim sem komu til framhaldsnotkunar er það Trólli 98023. Í próteinhlutfalli er Rumur 10006 hæstur með 132 en af



Kári 16026 frá Káranesi í Kjós.

nautum sem fóru í framhaldsnotkun eru Núpur 96013 og Lúður 10067 efstir með 128. Fyrir afurðir er svo Eitill 12022 efstur með 131 og honum fylgja Úranus 10081 og Jónki 16036 með 129 og 128.

Ef horft er til júgurgerðar þá er Jörfi 13011 sem fyrr ókrýndur konungur þess eiginleika með 138 og á hæla honum koma Tanni 15065, Kári 16026 og Jarfi 16016 með 136. Hvað spenagerð varðar þá stendur Jarfi 16016 efstur með 130 en honum fylgja Polki 12099 með 127 og svo

hver annar en Sorti 90007 með 125. Hvað mjaltir snertir standa þeir Úi 96016 og Úranus 10081 efstir með 132 en Bambi 08049 fylgir þeim eins og skugginn með 130. Varðandi skap þá er Bikar 16008 hæstur með 133, Stokkur 01035 fylgir fast á eftir með 130 og svo kemur Álmur 16007 með 129.

Hvað er fram undan?

Í síðasta nautapistli mínum benti ég á að kynbótastarf í nautgriparkerfi er

langhlaup þar sem gott og vandað skýrsluhald og mikil og góð þátttaka í sæðingum eru undirstaðan. Við vinnum nú að algjörru umbyltingu nautgripakynbóta hérlendis þar sem segja má að við stytum þetta hlaup niður í millivegalengd, jafnvel spretthlaup. Undirstaðan verður eftir sem áður gott og vandað skýrsluhald og þátttaka í starfinu meðal annars með mikilli notkun sæðinga.

Núna er hafin vinna við endurskipulagningu á öllu kynbótamati nautgriparkerfingarinnar hérlendis en slíkt er nauðsyn til þess að nýta sér að fullu þá kosti sem erfðamengisúrval býður upp á. Eitt er að útfæra fræðin, annað að hrinda þeim í framkvæmd. Þarna glímum við nú við hin praktísku úrlausnarefni eins og að samræma allar keyrslur og sjálfvirknivæða svo sem kostur er. Slíkt er nauðsyn þegar horft er til þess hraða sem erfðamengisúrvalið hefur í för með sér en þá verður engan veginn ásætlanlegt að geta ekki keyrt kynbótamat nema fjórum sinnum á ári.

Á komandi mánuðum þarf að huga að fleiri þáttum. Þar á ég við hluti eins og áframhaldandi sýnatökur til arfgreininga og svo vinnu við nýtt kynbótaskipulag en núverandi kerfi mun verða kollvarpað í fyllingu tímans.

Það eru því spennandi tímar fram undan í nautgriparkerfinni.

LÍF & STARF



Mikil eftirspurn er eftir lóðum í Varmahlíð í Skagafirði. Margir sóttu um þrjár lausar lóðir fyrir skemmstu og þurfti að draga á milli umsækjenda. Deiliskipulagi verður hraðað sem kostur er svo hægt verði að bjóða nýjar lóðir með haustinu.

Mikil eftirspurn eftir lóðum í Varmahlíð: Hraða gerð deiliskipulags vegna nýrra lóða í haust

Mikil eftirspurn er eftir lóðum í Varmahlíð í Skagafirði. Þrjár lóðir voru auglýstar lausar þar fyrir skemmstu og sóttu nokkuð margir um hverja lóð þannig að gripið var til þess að draga úr umsóknum.

Í ljósi þessa áhuga er nú lögð áhersla á að hraða deiliskipulagi og hönnun fleiri lóða eins og kostur er. Stefnt er að því að hægt verði að úthluta nokkrum lóðum þegar á komandi hausti.

Skagafjörður eitt atvinnusvæði

Sigfús Ingi Sigfússon, sveitarstjóri í Sveitarfélaginu Skagafirði, segir ánægjulegt hversu mikinn áhuga fólk sýni því að búa í Varmahlíð. Raunar megi segja það sama um flesta þéttbýlisstaði í Skagafirði, íbúum hafi fjölgað á Sauðárkróki, Hofsósi, Hólum og Varmahlíð undanfarin ár. Þá sé einnig nokkuð um að fólk eignist skika á bújörðum og byggi hús hér og hvar í dreifbýlinu.

„Skagafjörður er eitt atvinnusvæði, samgöngur eru góðar á milli þéttbýlisstaða og fólk býr þar sem það helst vill og ekur í sína vinnu ef hún er á öðru svæði en heimilið,“ segir Sigfús Ingi. Hann segir að mestu skipti að innviðir séu í lagi, s.s. hitaveita, ljósleiðari, raforkutengingar og góðar samgöngur, þá geti fólk byggt hús þar sem það vill búa.

Hann segir áhuga fyrir því að bygga íbúðarhús í Varmahlíð til þess að gera nýlegan, fyrir fáum

árum var byggt þar eitt hús en síðan hafi verið fremur rólegt í nokkur ár. Framkvæmdir við tvö önnur hús eru þó komnar af stað þar og væntanlega hafist handa við íbúðabyggingar á þeim þremur lóðum sem úthlutað var nýlega, þannig að fimm hús séu í byggingu.

30 nýjar lóðir við Birkimel

Sigfús Ingi segir að unnið sé að deiliskipulagi við Birkimel í Varmahlíð, en þar stendur til að bjóða upp á um 30 nýjar lóðir. Gerir hann ráð fyrir að um tveir þriðju lóðanna verði undir einbýlishús og síðan verði það sem eftir stendur ætlað undir þar- og raðhús.

„Deiliskipulagsvinna stendur yfir og ef allt gengur að óskum er stefnan sú að bjóða fyrstu lóðirnar út síðla hausts eða snemma vetrar þannig að fólk geti hafist handa við undirbúning framkvæmda sem fyrst,“ segir Sigfús Ingi.

Í Varmahlíð eru grunnskóli og tónlistarskóli undir sama þaki en leikskóli í öðru húsnæði. Að sögn Sigfúsar Inga stendur til að ráðast í gagngerar endurbætur á núverandi húsnæði grunn- og tónlistarskóla til að auka notagildi þess og aðlaga að breyttum kennsluháttum. Stefnt er að því að leikskólinn fari undir sama þak en jafnframt er horft til þess að aðstaðan bjóði upp á talsvert mikla fjölgun nemenda í skólunum þremur. /MP

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
líka hægt að lesa á **bbl.is** og **Facebook**
HLAÐVARP BÆNDABLAÐSINS <https://www.bbl.is/hladan>

IR Ingersoll Rand

LOFTPRESSUR Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI

Við bjóðum upp á allar stærðir og gerðir af **Ingersoll Rand** loftpressum.

Mjög hjóðlátar og einfaldar í viðhaldi.

Bjóðum upp á þjónustusamninga og leggjum mikla áherslu á að veita góða viðgerðar- og varahlutabjónustu.

Gerðu kröfur - hafðu samband við Gunnar í síma **590 5135** og kynntu þér þína möguleika.



KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / KLETTAGARÐAR 8-10
104 REYKJAVÍK / **590 5100** / klettur.is

KLETTUR

Angus holdanaut frá Nautís fædd 2020

Guðmundur Jóhannesson
ráðunautur
í nautgripærkt
mundi@rml.is



Hér er nú kynntur þriðji árgangur Angus-holdanauta frá Nautgripærktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti. Þessir gripir eru eins og fyrri árgangar tilkomnir með innflutningi fósturvísa frá Noregi og því um að ræða sérvalda úrvalsgrip. Innflutningur fósturvísa er ekki einfalt mál og mikið ferli sem til þarf þar sem gætt er ítrustu smitvarna enda er stöðin á Stóra-Ármóti einangrunarstöð í strangasta skilningi þess orðs.

Holdanautakynið Aberdeen Angus er óþarft að kynna enda kjötgæði þess rómuð og kjötnýting mjög góð. Kynið hentar vel þar sem áhersla er lögð á nýtingu beitar og gróffóðurs ásamt góðum móðureiginleikum, mjólkurlagni og léttan burð. Það hentar því vel í t.d. blendingsrækt þar sem burðarferfiðleikar eru fremur fátíðir.

Við val á fósturvísunum til uppsetningar hérlendis hefur frá því

Nautgripærktarmiðstöð Íslands (Nautís) var stofnuð verið sérstaklega horft til nauta sem gefa góða móðureiginleika til uppbyggingar á Angus-holdagripastofni hérlendis. Á árinu 2018 fæddust kálfar undan Li's Great Tigre NO74039 og First Boyd fra Li NO74033 og á árinu 2019 var um að ræða gripir undan Hovin Hauk NO74043 og Horgen Erie NO74029. Á árinu 2020 var eingöngu um að ræða kálfa undan Emil av Lillebakken NO74028. Allt eru þetta naut sem gefa góðar mæður.

Emil av Lillebakken, f. 2. janúar 2009, hjá Jan Hávard Refsethás í Haldalen í Þrændalögum. Þess má geta í framhjálaupi að í Vestmannaeyjum stendur eftirgerð stafkirkjunnar í Haldalen.

Emil er gott alhliða kynbótanaut sem gefur ríflega meðalstóra kálfa með léttan burð, bæði hjá kúm og kvígum, góðan vaxtarhraða, mikinn fallþunga og góða flokkun sem á við um hvort tveggja, holdfyllingu og fituflokkun. Mæðraeiginleikar dætra Emils eru einnig mjög miklir.

Til samanburðar við tölur um vöxt gripa á Stóra-Ármóti má nefna að Aberdeen Angus gripir á



Emil av Lillebakken, f. 2. janúar 2009, hjá Jan Hávard Refsethás í Haldalen í Þrændalögum. Mynd / Jan Arve Kristiansen

uppeldisstöðinni á Staur í Noregi voru að vaxa um 1.415-1.669 g/dag við uppgjör í mars 2021. Í þeim hópi voru fjórir synir Emils av Lillebakken. Nautin sem fæddust

á Stóra-Ármóti árið 2019 uxu um 1.442-1.842 g/dag frá fæðingu til og með maí 2020.

Þegar þetta er skrifað er sæðistaka úr þessum nautum ekki hafin

og því liggur ekki fyrir hver árgangur úr henni verður. Það er þó von allra sem að verkefninu standa að síðar í sumar standi þessi naut kúabændum til boða við sæðingar um land allt.



Emmi. Mynd / Halla Eygló Sveinsdóttir

Emmi 20401 - ET (1662742-0027)

Fæddur 22. júní 2020 á Nautgripærktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti

Ætt:			
F.	Emil av Lillebakken NO74028	M.	Hovin Nora NO103702
Ff.	Betong av Dagrød NO74017	Mf.	Junior av Nordstu NO74060
Fm.	Mairin NO24738	Mm.	Hovin Felippa NO31018
Fff.	Kincaid ET av Dagrød NO53755	Mff.	Paringa Iron Ore E27 AUHKFE27
Ffm.	NO17799	Mfm.	Fiona av Nordstu NO33057
Fmf.	Arctic's Samson NO74001	Mmf.	Hovin Velixir NO74011
Fmm.	Erin av Holthe NO21886	Mmm.	Hovin Vimse NO25829

Lýsing: Af Aberdeen Angus kyni. Svartur, kollóttur. Boldjúpur og útlögumikill með miklar og vel holdfylltar herðar. Hásinn er stuttur, sver og vöðvamikill. Bakið breitt og holdmikið, malir langar og ákaflega breiðar og holdfylltar. Lærvöðvinn gríðarmikill og vel kúptur. Fótstaða bein, sterkleg, rétt og gleið. Emmi er ákaflega vel gerður, holdmikill og glæsilegur gripur.

Umsögn: Fæðingarþungi var 48 kg. Við vigtun 15. júní 2021 vóg Emmi 608 kg og hafði því vaxið um 1.560 g/dag frá fæðingu. Emmi hefur alla tíð sýnt mjög mikla vaxtargetu.



Erpur. Mynd / Halla Eygló Sveinsdóttir

Erpur 20402 - ET (1662742-0028)

Fæddur 24. júní 2020 á Nautgripærktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti

Ætt:			
F.	Emil av Lillebakken NO74028	M.	Hovin Nora NO103702
Ff.	Betong av Dagrød NO74017	Mf.	Junior av Nordstu NO74060
Fm.	Mairin NO24738	Mm.	Hovin Felippa NO31018
Fff.	Kincaid ET av Dagrød NO53755	Mff.	Paringa Iron Ore E27 AUHKFE27
Ffm.	NO17799	Mfm.	Fiona av Nordstu NO33057
Fmf.	Arctic's Samson NO74001	Mmf.	Hovin Velixir NO74011
Fmm.	Erin av Holthe NO21886	Mmm.	Hovin Vimse NO25829

Lýsing: Af Aberdeen Angus kyni. Svartur, kollóttur. Boldjúpur með miklar útlögur, hálsinn stuttur sver og vöðvaður. Bakið er breitt og vel holdfyllt. Malirnar langar, breiðar og holdmiklar. Mikill og kúptur lærvöðvi. Fótstaða bein, sterkleg, rétt og gleið. Langvaxinn og ákaflega vel gerður gripur með mikla holdfyllingu.

Umsögn: Fæðingarþungi var 49 kg. Við vigtun 15. júní 2021 vóg Erpur 562 kg og hafði því vaxið um 1.537 g/dag frá fæðingu. Erpur hefur ávallt sýnt mikla og góða vaxtargetu.



Eðall. Mynd / Halla Eygló Sveinsdóttir

Eðall 20403 - ET (1662742-0029)

Fæddur 29. júní 2020 á Nautgripærktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti

Ætt:			
F.	Emil av Lillebakken NO74028	M.	Nanne av Høystad NO104656
Ff.	Betong av Dagrød NO74017	Mf.	Lord Rossiter av Høystad NO62302
Fm.	Mairin NO24738	Mm.	Kira av Høystad NO48643
Fff.	Kincaid ET av Dagrød NO53755	Mff.	Donaumoos King Rossiter G182 DE0985921182
Ffm.	NO17799	Mfm.	Hermine av Høystad NO36330
Fmf.	Arctic's Samson NO74001	Mmf.	Ilir av Høystad NO60252
Fmm.	Erin av Holthe NO21886	Mmm.	Beate v Teigen NO19157

Lýsing: Af Aberdeen Angus kyni. Svartur, kollóttur. Boldjúpur og feikilega útlögumikill með stuttan, sveran og holdugan háls. Mikil holdfylling í breiðu bakinu. Malirnar eru ákaflega breiðar og sérlega vel holdugar. Gríðarmikill og kúptur lærvöðvi. Fótstaða bein, sterkleg, rétt og gleið. Breiðvaxinn, holdmikill og glæsilegur gripur.

Umsögn: Fæðingarþungi var 44 kg. Við vigtun 15. júní 2021 vóg Eðall 582 kg og hafði því vaxið um 1.533 g/dag frá fæðingu. Eðall hefur ávallt sýnt mikla og góða vaxtargetu.

Bútækni á horfinni öld:

Af innlendri verkfærasmiði

Hér munu væntanlega birtast nokkrir stuttir kaflar um bútækni á horfinni öld, nánar tiltekið á tímabilinu 1945-1965. Á þeim árum breyttust búvélur og verkfæri til landbúnaðarverka líklega meira en hafa gert á öðru jafnlöngu skeiði í sögu þjóðarinnar. Það einkenndi m.a. tímabilið að nokkuð var um innlenda verkfærasmiði.

Ýmist var þar um að ræða frumhönnun tæknilausna, sem sérstaklega voru sniðnar að íslenskum aðstæðum, eða smíði eftirlíkinga erlendra tæknilausna. Samkeppni við innflutning frá erlendum framleiðendum var þá ekki jafn mikil og síðar varð. Hér verður sagt frá þremur dæmum úr þessum kafla búnaðarsögunnar.

Hönnuðu þökuplóg

Ásbjörn Sigurjónsson, kenndur við Álafoss, og Guðjón Hjartarson hönnuðu þökuplóg, sem verkfæranefnd ríkisins tók til prófunar. Plógurinn var ætlaður til þess að rista þökur ofan af sléttu landi. Grunnur þökuplógsins var hefðbundinn plógur dreginn af dráttarvél. Hann krafðist því tveggja manna, ekils og plógmans. Ekkert lét verkfæranefnd uppi um hvernig þökuplógurinn reyndist utan það að með honum mátti skera 8 cm þykkar þökur sem voru 60 x 35 cm að stærð. Fátt fréttist síðan af þökuplógnum enda spurn eftir verkum hans trúlega takmörkuð á þeim árum.

Hannaði skurðruðningstönn á beltavél

Haraldur Guðjónsson í Markholti í Mosfellssveit hannaði skurðruðningstönn á beltavél. Með henni skyldi auðveldað verkið við að jafna út ruðningum úr vélgröfnum skurðum sem þá var ærið verkefni. Einnig mátti með tönninni lækka bakka skurðanna. Vökvastjórn tækja var ekki langt komin á þeim árum svo Haraldur nýtti víraspíl til þess að stýra tönninni. Að ósk Búnaðarþings 1954 rannsakaði verkfæranefnd vinnubrögð með tönn Haraldar. Kom í ljós að afköst við útjöfnun skurðruðnings sem og lækun skurðbakka voru mun



Súgurrkunarbásari frá Vélsmiðjunni Keili sem biður hér skapadægers síns.



Unnið með þökuplóg Álfyssinganna Ásbjörns Sigurjónssonar og Guðjóns Hjartarsonar.

Mynd / Ólafur Guðmundsson

meiri (>50%) þegar skurðruðningstönninni var beitt heldur en framtönn beltavélarinnar. Þrátt fyrir þá niðurstöðu náði búnaðar Haraldar í Markholti ekki útbreiðslu enda voru á þessum árum að koma til nota betur búnar jarðýtur, auk þess sem menn náðu vaxandi leikni í beitingu þeirra við verkið sem víða kallaði að.

Súgurrkunarbásarinn

Þriðja tækið, sem nefnt skal, er súgurrkunarbásarinn. Af honum voru fleiri hundruð, ef ekki þúsund, eintök smíðuð hérlandis. Þeir voru sérstaklega hannaðir með íslenskar aðstæður í huga – nægilega loftþryggetu: Hérlandis voru heystæður jafnan háar (djúpar hlöður) og þéttar í sér vegna hinnar smágerðu töðu. Að minnsta kosti fimm innlendar járnsmiðjur smíðuðu súgurrkunarbásara; Landssmiðjan var þeirra mikilvirkust. Verkfæranefnd gerði rækilegar mælingar á afkastagetu og aflþörf básaranna er síðan urðu grunnur að hönnun súgurrkunarbásaranna. Úr básurunum var allur vindur er rúllutækni nam íslenskar sveitir svo nú liggja þeir margir ónotaðir hér og hvar um landið; aðrir hafa lent í söfnun brotajárns á undanförmum árum.

Í dag er afar lítið um innlenda hönnun og smíði landbúnaðarverkfæra.

Bjarni Guðmundsson,
Hvanneyri



Skurðruðningstönn Haraldar Guðjónssonar í Markholti á Caterpillar-jarðýtu. Mynd / Ólafur Guðmundsson

Hreinræktaðir Aberdeen Angus nautkálfar til sölu – tilboð óskast –

Sæðistaka er að hefjast úr þeim 3 nautum sem fæddust síðasta sumar og lofar góðu. Nautin eru róleg og geðgóð. Þau eru boðin til sölu og er lýsing á þeim á heimasíðu Búnaðarsambandsins og í þessu tölublaði Bændablaðsins. Þau verða ekki afhent nýjum eigendum sínum fyrr en nægjanlegu magni af sæði hefur verið safnað úr þeim. Nautin hafa vaxið og dafnað vel og er meðalþungaaukning þeirra tæp 1.545 g á dag fyrstu 11 mánuðina.

Söluferli nautanna

Ákveðið var að nota sömu útböðsreglur og í fyrra en óskað er eftir skriflegum tilboðum í hvert naut.

Hverjir mega bjóða í kálfana?

Rekstraraðilar í nautgriparækt – bæði einstaklingar og lögaðilar – geta sent inn tilboð uppfylli þeir eftirfarandi skilyrði:

1. Séu skráðir eigendur eða leigjendur lögbýlis og með lögheimili á Íslandi.
2. Stundi nautgriparækt og reki nautgripabú á lögbýlinu með virkt virðisaukaskattsnúmer og starfsemi þeirra falli undir atvinnugreinanúmer 01 og 02 í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands, sbr. ÍSAT2008, þó ekki starfsemi í undirflokkum 01.61, 01.62, 01.63, 01.64, 01.70 og 02.40.
3. Séu þátttakendur í afurðaskýrsluhaldi Bændasamtaka Íslands og hafi sinnt fullnægjandi skilum á skýrslum fyrir framleiðsluárið 2018, sbr 4 gr. reglugerðar nr 1261 / 2018.

Tilboðsferli

Tilboð verða að berast á þar til gerðu eyðublaði sem aðgengilegt verður á heimasíðu Búnaðarsambands Suðurlands (bssl.is) en þeir sem ekki geta nálgast eyðublaðið á þann hátt geta haft samband við Svein í síma 894-7146 og fengið blaðið sent til sín.

Á eyðublaðinu er tilgreint í hvaða grip eða gripi er verið að gera tilboð en bjóða má í eins marga gripi og hver vill, en tilgreina skal hversu hátt er boðið í hvern þeirra. Ef sami aðili sendir inn fleiri en eitt tilboð gildir nýjasta tilboðið, en hver tilboðsgjafi getur bara haft eitt gilt tilboð í hvern grip. Lágmarksboð í hvern grip er 800.000 kr. – átta hundruð þúsund kr. – án vsk og verða lægri tilboð ekki tekin gild. Tilboðið á þar til gerðu eyðublaði þarf að senda í ábyrgðarpósti merkt:

Tilboð í naut Nautgriparæktarmiðstöð Íslands Austurvegi 1 800 Selfoss

Tilboðið þarf að vera póstlagt í síðasta lagi föstudaginn 30. júlí 2021 en tilboðin verða síðan opnuð og unnið úr þeim þriðjudaginn 10. ágúst 2021. Þeim sem gera tilboð er frjálst að vera við þegar tilboðin eru opnuð.

Ráðstöfun nautanna eftir opnun tilboða

1. Fyrst skal ganga úr skugga um að tilboð sem borist hafa séu gild þ.e. þau uppfylli öll þau skilyrði sem sett hafa verið.
2. Komi jöfn hæstu tilboð í einhvern grip frá tveimur eða fleiri aðilum skal hlutkesti ráða í hvaða röð tilboðin raðast.
3. Gengið skal frá sölu nautanna á þann hátt að fyrst er tekinn fyrir sá gripur sem hæst er boðið í, þá sá sem næsthæst er boðið í og svo koll af kolli. Komi jafn hátt boð í tvo eða fleiri gripi skal hlutkesti ráða um röð þeirra nauta við sölu.
4. Hver tilboðsgjafi getur einungis fengið keyptan einn grip. Ef sami aðili á hæsta boð í fleiri en einn grip skal hann velja hvaða tilboði hann vill halda og dettur hann þá út sem tilboðsgjafi í önnur naut.
5. Kaupandi skal ganga frá greiðslu fyrir nautið inn á bankareikning Nautís í síðasta lagi 12. ágúst. Lítið er á greiðslu á þessum tímamarki sem fyrirframgreiðslu en nautin verða áfram í eigu og á ábyrgð Nautís fram að afhendingardegi.
6. Sé ekki greitt inn á banka á réttum tíma fellur tilboðið úr gildi og sá sem átti næsthæsta boð í viðkomandi naut fær kaupréttinn. Hafi sá aðili þegar fengið keyptan annan grip getur hann valið hvorn gripinn hann vill taka. Við svona breytingar á einum grip getur því kaupréttur breyst á fleiri nautum.
7. Ef gripur stent ekki dýralæknisskoðun varðandi almennt heilsufar eða sæðisgæði að lokinni sæðistöku fellur sá gripur út úr söluferli og fær kaupandi þá endurgreitt kaupverð. Þetta hefur þó ekki áhrif á röð tilboða eða kauprétt á öðrum nautum.
8. Berist ekki gilt tilboð í einn eða fleiri af gripunum mun stjórn Nautís ákveða hvernig með þá gripi verður farið í framhaldinu.

Fh. hönd Nautís
Sveinn Sigurmundsson, framkvæmdastjóri

GARÐYRKJUSKÓLINN Á REYKJUM



Jarðarberin hafa alltaf verið eftirsótt til matar og jafnvel til heilsubótar hér á landi. Oddur Oddsson, prestur á Reynivöllum í Kjós, nefnir þau í lækningabók sinni nokkru fyrir 1700 og segir jarðarberjavatn „hreinsa vel munn og háls“.

Allir elska jarðarber

Jarðarberjaræktun er vinsæl hjá mörgum garðeigendum. Hægt er að fá ágæt yrki í garðplöntustöðvum sem skila uppskeru stórra og bragðgóðra berja frá miðjum júlí og allt til ágústloka.

Sum þeirra eru vel þekkt til langs tíma í nágrannalöndum okkar en einnig eru á markaði nýrri yrki sem eru fremur ætluð til ræktunar innanhúss. Sameiginlegt öllum þessum berjum er að þau eru blendingsyrki sem hafa komið fram við kynbætur gegnum tíðina.

Íslensk villjarðarber


Hér á landi vex ein tegund jarðarberja í náttúrunni (*Fragaria vesca*) sem gefa hinum ekkert eftir í bragðgæðum og þykja mesta sælgæti þegar þau þroskast upp úr miðju sumri. Þau vaxa víða um land en langmest á láglandi. Í grónum brekkum móti suðri ná þau mestum þroska en þau er einnig að finna td. í birkikjarri og á öðrum skjólgóðum stöðum. Mest er um þau á Suður- og Vesturlandi og á Norðurlandi, einkum kringum Eyjafjörð. Íslensku jarðarberin hafa borist hingað til lands frá Evrópu, ekki er fullljóst hvenær en ætla má að þau hafi borist hingað smátt og smátt síðustu 10.000 árin eða svo.

Plönturnar eru mun smærri en erlendu garðayrkin og berin sömuleiðis. Það er samt vel þess virði að leita þau uppi því bragðið er kröftugt, sætt og sérkennandi fyrir tegundina. Fuglar eru einnig sólgniir í berin. Vel má ruglast á hrútaberjaklungri og jarðarberjaplöntum óblómstruðum. Jarðarberjaplönturnar mynda þó alltaf laufblöð upp úr blaðhvirvingu frá jörðu en á hrútaberjaklungri geta lauf vaxið út úr skriðulum renglum. Jarðarberjaplönturnar mynda líka renglur sem þær nýta til að dreifa sér og geta plönturnar myndað nokkuð stórar breiður þar sem þeim líður vel.

Nytjar

Jarðarberin hafa alltaf verið eftirsótt til matar og jafnvel til heilsubótar hér á landi. Oddur Oddsson, prestur á Reynivöllum í Kjós, nefnir þau í lækningabók sinni nokkru fyrir 1700 og segir jarðarberjavatn „hreinsa vel munn og háls“. Hann segir enn fremur: „Kokkarnir þekkja vel jarðarber, því þeir til búa kostulega rétti af þeim, hverjir betur þéna sjúkum en heilbrigðum mönnum, því þau kæla mjög vel.“

Snorri Björnsson prestur, aflraunamaður og kraftaskáld á Húsafelli, kallaði þau „Jarðarhunnang“ um miðja 18. öld. Björn Halldórsson, prófastur í Sauðlauksdal, segir í riti sínu



Plönturnar eru fínlegar og fallegar, fjölærar, harðgerðar og henta ágætlega í steinhæðir án mikils áburðar.

Grasnytjum 1783: „Berin hreinsa hraðberg af tönnum og skaða þær þó ekki.“

Ræktun fyrr og nú

Gefum Eggert Ólafssyni, skáldi og náttúrufræðingi, orðið um jarðarber og þeirra ræktun og nytsemdir, úr garðyrkjuritinu „Lachanologia“ frá 1774:

„Þó að þessi jurt kunnir varla smáviður heita teljast þau samt hér með. Þau hafa verið ein fyrsta fæða fornaldar manna, sem vottar Ovidius, eru ágæt að verkan, samandragandi nokkuð og kælandi, þess vegna góð sára bót. Þessi ávöxtur, sem hefir lystilegan vínsmekk og daun finnst í gördum utanlands, vill hafa mjúka og léttu jörð, nokkuð sandblendna. Á Íslandi eru þau víða, en allsstaðar lítið af þeim. Í gördum væri vert að reyna að hafa þau, stinga upp hnausa á haustdag og setja niður í viðlíka jörð og afstöðu sem þau höfðu áður; svo hafa þau orðið stærri í ræktaðri jörð. Þau eru hrá etin í Svíþjóð, Frakklandi og víðar. Musl er af þeim gjört, með vatni eða mjólk soðnum. Líka verður full skál af berjum, með víni og sykri. Lögur þeirra með sykri seyddur borðast með teskeið, hann er góður við innvortis ofhita, bætir lifrar- og miltisbólgu, köldur og næma sjúkdóma, edik er líka af honum gjört.“

Við getum á einfaldan hátt tekið smáplöntur sem myndast á renglum jarðarberjaplantnanna, komið þeim í raka mold og látið þær skjóta rótum. Þannig getum við komið upp breiðu af íslenskum jarðarberjaplöntum í garðinum. Plönturnar eru fínlegar og fallegar, fjölærar, harðgerðar og henta ágætlega í steinhæðir án mikils áburðar.

Ingólfur Guðnason.

Á FAGLEGUM NÓTUM



Hönnun fjóssins er eins og sjá má einstaklega opin en tilgangurinn er m.a. að vekja athygli á búinu og draga að gesti og gangandi.

Fljótandi fjós

Snorri Sigurðsson

snorri.sigurdsson@outlook.com

Á ársfundi IDF (International Dairy Federation), sem eru samtök bænda og úrvinnsluáðila mjólkur, sem haldinn var í Rotterdam í Hollandi árið 2016, var birt hugmynd að ákveðinni framtíðarsýn að kúabúskap en það var að vera með „fljótandi fjós“.

Skýringin á þessu fólst í því að landbúnaðarland fer minnkandi með hverjum deginum á jörðinni og miðað við mannfjöldaspár fyrir heiminn allan þarf á sama tíma og landið minnkar, að snarauka framleiðslu landbúnaðarvara á komandi áratugum.

Til þess að mæta þessari gríðarlega miklu þörf fyrir matvæli þarf því bæði að auka nýtingu þess lands sem þegar er aðgengilegt til ræktunar en einnig að horfa til nýrra lausna og að margra mati er einmitt betri nýting á vötnum og sjó augljós lausn eða a.m.k. góð viðbót enda er um 75% jarðarinnar undir vatni með einhverjum hætti. En hvert er landbúnaðarlandið að fara? Undir vegi og mannvirki, hífylli manna, tekið úr notkun eða er jafnvel sökkt í eða undir vatn. Til þess að mæta þessari þróun hafa margir bændur horft til svokallaðs lóðréttis landbúnaðar, þ.e. að í stað þess að taka dýrmætt land undir marga fermetra á einni hæð yfir í að hafa skepnurnar á mörgum hæðum. Um þetta hefur verið fjallað hér á síðum blaðsins áður, bæði varðandi ræktun grænmetis í gríðarstórum vörugrymslum og nýverið mátti lesa um stærðarinnar svínabú í Kína sem er byggt á mörgum hæðum.

Hingað til hafa kúabú ekki verið byggð nema á tveimur hæðum, þ.e. nautgripir á jarðhæð og kjallari nýttur fyrir hauggeymslu, tæki og reyndar stundum nautgripi líka. En greinarhöfundur er þó ekki kunnugt um fjós á fleiri en tveimur hæðum, fyrir en nú!

Hugmyndin kom vegna flóða

Hugmyndina að þessu fljótandi fjósi fengu arkitektarnir Peter og Minke van Wingerden þegar



Fjósið er hannað fyrir 40 kúr og mjaltþjón og er 40 metra breitt og 32 metra langt og er í raun eins og fljótandi prammi.

fellibylurinn Sandy gekk yfir New York árið 2012. Þá flæddi vatn um hluta borgarinnar og lamaði stóran hluta af mætvelaflutningum til borgarinnar um tíma. Þau létu sér þá detta í hug að færa þyrfti landbúnaðinn einhvern veginn nær borgunum og fengu hugmyndina að því að nýta hafnar svæðin til þess. Enn fremur komust þau að því að mikið af nýtanlegum lífrænum úrgangi og afgangum matvæla er flutt frá stórborgum nú til dags, oft einungis til lífgasframleiðslu eða jafnvel bara urðunar en ekki frekari nýtingar. Þarna sáu þau tækifæri í að nýta kúrarnar til þess að vera mikilvægur milliliður og að nýta mætti þennan úrgang miklu betur en gert er í dag.

Tilfellið er að kúr henta óhemju vel til þess að nýta það sem til fellur af úrgangi frá borgum og þéttbýli, sé sá úrgangur meðhöndlaður rétt. Vömb kúa, sem inniheldur milljarða af örverum, getur nefnilega aðlagast ótrúlega fjölbreyttu umhverfi og getur því í raun breytt lífrænum úrgangi í mjólk.

Vilja gera landbúnaðinn aðlaðandi

Þau töldu einnig að hugmyndin um fjós og mjólkurframleiðslu inni í stórborg eins og Rotterdam myndi gera þessa mikilvægu framleiðslugrein meira aðlaðandi og mögulega draga fleiri inn í búgreinina. Þau fóru í kjölfarið í hönnunartölvu og ákváðu að fjósið yrði byggt þannig að það yrði eins sjálfbært og um-

hverfisvænt og hægt væri með lágu eða engu sósport. Þannig er t.d. öll rafmagnsnotkun búsins sjálfbær en við hlið fjóssins er prammi alsettur sólarcellum sem sér búinu fyrir allri orku. Þá ákváðu þau að hafa fjósið hannað þannig að það væri eins opið og hægt væri, svo gestir og gangandi gætu auðveldlega séð til kúna auk þess sem öll mjólkir er unnin á staðnum í margs konar afurðir. Ennfremur er fjósið hannað þannig að nýta má það sem rannsóknarvettvang fyrir landbúnað framtíðarinnar auk þess sem gestir geta heimsótt fjósið. Þriggja hæða fjós

Fjósið er hannað fyrir 40 kúr og mjaltþjón og er 40 metra breitt og 32ja metra langt og er í raun eins og fljótandi prammi. Eins og áður segir þá er það á þremur hæðum og hefur hver þeirra sérstöku hlutverki að gegna. Nedst er tæknirými fjóssins þar sem m.a. er ráðgert að vera með framleiðslu á grasi með ljóstvistum (LED). Á annarri hæð fjóssins fer fram afurðavinnsla fjóssins, bæði á mykju og mjólk in allur búfjárburður fer frá fjósinu og er nýttur á græn svæði borgarinnar. Mjólkir er unnin á staðnum og seld beint til neytenda og á veitingastaði. Auk þess er þar geymslusvæði fóðurs og kennslurými á annarri hæð þess. Á þriðju hæð fjóssins eru svo kýmarnar sjálfar og mjaltþjóninn sem sinnir þeim ásamt sköfupjarki sem safnar saman skítinum sem fellur til og skilar frá sér niður í söfnunartank. Þakið er svo sérstaklega



Kýrnar geta farið í land og á beit þegar þær vilja.



Samkvæmt grunnskipulagi svæðisins mun iðnaðarsvæðið við höfnina í Rotterdam breytast í umfangsmikið matvælaframleiðslusvæði á komandi árum.

hannað til söfnunar á regnvatni, sem eftir hreinsun er boðið kúnum til drykkjar.

Hið fljótandi fjós getur svo hreyfst upp og niður samhliða sjávarföllunum en til þess að tryggja stöðugleika þess, gagnvart öldugangi og vindi, er það í raun fasttengt við stálbita sem reknir hafa verið niður í sjávarbotninn. Þessir bitar gera það að verkum að fjósið er mjög stöðugt og nær það t.d. aldrei að halla nema um að hámarki tæpa 30 cm þrátt fyrir öldugang eða vind.

Franskar kýr

Kýrnar á búinu eru af hinu franska kyni Montbéliarde en þetta er nokkuð harðgert kyn og þekkt fyrir hreyfingu. Kynið er ekki sérlega afurðamikilið, miðað við t.d. hið þekktu Holstein kyn, en þykir

henta betur við þessar aðstæður þar sem fóðurgæðin geta verið með ýmsum hætti og dægursveiflur geta verið á gæðum þess. Þá er mjólk Montbéliarde próteinrík sem hentar vel fyrir afurðavinnslu búans.

Nýta það sem til fellur

80% af fóðrinu sem kýrnar fá kemur frá alls konar vinnsluáilum í Rotterdam og nýta þær í raun úrgang og hliðarframleiðslu frá annarri matvælavinnslu í borginni. Dæmi um þetta er hýði af kartöflum, uppsóp og úrgangur frá kornvinnslum og brugghrat. Þá fá kýrnar einnig nýslegið gras sem kemur frá íþróttavöllum og grænum svæðum borgarinnar! Allt fóðrið sett í fóðurblandara og kúnum gefið heilfóður með sérstöku færibandakerfi. Til við-

Twenty One

FLUGNAEITUR

Einstök formúla flugnaeiturs fyrir bændur í kvikfjárrækt

Sölustaðir:
Bústólpi
Fóðurblandan
Kaupfélag Borgfirðinga
Kaupfélag Vestur-Húnavetninga
Verslun Eyri
Vélaval



STREYMI
heildiverslun

Streymi heildverslun ehf. S 588 2544
Goðanesi 4 N streymi@streymi.is
603 Akureyri V www.streymi.is

Gólfhitakerfi

Ekkert brot ekkert flot



- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hítasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfíð
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flisar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is



Hringas ehf.

Lely Center Ísland



STARTARAR í flestar gerðir dráttarvéla

Reykjavík: Krókháls 5F – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Bændablaðið

á bbl.is og líka á [Facebook](https://www.facebook.com/bbl.is)



STRÚKTÚR

Nú á allt að seljast. Eigum þessa lengd á lager.

Litað bárujárn

Þykkt: 0,60 mm

Breidd: 1045 mm

Klæðir: 988 mm

3.600 kr m² m/vsk.

40% afsláttur meðan birgðir endast

2.160 kr m² m/vsk

ROOF PROFILE

J1 18.76.988

THICKNESS	WEIGHT
0,50	4,85
0,60	5,82
0,75	7,27
0,88	8,53



RAL 9005 Svart
Lengd: 4.800 mm

Plata = 4,8 * 0,988 = 4,74 m²

Nánari upplýsingar hjá sölumönnum.

STRÚKTÚR ehf | Bæjarflöt 9 | 112 Reykjavík | struktur@struktur.is | Sími: 588 6640



Landssamtök sauðfjárbænda

Sala á kindakjöti

Unnsteinn Snorri Snorrason
frankvæmdastjóri
Landssamtaka sauðfjárbænda
unnsteinn@bondi.is



Útflutningur




Alls hafa verið flutt út 1.166 tonn af kindakjöti það sem af er ári. Mest hefur verið flutt út til Noregs eða 457 tonn sem er 39% af heildar magni tímabilsins. Heildar verðmæti er 930,8 milljónir og reiknað einingaverð 798 kr/kg. Reiknað einingaverð alls útflutnings árið 2020 var 693 kr/kg.

Taka þarf tillit til þess að hlutfall vöruflokka er ólíkt ef borið er saman allt árið 2020 og fyrstu 5 mánuðir ársins 2021, þar sem allur útflutningur á ódýrari skrokkhlutum og kjöti af fullorðnu fer fram að haustinu.

Heildarsala á kindakjöti fyrstu 5 mánuði ársins var 2.468 tonn sem er 2,1% aukning miðað við sama tímabil árið 2020. Heildarsala á dillakjöti það sem af er ári er 2.254 tonn og á öðru kindakjöti 214 tonn. Salan á dillakjöti eykst um 2,0% milli ára fyrstu 5 mánuði ársins. Ef hins vegar er horft til 12 mánaða sölu þá er 12,4% samdráttur í kindakjötsölu. Samdráttur í sölu allra kjöttegunda á sama tímabili er 3,3%. Birgðir af dillakjöti 1. júní voru 1.879 tonn en voru á sama tíma fyrir ári 1.488 tonn.

Verðþróun

Verðþróun lambakjöts í smásölu er mæld sem undirvísitala vísitölu neysluverðs. Frá áramótum hefur verðlag lambakjöts hækkað um 1,0% á meðan almenn verðlags-hækkun hefur verið 2,6%. Ef lítið er til 5 ára verðlagsþróunar þá hefur lambakjöt hækkað um 10,8% meðan vísitala neysluverðs hefur hækkað um 15,2%. Frá árinu 2008 hefur vísitala lambakjöts hækkað um 45,4% á meðan vísitala neysluverðs hefur hækkað um 78,1%.



Breyting á félagskerfi sauðfjárbænda

Þann 1. júní tóku í gildi breytingar á félagskerfi landbúnaðarins þegar Bændasamtök Íslands og búgreinafélögin sameinuðust undir merkjum BÍ. Unnsteinn Snorri Snorrason, sem gegnt hefur starfi frambæmdastjóra Landssamtaka sauðfjárbænda, hefur nú hafið störf hjá Bændasamtökum Íslands. Hann mun sinna starfi sérfræðings í umhverfis- og loftslagsmálum auk þess að gegna starfi tengiliðar búgreinadeildar sauðfjárbænda.

Landssamtök sauðfjárbænda munu innheimta félagsgjöld fyrir fyrri hluta ársins 2021. Samkvæmt ákvörðun aðalfundar LS verður gjaldið 11.450 kr. á hvert bú. Gjaldið innifelur aðild að samtökunum fyrir tvo einstaklinga sem uppfylla að öðru leyti skilyrði fyrir aðild samkvæmt samþykktum samtakanna. Gjald fyrir aukaáðild er 3.350 kr. Greiðsluseðlar verða sendir út í júlí.

Í tengslum við nýtt félagskerfi landbúnaðarins verður innheimt félagsgjald í BÍ fyrir seinni hluta ársins (júlí-desember). Félagsgjaldið er veltutengt og þrepaskipt. Mikilvægt er að félagsmenn skrá umfang og eðli síns rekstrar inn á Bændatorgið á sérstakt skráningareyðublað. Einnig þarf hver og einn að skrá veltutölur í sinni búgrein af landbúnaðarstarfsemi. Ef stundud er fleiri en ein búgrein, þarf að skipta veltunni hlutfallslega á viðkomandi greinar. Hægt er að fá nánari upplýsingar í síma 563-3000 á skrifstofutíma. Einnig er hægt að senda skilaboð í gegnum Bændatorgið og á netfangið bondi@bondi.is.



Bændablaðið

líka hægt að lesa á bbl.is og Facebook

Smáauglýsingar 56-30-300



HLADVARP BÆNDABLAÐSINS

Lely Center Ísland

SÍUR Í DRÁTTARVÉLAR



Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Loftslagsvegvisir atvinnulífsins

Grænvangur er samstarfsvettvangur atvinnulífs og stjórnvalda um loftslagsmál og grænar lausnir. Á vegum Grænvangs var á dögunum gefin út Loftslagsvegvisir atvinnulífsins.

Þar er að finna yfirlit yfir núverandi stöðu loftslagsmála í hverri atvinnugrein og fjallað um markmið, tækifæri og áskoranir. Þá eru lagðar fram tillögur til úrbóta, m.a. hvernig stjórnvöld geti stutt við atvinnulífið til að ná hraðari árangri í loftslagsmálum en ella. Loftslagsvegvisir atvinnulífsins er samvinnuverkefni sjö atvinnugreinafélaga. Þau eru: Samorka, Samtök ferðaþjónustunnar, Samtök fjármálafyrirtækja, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtök iðnaðarins, Samtök verslunar og þjónustu og Bændasamtök Íslands.

Samkvæmt losunarbókhaldi Íslands er samtals losun atvinnulífs (sem er á beinni ábyrgð Íslands) um 2.882 kt CO₂íg. Þar af er bein losun frá landbúnaði árið 2019 619 kt CO₂íg. Það er um 40% af heildar losun vegna atvinnulífsins. Þetta er losun sem myndast vegna beinnar starfsemi á búum og stærstu losunarvaldamir eru iðragerjun búfjár, geymsla og notkun tilbúins áburðar og notkun tilbúins áburðar.

Bændasamtök Íslands samþykktu umhverfisstefnu landbúnaðarins árið 2020. Þar er lag til að unnið verði að því að ná fram kolefnisjöfnun í landbúnaði árið 2030. Til að ná þessu markmiði verður að efla enn frekar rannsóknir og ráðgjöf varðandi losun frá landbúnaði en ekki síður að stór- auka verkefni sem stuðla að bindingu kolefnis í jarðvegi og endurheimt vistkerfa. Árið 2019 settu stjórnvöld í gang verkefni sem kallast loftslagsvænn landbúnaður. Verkefnið er samstarfverkefni stjórnvalda, bænda, RML, Landgræðslunnar og Skóráktarinnar. Því er ætlað að auka þekkingu bænda á verkefnum á sviði loftslagsmála, greina mögulegar aðgerðir og stuðla að því að koma verkefnum af stað.

Upphaf verkefnisins loftslagsvænn landbúnaður má rekja til



Sauðfjárbændur stefna að kolefnisjöfnun eins fljótt og auðið er.

þess að á aðalfundi Landssamtaka sauðfjárbænda árið 2017 var samþykkt stefnumótun þar sem segir að stefna skuli að kolefnisjöfnun greinarinnar eins fljótt og kostur er. Sauðfjárbændur sýndu með þessu skrefi mikilvægt frumkvæði í þessum málafllokki og fengu stjórnvöld með sér í lið til þess að koma verkefninu af stað. Í stjórnsáttmála sitjandi ríkisstjórnar, frá því í nóvember 2017, er eitt af þeim áhersluatriðum sem þar kemur fram að gengið verði til samstarfs við sauðfjárbændur um kolefnisjöfnun greinarinnar í samræmi við aðgerðaáætlan þar um. Út frá þessari vinnu hefur verkefnið Loftslagsvænn landbúnaður þróað. Fyrst um sinn hafa þátttakendur í

verkefninu komið úr röðum sauðfjárbænda, en nú er ætlunin að nautgripabændur komi einnig inn í verkefnið. Aðrar búgreinar munu síðan koma inn í verkefnið í framhaldinu.

Það er á höndum stjórnvalda í samstarfi við bændur að mótuð verði afgerandi stefna varðandi landbúnað og loftslagsmál. Ýmis verkefni eru komin í gang og önnur bíða þess að hafist verði handa. Kolefnisjöfnun landbúnaðar er eitt af 19 áhersluatriðum nefndar um mótun landbúnaðarstefnu Íslands. Við næstu endurskoðun búvörusamninga munu loftslagsmál með einum eða öðrum hætti verða eitt af áhersluatriðum í samningaviðræðum stjórnvalda og bænda.

BÆKUR & MENNING

Heimaslóð, Árbók Hörgársveitar komin út

Heimaslóð, Árbók Hörgársveitar er komin út og er þetta átjándi hefti árbókarinnar sem nú lítur dagsins ljós. Sögufélag Hörgársveitar gefur Heimaslóð út.

Hlutverk heimaslóðar hefur verið og er að miðla og varðveita fróðleik sem heimfæra má til Hörgársveitar segir í formála ritnefndar. Í nýjasta heftinu er að finna nýlega samið efni ásamt öðru sem tekið er upp úr áður prentuðum blöðum og ritum. Efnið er margbreytilegt og með mismunandi yfirbragði. Það er frá ýmsum tímum, allt frá fróðlegri grein um stóru-bólu í Möðruvallasókn árið 1707 til skemmtilegrar minningar ungrar stúlku frá sínum fyrstu kynnum af vinnuarkaðnum árið 1994.

Grein um sauðfjárnidurskurð árið 1949

Þá er að finna í heftinu ítarlega grein um aðdraganda sauðfjárnidurskurðar á svæðinu haustið 1949 og viðtöl við fjölda fólks um fjárkaup í framhaldi af honum. Birt er búskaparsaga af einum bæ í Skriðuhreppi hinum forna en væntanleg er á árinu bók sem fjallar um bændur og búalið í hreppnum á nítjándu öld.

Sagt er frá gönguferð í Trippaskál árið 1981 og eins er fjallað um ferð á Tungnahrygg sama ár. Fjallað er um fyrsta organistann við Eyjafjörð og samskot vegna orgelkaupa, minningar frá Hjalteyri er heiti á einni grein heftisins og sveitasíminn á Þelamörk er heiti á annarri. Þá



María Finnbogadóttir og Ásthildur Ómarsdóttir.

Sjá Suðurland: FLIPPAÐIR ferðapættir

Sjá Suðurland er heitið á glényjum ferðapáttum sem hófu göngu sína sunnudagskvöldið 13. júní á N4. Í þáttunum ferðast æskuvinkonurnar María Finnbogadóttir og Ásthildur Ómarsdóttir um Suðurlandið á Go Campers bíl og lenda þar í ýmsum klikkuðum ævintýrum.

Ásthildur er sjónvarpsáhorfendum á N4 að góðu kunn en hún hefur komið nálægt ýmissi dagskrárgerð á stöðinni á undanförunum árum. Æskuvinkona hennar, María Finnbogadóttir, er atvinnuskíðakona og búsett í Austurríki. Þær stóllur gerðu eftirminnilega ferðapætti í fyrri fyrir N4 í sem hétu Vá Vestfirðir en þá þvældust þær vinkonur um á Go Campers bíl um Vestfirðina.

Í nýju þáttunum, „Sjá Suðurland“, ferðast þær stóllur um Suðurlandið og leita uppi skemmtilega hluti til þess að gera. Á ferðalaginu ögra þær sér á ýmsan máta, fara meðal annars í zipline, á fjórhjól, í svifdrekaflyg og skella sér á æfingu hjá einum frægasta crossfittara Íslands, Björgvini Karli Guðmundssyni í Hveragerði. /NH

eru vísnapættir, fjallað um vatnslögn frá Vöglum og eins um fólk sem bjó í hreppnum.

Mikið er lagt upp úr því að birta myndir, bæði sem tilheyra hinu ritaða máli og einnig syrpur sem tengjast ákveðnum efnum.

Hægt er að gerast áskrifandi að Heimaslóð og verða jafnframt félagi í Sögufélagi Hörgársveitar með því að senda póst á netfangið silla2911@gmail.com.

/MPP



Bændablaðið

Dreift í 32 þúsund eintökum á yfir 420 dreifingarstaði og lögbýli á Íslandi

Smáauglýsingar 56-30-300

Kemur næst út
22. júlí



Knowledge grows

Gróffóðurkeppni Yara 2021 Kynning á keppendum

Hofsá



Ásdís Gísladóttir og Trausti Þórisson

1. Hofsá Svarfaðardal.
2. 1.500 ha, þar af 120 ha ræktaðir.
3. 60 kýr, öll naut alin til kjötframleiðslu og 100 kindur.
4. Klára hana með stæl án þess að verða okkur til skammar.
5. Gera sífellt betur en áður.
6. Réttur sláttutími og góð/hröð verkun.
7. Vallarfox 75% og vallarsveif 25%.
8. Að hún fullnægi sem mest fódurþörf búsins og um leið lágmarki kjarnfóðurkaup.
9. Við höfum gaman af að ferðast, bæði innanlands og utan. Það er til búsna skemmtilegt líf utan búsins.

Kanastaðir



Eiríkur Davíðsson og Sólveig Eysteinsdóttir

1. Rangárþingi eystra.
2. 600 ha.
3. Blandaður búskapur.
4. Vinna.
5. Gæði heyjanna.
6. Ná hámarks gæðum.
7. Tuukka, Theno, Baron og Barpasto.
8. Halda áfram að endurrækta og kalka túnin.
9. Útivera, útreiðar, fjallgöngur og hjólræiðar.

Spurningalistinn

1. Hvar er bærinn?
2. Stærð jarðar?
3. Gerð bús?
4. Hvaða markmið hefur þú sett þér í keppninni?
5. Hvað telur þú vera stærsta áskorunin í keppninni?
6. Hvaða þáttur er mikilvægast að heppnist?
7. Hvert er sáðgresi keppnisspildunnar?
8. Hvaða framtíðaráform hefur þú varðandi gróffóðuröflun á þínu búi?
9. Áhugamál

VÉLABÁSINN

Benz EQV. 7 manna lúxus rafmagnsbíll

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is



Fyrir töluvert löngu síðan hafði ég hugsað mér að prófa Benz EQV, 7 manna bíl, sem knúinn er eingöngu með rafmagni, en það var ekki fyrr en í síðustu viku að mér gafst tækifæri á að prófa þennan bíl sem ég kys að kalla „lúxusbíl“.

Vinsæll bíll til prófunar
hjá Öskju

Laugardaginn 26. maí fékk ég loksins tíma og tækifæri til að prófa þennan bíl eftir laugardagslokun hjá bílaumboðinu Öskju. Vegna vinsælda hjá fólki í að prófa þennan bíl þurfti ég að byrja á að setja hann í hleðslu fyrir utan bílaumboðið þar sem bíllinn hafði verið í stöðugum prufuakstri á opnunartímanum á milli 12 og 16. Eftir þriggja tíma hleðslu sótti ég bíllinn og var hann þá kominn með hálfra hleðslu (176 km drægni) sem ég taldi duga fyrir prufuaksturinn.

Telur hægar niður drægni í
innanbæjarakstri en langkeyrslu

Um kvöldið fórum við hjónin í bíltúr með tveimur erlendum vinum okkar um Reykjavík og nágrenni. Alls var sá bíltúr 63 km og að honum loknum sagði mælaborðið í bílnum að drægnin hefði ekki minnkað nema um 57 km. Daginn eftir ók ég út fyrir bæinn á um 90 km hraða alls 51 km, en í þeim bíltúr taldi drægnin niður 75 km. Samkvæmt þessu kemst maður mun lengra á rafhlöðunni í innanbæjarakstri en í langkeyrslu, en ástæðan er að þegar maður bremsar hleður bíllinn inn á rafhlöðuna með bremsunum.

Uppgefin drægni 356 km

Benz EQV er hægt að fá sem langan og millilangan, en bíllinn sem ég prófaði var lengri gerðin, uppgefin drægni er 356 km. Í bæklingi um bíllinn segir að raundrægni á Íslandi á sumrin sé um 300 km og um 250 í vetrarakstri.

Vélin gengur eingöngu fyrir rafmagni og er 204 hestöfl og á að skila bílnum úr kyrrstöðu upp í 100 km hraða á 12,1-12,2 sek.

Verðið á EQV er frá 13.990.000 sá styttri og langi á 14.390.000.

Eins og aðra bíla þá mældi ég innihávaðann í bílnum á 90 km hraða með mælinn á hægri lærinu við aksturinn, en við þá mælingu gekk mér illa að fá stöðuga mælingu sökum hávaða frá öðrum ökutækjum sem ég var að taka fram úr eða þeir eru að taka fram úr mér. Mælingin rokkaði á um 1-1,5 db. hvort sínum megin við 70db. Ástæðan virtist vera að utanaðkomandi hljóð væru að koma inn um hliðarhurðirnar. Ef ég færði hávaðamælinn í annað miðjusætið var meira veghljóð frá vetrarhjólborðunum. Mér finnst reyndar ekki sniðugt að vera með rafmagns prufuakstursbíla á vetrardekkjum á sumrin.



Benz EQV.

Myndir HLJ

Helstu mál og upplýsingar

Lengd	5140 mm
Hæð	1907 mm
Breidd	2249 mm



Erfitt reyndist að fá stöðuga mælingu á hávaðann inni í bílnum.



Ágætis farangursrymi er í 7 manna bílnum.

Kom betur út á malarvegi
en ég hafði búist við

Öll sjö sætin í bílnum eru mjög góð og fara vel með bæði ökumann og farþega, fótapláss gott. Fremstu tvö sætin eru stillanleg á marga vegu með rafmagni.

Á milli miðjusætanna er stokkur sem hægt er að hækka og setja út borð fyrir farþegana. Það vantaði að vísu kampavínið fyrir erlendu vini mína sem ég tók með í kvöldrúnt um Reykjavík á laugardagskvöldi.

Eins og allir vita þá er Reykjavík yfirfull af hraðahindrunum en þær eru á annað þúsund talsins. Þegar keyrt er yfir hraðahindranir þarf að fara aðeins hægar en á flestum bílum að mínu mati, enda eru viðkvæmar rafhlöðurnar lægsti punktur bílsins. Hins vegar fannst mér bíllinn koma

mun betur út á malarvegi en ég hafði gert ráð fyrir eftir að ég hafði keyrt yfir nokkrar hraðahindranir. Bíllinn tók holurnar vel og heyrðist nánast ekkert steinhljóð undir bílnum.

Lokaorð

Finna bíll og hentar eflaust best í lúxusferðamennsku, skólaakstur og fyrir leigubílstjóra, en nánari upplýsingar er hægt að nálgast á vefsíðunni www.askja.is. Hef samt smá áhyggjur út af lokun yfir 150 hleðslustaura í Reykjavík til að hlaða rafmagnsbíla og vona svo innilega að Benz rafmagnsbílaeigendur og aðrir freistist ekki til að hlaða bílana sína með ófullkomnum búnaði og framlengingarsnúrum vegna þessarar fækkunar á hleðslustöðvum.



Miðsætin tvö eru algjör lúxussæti og fer vel um farþegana sem í þeim sitja.

Lely Center Ísland

ZETOR
VARAHLUTIR

Reykjavík: Krókháls 5F – Sími 414 0000 – www.lci.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600



Bakkmyndavélin sýnir bæði ofan á bíl og aftur fyrir sem eykur á öryggi.



Myndin í leiðsögotækkinu er einstaklega góð og skýr.



Hef svolitlar áhyggjur fyrir hönd rafbílaeigenda vegna lokunar á yfir 150 hleðslustaurum.

LÍF & LYST – BÆRINN OKKAR

Á bænum Efstadal 2 í Bláskóga- byggð er rekið kúabú með mjólk- urvinnslu, auk þess sem bænd- urnir eru með ferðapjónustu á bænum.

Býli: Efstidalur 2.

Staðsett í sveit: Laugardal í Bláskóga- byggð.

Ábúendur: Halla Rós, Björgvin, Sólvi, Kristín I. Gunn, Guðrún Karitas, Árni, Linda Dögg, Héðinn og börn þeirra sem eru samtals 10. Svo gömlu bændurnir, Snæbjörn og Björg, sem búa í sínu koti. Svo eru það hundarnir Meyja og Þula. Kötturinn Grettir og nokkrar hænur og nokkrar kanínur.

Stærð jarðar? Um 500 ha og einnig land sem er óskipt með Efstadal 1.

Gerð bú? Efstidalur 2 er kúabú og ferðapjónusta.

Lítil mjólkurvinnsla er á bænum ásamt veitingastað, kaffihúsi og hóteli með 15 herbergjum. Framleitt er skyr, Efsti-ostur og ís. Allt okkar kjöt

er notað á veitingastaðnum og græn- metið verslað frá bænum í upp- sveitinni. Við leggjum mikla áherslu á það að versla í nærsveitinni og veljum alltaf íslenskt ef möguleiki er á því.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum?

Það er alltaf líf og fjör í sveitinni og verkefni eru mörg dag hvern. Huga þarf um dýrin, framleiða mat og halda öllu hreinu. Það má ekki gleyma að nefna hestana sem eru ekki síður stór partur af okkar dag- lega lífi. Fjölskyldan er dugleg að fara á hestbak og við erum með litla hestaleigu þar sem ferðamenn geta komið og farið í reiðtúr. Hægt er að koma til okkar og fara á hestbak, leika á leiksvæðinu og skoða dýrin, snæða hádegis- eða kvöldverð og toppa daginn með heimagerðum ís.

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bú- störfin?

Skemmtilegast er að ríða út og njóta náttúrunnar en leiðinlegast er að reyta arfa, moka skít og drepa njólann sem Danakonungur færði okkur að gjöf.



Ísinn í Efstadal 2.



Efstidalur 2

Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár? Við stefnum á að halda áfram hefðbundnum búskap og ferða- þjónustu og reyna alltaf að gera þínubetur í dag en í gær.

Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í framleiðslu íslenskra búvara?

Við sjáum fullt af tækifærum í fram- leiðslu og nýsköpun á okkar vörum og má þá t.d. nefna ostagerð.

Hvað er alltaf til í ísskápnunum? Í ísskápnunum okkar er alltaf til mjólk.

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Efstadalshamborgarinn er alltaf vinsælastur, flestir velja Hverinn en svo er það líka mömmu skyrborgarinn sem skorar hátt hjá fjölskyldunni.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Þegar Árni bóndi var nýbúinn að fjárfesta í glænýjum Samsung snjallsíma og fór mont- inn í fjósið að mjólka. Hann var

lítið kátur þegar einni beljungi tókst að skíta í vasann þar sem nýi síminn var. Við eigum mjög mörg eftirminnilega atvik úr bústörfunum sem erfitt er að velja

úr. Efstadalsfjölskyldan biður að heilsa og hlakkar til að taka á móti gestum í sumar þar sem við erum búin að vera frekar einangruð í tvö ár út af dálitlu.



Systkinin í Efstadal 2.

MATARKRÓKURINN

Heilsteikt blómkál með tahini sesammauki og tómatsalsa

Bjarni Gunnar Kristinsson
matreiðslumeistari
bjarnigk@gmail.com



Blómkál er líklega uppáhalds- grænmeti margra og hægt að borða það á hverjum degi á uppskerutíma í fjölbreyttum útgáfum.

Ef þið hafið ekki tíma til að baka blómkálið er bara hægt að sjóða það þar til það er nógu mjúkt að hægt er stinga það auðveldlega með gaffli. Setjið það síðan í ofninn með túrmerik og grillið þar til það er gullið.

Heilsteikt blómkál

- › 1 stór blómkálshaus
- › 1 tsk. turmeric duft
- › 1 tsk. malað cumin duft
- › 1 tsk. malað kóríander
- › ¼ tsk. chili flögur
- › 1/3 bolli ólífuolía
- › 1 tsk. salt
- › 2 bollar tahini (sesammauk fæst í flestum búðum, oft notað í hummus)
- › 1/2 bolli ristaðar pistasíuhnetur til skreytingar
- › 2 msk. granateplafrae til skreytingar

Fyrir tómatsalsa

Aðferð

Hitið ofninn í 175 gráður. Setjið blómkálshausinn á bökunarplötu með bökunarpappír.

Blandið saman túrmerik við einn



bolla af sjóðandi vatni og setjið til hliðar í 15-20 mínútur.

Túrmerikvökvanum er blandað við krydd, olíu og salt. Hellið blöndunni yfir blómkálið og verið viss um að það sé jafnt húðað.

Þekið bakkann með filmu og steikið blómkálið í ofni í 2 klukkustundir,

hristið á 30 mínútna fresti með túrmerik-vatninu. Bætið við meiri olíu ef þess gerist þörf til að halda blómkálinu röku.

Fjarlægjið álpappírinn og steikið í aðrar 10 mínútur til að brúna blómkálið aðeins.

Á meðan blómkálið brúnast,



búið til tómatsalsa. Sameinið öll innihaldsefni í skál og blandið vel saman. Kryddið eftir smekk með salti.

Til að bera fram, dreifið tahini dýfunni á stórt fat og setjið blómkálið ofan á. Skerið út fleyg af blómkáli og fyllið tómatsalsa að innan og um það blómkálsins. Skreytið með rifnum pistasíuhnetum, granateplafraejum og chili-flögum – ef þess er óskað.

Grillað ferskju Melba með hindberjum

Ekki gleyma hindberjasósunni í þessum klassíska sumareftirrétti. Hægt er að fylla holuna eftir steininum með súkkulaði og raða ferskum

hindberjum yfir til skrauts og framreiða með eða án íss.

Peach Melba

- › 2 stórar þroskaðar ferskjur
- › 2 msk. brætt ósaltað smjör
- › 2 msk. ljósbrúnn sykurl

Fyrir hindberjasósuna

- › 1/2 box hindber
- › 2 msk. sykurl
- › Þjómaís að eigin vali, má sleppa og nota meira af íslenskum hindberjum.

Aðferð

Skref 1

Hitið grillið að miðlungshita. Skerið ferskjunar í helming og snúið til að taka steininn úr. Stingið skinn með gaffli. Hrærið saman smjöri og ljósbrúnum sykri í skál; penslið smjörblöndunni yfir ferskjuhellingana og þekið alveg.

Skref 2

Lagið hindberjasósuna; hrærið hindber saman við sykurl í skál og látið sitja í fimm mínútur. Merjið í gegnum sigti í aðra skál, þrýstið með skeið til að draga eins mikið af vökva og mögulegt er. Fargið hratinu (hægt að nota frosin ber í sósuna).

Skref 3

Grillið ferskjur á báðum hliðum þar til ferskjunar eru mjúkar, 5 til 10 mínútur. Berið fram heitt, toppað með ís og hindberjasósu. Eða skreytið með berjunum.

SAMFÉLAGSRÝNI

Mót-vindorka

Í Bændablaðinu, fyrir nokkru, var að finna áhugaverða grein um vindorku á Íslandi, þar sem ekki var farið fögrum orðum um þessa orkuauðlind. Áhugaverðasta innleggið voru þó lokaorðin en þar var lagt til að allar vindorkupælingar hérlendis væru hreinlega lagðar á hilluna á einu bretti. Eða með orðum höfundar:

„Til þess að varðveita sérstöðu íslensks landslags er ljóst að það fyrirfinnst enginn staður hér á landi þar sem vindorkuver geta verið í sátt við náttúruna og okkur sjálf. Alþingi ætti að taka þá ákvörðun að vindorkuver verði ekki reist hér á landi. Slík ákvörðun kemur í veg fyrir óafturkræf umhverfisslys.“

Ég ber fulla virðingu fyrir andstöðu manna gegn einstökum virkjanahugmyndum, hvort sem um er að ræða vind-, jarðvarma- eða vatnsafl. Allar framkvæmdir hafa í för með sér rask og mismikil umhverfisáhrif. Að afneita algerlega orkukostum með einu pennastriki er samt sem áður risastór ákvörðun í stóra samhenginu. Stundum getur verið hollt að taka eitt til tvö skref út úr eigin umhverfi og horfa aðeins á stóru myndina.

Hvort sem okkur líkar betur eða verr er heimsbúskapurinn algerlega samofinn í eitt risastórt samhnytt kerfi. Með öðrum orðum þá erum við Íslendingar algerlega háðir framleiðslu annarra landa en við leggjum líka ýmislegt inn í þúkkið með framleiðslu hér á landi. Það er stór ákvörðun að virkja t.d. vindorku en sumir gleyma að það er líka stór ákvörðun að virkja ekki.

Tökum bara dæmi um landbúnað. Íslenskur landbúnaður er mikilvægur til að stuðla að fæðuöryggi landsins og þannig getum við dregið úr innflutningi á erlendri framleiðslu. Íslenskur landbúnaður er, samt sem áður, háður ýmsum innflutningi eins og olíu, áburði, fódri, vélum o.s.frv. Til að geta rekið landbúnað á Íslandi þurfum við að treysta á að ákvarðanir hafi verið teknar erlendis um að framleiða orku og vörur, svo við getum framleitt verðmæti fyrir landsmenn eða til útflutnings. Málið er að það eru líka ákvarðanir um rask og umhverfisáhrif á bak við þessa erlendu framleiðslu.

Ásettlegt rask í útlöndum?

Að bora eftir olíu er t.d. stór ákvörðun og í gegnum tíðina hafa Íslendingar verið algerlega háðir því að ríki hafi verið tilbúin til að fórna nærumhverfi sínu til olíuframleiðslu. Olíuborun er ekkert augnayndi. Olíuleiðslur fara sjaldan vel í landslagi og olíuhreinsistöðvar eru varla eftirsóknarverðir ferðamanna-staðir. Samt sem áður hafa sum ríki ákveðið að virkja þessa jarðefnaeldsneytisauðlind. Íslendingar hafa svo þurft að treysta á að þessar þjóðir framleiði ekki bara nóg fyrir eigin þarfir,



Sigurður Ingi Friðleifsson.

heldur líka fyrir allar aðrar þjóðir sem ekki hafa aðgang að olíuauðlindum. Leyfum okkur aðeins að ímynda okkur síðustu áratugi hér á landi ef olíuþjóðir hefðu allar sagt „olíuborun, nei takk“. Ef vindmyllur yrðu reistar hérlendis myndu þær framleiða rafmagn sem m.a. yrði nýtt til að knýja farartæki og skip framtíðar, sem nú eru keyrð á olíu. Það væri vel hægt að sleppa þessum vindmyllum en þá yrðum við annaðhvort að treysta á að í staðinn yrðu reistar vatnsaflsvirkjanir, sem líka kalla á mikið rask, eða að önnur lönd vilji áfram vinna olíu með tilheyrandi raski og umhverfisáhrifum á þeirra heimaslóðum.

Einn heimur, einn markaður

Í dag þarf heimurinn mikið af endurnýjanlegri orku til að losna við mengandi jarðefnaeldsneyti. Ekki eru allar þjóðir jafn vel settar og við hvað varðar aðgengi að góðum orkukostum t.d. vindorku. Ef allar þjóðir segja nei við vindorku þá mun heimsorkubúskapur framtíðar verða í verulegum vandræðum. Eins og áður segir er heimurinn samansóðinn og þarf orku til að snúa sameiginlegum hjólum efnahagslífsins. Ef vindorka yrði virkjuð hérlendis, þá myndi hún líklega fara í að skipta út olíu, eða framleiða vörur á erlenda markað eða til að geyma alþjóðleg tölvugögn o.s.frv. Ef vindorka verður ekki virkjuð hérlendis, þá verða þessar alþjóðlegu þarfir samt sem áður til staðar. Við getum alveg ákveðið að aðrar þjóðir með minni og dýrari virkjanakosti mæti bara þessari þörf. Ef það verður niðurstaðan, þá verðum við að lágmarki að vera auðmjúk gagnvart þeirri staðreynd að stöðugt þurfa einhverjir að taka erfiðar ákvarðanir einhvers staðar í heiminum um framleiðslu á orku og vörum til að fullnægja sameiginlegri neyslu okkar allra. Ísland er landfræðilegt eyland en út frá framleiðni og neyslu erum við það svo sannarlega ekki.

Sigurður Ingi Friðleifsson,
framkvæmdastjóri
Orkuseturs



Sjókvíaelði í Arnarfirði.

Lög um fiskeldi – Grunnur lagður að erlendu eignarhaldi með „lobbisma“ og spilltri stjórnsýslu

Margir firðir á Íslandi gefa gott skjól til sjókvíaeldis og eru að því leyti auðlind. Til að leggja grunn að miklum fjárhagslegum ávinningi fyrir útlendinga þurfti að semja leikreglur sem hentuðu erlendum fjárfestum. Skýrsla starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi sem gefin var út 23. ágúst 2017 leggur grunn að eignarhaldi og miklum fjárhagslegum ávinningi erlendra aðila við uppbyggingu sjókvíaeldis á laxi á Íslandi.

Í starfshópnum var þröngur hópur hagsmunaaðila sem vann fyrst og fremst að því að tryggja sína sérhagsmuni, ásamt opinberum aðilum sem ekki voru að vinna sína heimavinnu. Málið fór síðan í gegnum alla stjórnsýsluna með litlum breytingum og var samþykkt á Alþingi Íslendinga á árinu 2019.

Byggja grunninn

Í upphafi skyldi endinn skoða, hefur eflaust verið gert af íslenskum athafnamönnum sem sóttu um fjölda eldissvæða fyrir laxeldi í sjókvíum. Arnarlax með um 70.000 tonn í ferli og Fiskeldi Austfjarða um 55.000 tonn eða samtals um 70% eldissvæða um mitt ár 2016. Íslenskir athafnamenn höfðu erlenda fjárfesta sem bakhjarla og í raun voru leppar þeirra. Stjórnarformenn Arnarlax og Fiskeldis Austfjarða yfirtöku hagsmunasamtökin Landssamband fiskeldisstöðva og nýttu aðstöðu sína við að semja leikreglur sér og erlendum fjárfestum til fjárhagslegs ávinnings á kostnað annarra m.a. frumkvöðla í sjávarbygðum. Síðan hafa þeir leitað skjóls með því að renna Landsambandi fiskeldisstöðva inn í Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS). Allt aðrar reglur gilda samt um eignarhald erlendra aðila í sjókvíaelði annars vegar og sjávarútvegi hins vegar.

Stefnumótunarskýrslan og erlent eignarhald

Það var lengi ljóst að hverju var stefnt. Á árinu 2017 voru erlendir aðilar orðnir meirihlutaeigendur í flestum fyrirtækjum með laxeldi í sjókvíum. Í stefnumótunarskýrslunni er lagt til að „ekki verði settar sérstakar takmarkanir á erlent eignarhald í íslensku fiskeldi“. Það kemur vel fram í fundargerð stefnumótunarskýrslunnar frá 14.7. 2017 hvert menn voru að fara:



Valdimar Ingi Gunnarsson.

„Ákveðið að nefndarmenn fái sendar glærur og áhættumatsskýrslu eftir klukkan 14 þegar hlutabréfamarkaði í Noregi hefur verið lokað“. Í áhættumatsskýrslunni var kynnt áhættumat erfðablöndunar sem hefur það meginhlutverk að úthluta framleiðsluheimildum til laxeldisfyrirtækja í erlendri eigu en hefur lítið sem ekkert með umhverfisvernd að gera.

Hagnaðurinn fluttur úr landi

Í stefnumótunarskýrslunni kemur fram: „Þau rök hafa heyrst að hagnaður í fyrirtækjum sem lúta erlendri eignaraðild sé fluttur úr landi og eigendur ráðstafi honum erlendis og fjárfesti ekki hér á landi. Hvort þetta verður raunin á eftir að koma í ljós“. Leiðandi aðilar í stefnumótunarskýrslunni gerðu sér grein fyrir því að megnið af framtíðarhagnaði fyrirtækjanna yrði til við skráningu á erlenda hlutabréfamarkaði. „Hækkun í hafi“ á eignarhlutum um tugi milljarða króna m.a. með skráningu á erlenda hlutabréfamarkað má skýra að mestu leiti með hve miklum verðmætum var úthlutað nánast endurgjaldslaut til langs tíma til útlendinga. Eigið fé Arnarlax í árslok 2019 var um 9 milljarðar króna, en félagið metið á um 47 milljarða þegar farið var í hlutafjárútböð. Það segir mikið til um hvers virði þessi eldisleyfi eru. Erlendir fjárfestar geta innleyst hagnaðinn með eftirfarandi leiðum:

- Auka hlutafé fyrirtækisins og selja á háu verði og ná þannig inn miklu fjármagni, en gefa eftir lítinn eignarhlut.
- Geta áfram með meirihlutaeign

ráðskast með daglegan rekstur félagsins sér til hagsbóta.

- Selja hlutabréfin strax eða síðar og ná þannig fram ávinningnum.
- Vinna að því að gera eldisleyfin að varanlegri eign.

Hagnaðurinn innleystur

Erlendir aðilar byrjuðu að auka hlutafé fyrirtækjanna með sölu til íslenskra lífeyrissjóða og annarra aðila á Íslandi í tilfalli Arnarlax október 2020. Á sama tíma seldi norsk fjárfestingafélag hlut sinn í Arnarlaxi fyrir 1.800 milljónir króna með tíföldum hagnaði frá árinu 2016. Þannig er innlend fjármagn lífeyrissjóðseigenda nýtt til að fjárfesta í félagi sem er að langstærstum hlut í eigu erlendra aðila og auðvelda erlendum aðilum útgöngu með miklum hagnaði. Íslenskir athafnamenn sem hafa unnið að kröfti með „lobbisma“ eignuðust í upphafi eignarhlut á hagstæðu verði og hafa selt sig út að hluta með miklum hagnaði.

Varanlegt eignarhald?

Þegar kemur að endurnýjun á eldisleyfum verður þrýstingur á um að varanlega eign sé að ræða eins og gerst hefur erlendis. Það gerist með „lobbisma“ í gegnu alla stjórnsýsluna. Þá verða m.a. þau rök notuð að þetta skipti atvinnulíf svo miklu máli og fjárfest hafi verið í miklum innviðum. Það er þekkt hvernig veiðireynsla verður að varanlegum kvóta hér á landi, en sú eign er a.m.k í eigu innlenda aðila og yfirleitt þeirra frumkvöðla sem hófu útgerð eða hafa keypt kvóta á háu verði. Það er ýmislegt jákvætt með varanlegri eign, en var það ætlun að eldisleyfin, auðlindin yrðu eign útlendinga?

Opinber rannsókn

Stjórnarformenn fiskeldifyrirtækjanna hafa með hjálp fyrrverandi ráðherra og þess ráðherra sem nú í haust stígur til hliðar og ekki síst spilltum embættismönnum og stjórnsýslu hafa náð miklum fjárhagslegum ávinningi. Það hefur verið markvisst reynt að þagga niður í þeim aðilum sem hafa reynt að benda á þá spillingu sem hefur einkennt þetta mál. Ítrekað hefur verið farið fram á opinbera rannsókn án þess að það hafi skilað árangri.

Valdimar Ingi Gunnarsson

Lely Center Ísland



STÝRISENDAR í flestar gerðir dráttarvéla

Reykjavík: Krókháls 5F – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300

líka hægt að lesa á [bbl.is](https://www.bbl.is) og Facebook



HLAÐVARP BÆNDABLAÐSINS <https://www.bbl.is/hladan>




HITA KÚTAR
Amerísk gæða framleiðsla

30-450 lítrar

Umboðsmenn um land allt

RAFVÖRUR

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVÖRUR@RAFVÖRUR.IS



Silunganet

Flot og sökknet
Breytt felling - meiri veiði
Sjöbleikjunet
Bleikjugildir

Sími 892-8655

Reynsla - Þekking - Gæði
www.heimavik.is

Svampur.is

Bjódum uppá sérsniðnar svampdýnur og bólstrun fyrir:

- Tjaldvagninn • Fellihýsið
- Húsbílinn • Bátinn
- Hjólhýsið • Sumarhúsið
- Heimilið o.m.fl!

Fljót og góð þjónusta

Svampur.is • Vagnhöfða 14 Reykjavík
Símar 567 9550 og 858 0321

Rafhitarar
í skip, hús og sumarhús

Ryðfrír neysluvatnshitarar með 12 ára ábyrgð

Hitöld (element), hitastillar, hitastýringar og flest annað til rafhitunar

Við erum sérfræðingar í öllu sem viðkemur rafhitun.



Rafhitun

Kaplahrauni 19 • Hafnarfirði
Sími: 565 3265
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is

Smáauglýsingar

Sími: 563 0300 | **Netfang:** augl@bondi.is | **Veffang:** www.bbl.is

Hægt er að skrá auglýsingar og greiða með auðveldum hætti á [bbl.is](http://www.bbl.is)

Verð: Textaauglýsing kr. 2.500 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 5.900 texti + mynd.

Skilafrestur: Fyrir kl. 16.00 á þriðjudegi fyrir útgáfu.



Mazda 2, árg. 2014. Beinskiptur, bensín. Keyrður 108.800 km. Ný yfirfarinn. Mjög sparneytinn og lipur í akstri. Ný dekk fylgja. Uppl. í s. 698-2367.



Til sölu ca 30 fm sumarhús, fohelt+. Verðhugmynd 5 millj. kr. Uppl. í s. 692-4778.



Lambheldu hliðgrindurnar. Þessar hliðgrindur hafa slegið í gegn um land allt. Lambheldar, léttar og auðveldar í uppsetningu. Breidd 4,20 m, hæð 1,10 m. Möskvastærð 10x15. Verð á grind kr. 26.900 stk. auk vsk. Ef keypt eru 2 - 4 stk., verð kr. 24.900 stk. auk vsk. Ef keyptar eru 5 eða fleiri, verð kr. 19.900 stk. auk vsk. Til afhendingar á Hvolsvelli eða í Sundahöfn án aukakostnaðar, en sent hvert á land sem er. Pantanir og uppl. í s. 669-1336 og 899-1776. Aurasel - Meira fyrir aurinn.




Álbrautir fyrir kerruna. Parið frá 400 kg. Í burðargetu og allt að 4.060 kg. Ýmsar lengdir. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111, opið frá kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Vökvunarbúnaður fyrir stór og lítil ræktunarsvæði á lager. Dælur: Traktorsdrifnar, glussadrifnar, rafdrifnar, bensín, dísil. Slöngubúnaður í mörgum stærðum og lengdum. Vatnsúðarar (sprinklerar) í mörgum stærðum. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is - www.hak.is



Heilsarshús 30,2fm +7fm verönd. Íslensk smíði og hönnun. Auðvelt að flytja, Ásett 8,2 mill. kr. m/vsk. Tómas s. 483-3910 og 698-3730.



Gámarampar á lager. Heitgalvanhúðaðir. Burðargeta: 8.000 kg. Stærð: 210 cm x 125 cm x 16 cm. Innfelldar lykkjur í dekki fyrir lyftaragaffla. Hákonarson ehf. hak@hak.is - s. 892-4163.



Háprýstidælur fyrir verktaka og iðnaðarmenn. Margar stærðir með bensín eða dísil. 500 Bar, flæði 21 l/mín. 700 Bar, flæði 15 l/mín. Vatnshitarar fyrir háprýstidælur. Vandaður búnaður frá Comet - www.comet-spa.com. Hákonarson ehf. hak@hak.is - s. 892-4163.



Taðklær á lager. Breiddir: 1,2 m - 1,5 m - 1,8 m. Euro festingar og slöngur fylgja. Sterkar og vandaðar greipar og þétt á milli tinda. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is - www.hak.is



Óska eftir að kaupa B vöru grænmeti beint af bónda á Suðurlandi; blómkál, kúrbít, sveppi, tómata, paprikur, kartöflur og fleira. Áhugasamir hafi samband í s. 848-8227.



Óska eftir amerískum dísel pallbíl fyrir um 0-6 millj. kr. Skoða allar tegundir og í öllu ástandi. Sendið skilaboð eða hringið í síma 774-4441.



Vélavit ehf er nú umboðsaðili fyrir HATZ díselvélar á Íslandi. Sala, varahlutir og viðgerðarþjónusta hjá okkur í Skeiðarási 3, Garðabæ. S. 527-2600.



Par Aide á Íslandi. www.paraide.com. Golfvellir. Fræg, fyrir teiga, brautir og flatir, áburður, vélar, verkfæri, hrifur, holuskerar, stangir, bollar, flögg, teigamerki, málning, allir litir. Allt fyrir vallaarstjórn plús. S. 588-0028 og haverslun@haverslun.is



Gæðagarðhús frá TENE, góð verð. 28 mm greni, 18 mm í gólf og þaki. Verð frá kr. 249.000 án vsk. Búvís Akureyri. Upplýsingar í síma 465-1332. buvis@buvis.is - www.buvis.is



Óska eftir lítilli eða meðalstórri kaminu til kaups. Uppl. í síma 661-5098.



Mjúkþvottur.
Tökum að okkur að þrifa hesthús, kerrur og fleira.
Hafðu samband.

S. 770-2300
hreinspor@hreinspor.is
hreinspor.is




Caterpillar M315D
Árgerð 2011
9.630 vinnustundir
Engcon rótortilt og 3 skóflur
Verð án vsk: 8.900.000 kr.



Case WX148
Árgerð 2017
1.500 vinnustundir
Engcon rótortilt með klemmu Smurkerfi
Verð án vsk: 15.400.000 kr.

Upplýsingar í s. 496-4400
Vinnuvelar@vinnuvelarehf.is



Tilboð á Peruzzo Pro 1800 sláttuvögnum, kr. 2.000.000 m/vsk. Sláttubreidd 1,80 m. Graskassinn tekur 2.100 ltr. Með vökvalyftibúnaði, hægt að tæma í gám o.fl. Fyrir sveitafélög, verktaka og bændur. Uppl. í s. 564-1864. Vetrarsól ehf. Kópavogi.



Mitsubishi Outlander 2017 Instyle, einn með öllum búnaði. Bíllinn er sem nýr, einn eigandi, ekinn 58.000 km, vetrardekk á felgum. Sími 862-9062.



Traktorsdrifnar rafstöðvar (Agro-Watt), www.sogaenergyteam.com - stærðir: 14 kW - 72 kW. Stöðvarnar eru með AVR sem tryggir örugga framleiðslu rafmagns fyrir allan viðkvæman rafbúnað. Myndin er af hluta þeirra stöðva sem við fluttum inn fyrir bændur 2020. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Taðkvíslar. Eigum 1,4 m með Euro festingum. Sterk framleiðsla frá Póllandi. Þétt á milli beinna tinda. Hákonarson ehf. S. 892-4163. hak@hak.is - www.hak.is



Mercedes-Benz 316CDI Wannerrúsbíll. Árg. 2006. Dísel vél 2,7, 4x4 drif með læsingum. Ekinn 38.000 km. Verð 15. millj. kr. Uppl. í síma 895-0182.



Öflugur Multifarmer 40.7 skotbómulyftari til sölu hjá Verkfæri ehf. Árg. 2016, vinnust. 1.100. Hámarks lyftigeta 4 tonn, hámarks lyftihæð 6,8 m. Lyftara fylgir skófla og gafflar. Þessi lyftari er mjög hentugur í alla vinnu, ekki síst í landbúnaði. Fjórhóladrífur, fjórhjóla stýri, vökva tengi og drífúttak að aftan. Hámarks hraði 40 km. Er á landinu og því klár í vinnu. Frekari uppl. gefur Hreinn Pálma í síma 793-9399 eða á www.notadarvelar.is

HA 203015

TECHNICAL DATA	
Model	HA 203015
Capacity	1.500 kg
Length	3.000 mm
Width	1.500 mm
Height	1.500 mm
Weight	1.500 kg
Speed	15 km/h
Power	15 kW
Engine	15 kW
Drive	4x4
Warranty	3 years
Price	585.000,- m/vsk og skráningu.


Kerrur frá Humbaur, stærsta kerru framleiðanda Þýskalands. Ýmsar gerðir og stærðir eru til á lager. Einnig varahlutir í kerrur. Topplausnir, Smíðjuveg 12 græn gata, 200 Kópavogur. Sími 517-7718 - www.topplausnir.is



Til sölu Valtra N174 direct árg. 2018, keyrður 1.700 tíma. Vél í toppstandi, vél þjónustaður af umboðinu. Vélin er með ámoksturstækjum, frambúnaði og aflúrtaki að framan. Uppl. í s. 846-2726.

Sumartilboð

2 + 1



Þú kaupir tvoer og færð þá þriðju frítt

100W plast	29.900,- stk.
120W gler	21.900,- stk.
180W gler	29.00,- stk.
360W gler	59.900,- stk.

20% aukafalldáttur af öllum fylgjihlutum

Orkubondinn.is - Tranavogi 3, 104 Reykjavík. Sími 888-1185.



Háprýstipvottadælur fyrir allan iðnað. Öflugur og vandaður dælur á frábæru verði frá Comet, www.comet-spa.com. Aflgjafar, rafmagn, Honda bensín, Yanmar dísil, aflúrtak á traktor. Heitt og kalt vatn, mikið vatnsflæði og þrýstingur allt að 500 bar. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Sjálfsogandi dælur úr sjópolnum kopar eða ryðfríu stáli. Stærðir: 1", 2", 3", 4". Aflgjafar: Rafmagn, bensín / dísil, glussi, traktor. Framleiðandi: GMP Ítalíu. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Ný sending af staurahömrnum frá Petrol Post á leiðinni! Aðeins einn eftir úr síðustu sendingu. Búvís Akureyri. Upplýsingar í síma 465-1332. buvis@buvis.is - www.buvis.is



Eigum eina tveggja hásinga Indespension gripaflutningakerru með 3.500 kg burðargetu. Verð kr. 1.678.000 án vsk. Þessi er sannarlega á gamla verðinu! Uppl. í s. 465-1332. buvis@buvis.is - www.buvis.is



Til sölu árg. 2005 Landini Legend 145 TDI, með frambúnaði, tækjum og skóflu. Ný framdekk, plógur og alkeðjur. Selst með eða án plógs og keðja. Vel með farið tæki. Tilboð óskast. Uppl. í s. 761-1685.



Mercedes Benz árg. 2005 til sölu. Með lyftu. Ný vél og sjálfskipting. Bill í góðu lagi. Uppl. í s. 899-6694.



Rúlluvagn / flatvagn. Lengd á palli 9 m. Verð kr. 2.460.000 m/vsk (kr. 1.984.000 án vsk). H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Flaghefill til á lager. Breidd: 220 cm - Hæð: 48 cm - Þyngd: 150 kg Stillanlegt: 360° handvirk - Slittönn úr hardox stáli. VORVERK.IS - s. 665-7200.



Komatsu LC 210-6. Aðeins 7.277 tímar. Árg. 2001. Mjög þétt og góð vél. Nýr glussakælir. Nýlega smurð. 70 cm belti, skófla 160 cm. Dýrtarmælir. Verð 4,5 millj. kr. +vsk. S. 864-3560.



Mercedes Benz Arocs 4142, árg. 2015. Ekinn 198.700 km. Sjálfskiptur, nafdrif, driflæsingar, parabel að framan og aftan, A/C, Bluetooth fyrir síma og alles. Sturtar á þrjú vegu. Dekkjastærð 13R 22.5. Öflugur, flottur og í topp standi. Verð 14,5 millj. +vsk. S. 864-3560.



Til sölu tveggja hesta kerra. Tegund Marco, árg. 2001. Tilboð óskast sent á netfangið svelgsa@simnet.is




Traktorsdrifnar dælur í mörgum útfærslum og stærðum á lager. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum fyrir magndælingu á vatni, skolpi, sjó, olíu. Háprýstar dælur fyrir vökvun og niðurbrot í haughúsum. Slöngubúnaður með hraðkúplingum, flatar barkar á frábæru verði, 2" - 3" - 4". Allur búnaður fyrir vökvun á rektunarsvæðum. Haugdælur með vacuum búnaði. Aðrir aflgjafar: rafmagn, bensín/dísil, glussaknúnar (mjög háprýstar). Við sérhæfum okkur í öllu sem viðkemur dælum fyrir iðnað og heimili. Gerum einnig við allar dælur. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Glussadrifnar gólfhræru. Vinnudýpt: 1,9 m. Stærð á skrúfu: 48 cm. Rotor: 12 kW. Glussaflæði: 75 l/mín. 20 m af glussaslöngum fylgja. Mesta hæð frá gólfi: 2 m. Burðarvirki: Heitgalv./SS stál. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is



Kerrur á einum og tveimur öxlum á lager, með og án bremsum, ýmsar útfærslur, breiddir og lengdir. Gæðakerrur - Góð reynsla. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opíð kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Vantar þig kannski sláttuvél í sveitina eða staurabor? Hvað með kurlara, tætara eða viðarkljúf? Skoðuðu úrvalið á www.hardskafi.is



Til sölu plastbátur innan við 6 m. 90hp mótör og annar 150hp fylgir með. Góður í skot- og fiskveiði. Tilboð óskast. Nánari uppl. gefur Árni í s. 892-1391.



Faðmgreif fyrir stórar rúllur. Mesta opnun er 212 cm. Lyftir rúllum sem eru allt að 1.000 kg. Eigin þyngd: 190 kg. Ásoðnar Euro-festingar og slöngur með kúplingum fylgja. Vönduð og sterk smíð með þykkri dökkgráru duftuhúð (pólyhúð). Til á lager. Verð 149.000 kr. +vsk. Hákonarson ehf. Hafid samband á hak@hak.is eða í síma 892-4163.



Rúllugreif með glussatjakk. Spjót inni í keflum. Lyftigeta 1.000 kr. Ásoðnar Euro-festingar og slöngur fylgja. Vönduð smíð frá Póllandi. Verð 179.000 kr. +vsk. Til á lager. Takmarkað magn. Hákonarson ehf. S. 892-4163. hak@hak.is - www.hak.is



Fjögur dekk til sölu ásamt felgum og Mitsubishi koppum. Nr. og felgustærð sést á dekkjum. Verð 10.000 kr. stk. Uppl. í síma 846-9340, Júlíus Sveinsson.



Til sölu Kverneland tveggja stjörnu halaröfu múgavél árg. 2015. Skekking á báðum stjörnum og getur rakað í tvo garða. Verð 1.500.000 +vsk. en öll tilboð skoðuðu. Upplýsingar í síma 893-6231.



Knattspyrnuvöllir. Fræ, áburður, vélar, málning, merkivélur. Allt fyrir vallaarstjórnann plús. S. 588-0028 og haverslun@haverslun.is



Kjallaradælur fyrir klósett. Öflugur hnífur. Mótörar staðsettur fyrir utan votrymi. Inntak fyrir vask, sturtu, baðkar. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is



Innihræru fyrir haugkjallara. Rafdrifnar (3 fasa) eða glussadrifnar. Vinnudýpt: 130 cm eða meira. Einnig hægt að fá hræruarnar glussadrifnar með festingum fyrir galga á liðléttingum. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is / www.hak.is



Samasz KT390, ein stærsta miðjuhengda diskasláttuvélin á markaðnum í dag, með lóðrétta flutningsstöðu. Vinnslubreidd 3,90 m. Búvís Akureyri. Uppl. í s. 465-1332. buvis@buvis.is - www.buvis.is



TIKI kerrur í úrvali. Eigum til margar stærðir og gerðir sem henta í margvíslega flutninga hvort sem er fyrir heimili eða stærri aðila. Búvís Akureyri. Uppl. í s. 465-1332. buvis@buvis.is - www.buvis.is



Gröfuarmar á ámoksturstæki. Gröfudýpt, 1,5 eða 2,0 m. Færsla til beggja hliða. Allar festingar í boði. Vandaður búnaður frá Póllandi. Hákonarson ehf. S. 892-4163 - hak@hak.is



Backhoe fyrir dráttarvélar og hjólaskóflur. Margar stærðir. Gröfudýpt: 1,3 - 4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Slatuvélar fyrir hvers kyns rudda og órákt. Þessi er 175 cm breidd og hentar 40 - 50hp traktorum og kostar kr. 295.000 +vsk. Skoðaðu úrvalið á www.hardskafi.is



Bátur á vagni, Fj0rd Weekender 715, vél 230 hestafla Volvo Penta. Verð kr. 4.900.000 eða tilboð, engin skipti. Uppl. í síma 894-1333 og juniuspals@internet.is



Rexton HLX árg. 2017, ekinn 99.000 km. 7 manna, nýleg Nokia heilsársdekk, dráttarkrókur, einn eigandi. Verð 3.980.000 kr. Frekari uppl. gefur Ólafur í s. 896-4090.



Glussaknúnar vatnsdælar fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsgandi dælar í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælar með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Sjálfsgandi dælar frá Japan (Koshin). Fyrir vatn, skolp, mjög óhreit vatn (trash). 2", 3", 4". Original Honda vélar með smurolíuöryggi. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Sex 10 manna bátar, stærð 5,90 m. með mótorum. 30 flotgallar og 2 bátakerrur o.fl. Uppl. í síma 661-0988.



Til Sölu Kubota G23 árg. 2019, 333 tíma. Snilldar vél, afkastar miklu. Dísel, lyftir kassa og sturtar. Verð kr. 2.550.000 +vsk. Leó s. 897-5300, Akureyri.



Sól, sól, skín á mig, ský, ský, burt með þig! XM



Til sölu þessi flott Case 1494 árg. '86 hydro shift. Húsið var tekið af, sandblásið, ryðbætt og málað, ásamt öllum öðrum body hlutum. Sæti og innrétting nýbóstrað. Nýjar olíur og síur á öllu. Fyrir frekari uppl. s. 898-4414. Verð 1.500.000 kr.



Patura spennar í úrvali. P1 er t.d. bæði fyrir 12V og 230V. 5 km drægni. Mikið úrval af öðrum rafgirðingavörum. Skoðið Patura bækling á www.brimco.is. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30.



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sendum um land allt. Brimco ehf. Sími 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is



HÁ Verslun ehf. er nýr dreifingaraðili fyrir Husqvarna á Íslandi. HÁ Verslun ehf. Víkurhvarfi 4, 203 Kópavogi. Sími 588-0028 & 897-3650 Netfang: haverslun@haverslun.is. Við erum líka á Facebook!



Er búið að ákveða sumarfríið? Við erum hæglætis ferðapjónusta og allra átta dvalarstaður á barmi Ásbyrgis. Ertu Göngu-Hrólfur? Við bjóðum upp á skutljónustu. Verið velkomin. www.nordicnatura.is



Rafstöðvar með orginal Honda-vélum og Yanmar dísil á lager. Stöðvar eru frá Elcos Srl. á Ítalíu, www.elcos.net. Eigum einnig hjóðlátar stöðvar fyrir ferðavagna. Við bjóðum upp á allar gerðir af rafstöðvum. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf. www.hak.is, s. 892-4163, netfang: hak@hak.is



Bretttagafflar með Euro festingum. Burðargeta 2.000 kg. Lengd á göfllum 120 cm. Rammi, gataður fyrir rúlluspjót. Til á lager. Einnig með glussafærslu. Hákonarson ehf. S. 892-4163 - hak@hak.is



Kauptu diesel hitara á fráboæru SUMARVERÐI og fáðu 50% afslátt af sólarcellum og aukabúnaði!!!
Orkubondinn.is - Tranavogi 3, 104 Reykjavík. Sími 888-1185.



Kojur 200x90 cm úr lökkuðu járn. Nýlegar. Keyptar í Rúmfatalagerum. 20 stk. hvítar, 11 stk. gráar. Mjög góðar dýnur. Eru í Reykjavík. Einnig 25 ha Mercury utanborðsmótor, stutt skaft. Handstart. Uppl. í síma 898-6337.

Sturlungabækurnar. Brennan á Flugumýri og Bardaginn á Örlygsstöðum. Gott (sér)kennsluefni. Vinnuhefti frí. Uppl. og pantanir í s. 8991509 eða á espolin@espolin.is


6 ha Suzuki utanborðsmótor til sölu. 10 ára, vel með farinn og er við Þingvallavatn. Verð 100.000 kr. Uppl. í síma 896-4865.

Til sölu 8 stk. Liner bílskúrshurðir í góðu ástandi, 3 x 2,50 m. Uppl. í síma 895-0665.

Hestamenn! Til sölu hnakkur og beisli með öllu, ásamt gjörðum o.fl. Uppl. í síma 697-4567.

Ódýrar heimaræktaðar trjáplöntur til sölu í 2 ltr. pottum. Birkí, alpareynir, loðvíðir, ilmreyrnir, aspir, rífsber, sólber, hélurífs, fjallarífs og ýmsar tegundir kvista. Aðeins 800 kr. stk. Uppl. í síma 857-7363 (Er í Reykjavík).

Vel með farið pallhýsi af stærri gerðinni til sölu. Verð 650.000 kr. S. 862-3995.



Kaupi alls kyns gamlar hjómplötur, kasettur og cd söfn. Uppl. gefur Óli í síma 822-3710 eða á netfangið olisigur@gmail.com

Óska eftir alls konar gömlum Hondum cb450 og mt50-ss50- Suzuki ac50 skellinöðrum, jafnvel bara pörpum. Allar ábendingar vel þegnar. Verð samkomulag. Uppl. í síma 659-5848.

Er að leita að ódýrum, frambyggðum 2ja drifa (4x4) vörubíl. Má vera með kassa. Má vera palllaus. Kram þarf að vera í lagi. Mótorkassi og drif. Uppl. í s. 661-1118, Ásgeir.

Óska eftir 20 feta gámi. Einnig 20 feta íbúðargámi með rafmagnstöflu og salerni. Mega þarfnast viðhalds. Uppl. í síma 893-3475.



Elios er námsmaður í atvinnuleit. Hann óskar eftir hvers konar sveitastörfum hvar sem er á landinu. Nánari upplýsingar í gegnum s. +39-32-7942-1797.



Óska eftir húsnæði í sveit. Er 40 ára karlmaður. Einhleypur og barnlaus. Er öryrki með fastar tekjur. Allt kemur til greina. Greiðslugeta allt að 140.000 kr. á mánuði. Er með skerta starfsgetu en get aðstoðað við létt bú- og heimilisstörf. Upplýsingar sendist á mikkise1980@gmail.com

Herbergi til leigu á svæði 201, með aðgangi að eldhúsi, baðherbergi með þvottavél og þurrkara. Uppl. í s. 893-3475.

Ég er þúsundþjalasmiður sem er í leit að heimili sem hentar mér. Það verður að fylgja bílskúr eða skemma, eða skemma sem hægt er að búa í, þar sem ég get smíðað og unnið að listsköpun. Staðsetning skiptir ekki öllu máli, get búið afskekkt. Meðmæli fylgja mér í orðsins fyllstu merkingu, er snýrtilgegu og tek til hendinni í mínu umhverfi svo sómi sé að. Brynjúlfur, s. 771-9770.



Til sölu 8 ha land við Meðalfellsvatn í Kjós. Möguleiki á viðbótarlandi. Mjög gott til skógræktar. Verð kr. 13,9 millj. Uppl. í s. 848-3377.



Símaspá s. 908-6116. Ástir - fjármál - heilsa.



Tek að mér viðgerðir á flestum tegundum sjálfskiptinga. Hafði samband í síma 663-9589 til að fá uppl. og tilboð. HP transmission, Akureyri. Netfang: einar.g9@gmail.com, Einar G.



KUBOTA KX016-4
Byngd: 1600 kg
Breikkannlegur undirvagn
Fylgihlutir: 3 x skóflur, hraðtengi



WACKER NEUSON ET20
Byngd: 2200 kg
Hallanlegt Hús (Vertical Digging system)
Breikkannlegur undirvagn
Vökvahraðtengi
2 x skóflur / Tiltskófla



WACKER NEUSON 1501
Byngd: 1320 kg
Burðargeta: 1500kg
Snúningur



KRAMER 5065
Byngd: 4200 kg
Fjór hjólastýrð
Fylgihlutir: Skófla og gafflar

**NÁNARI UPPLÝSINGAR
GEFA SÖLUMENN
Í SÍMA 568 1504**



REYKJAVÍK: Krókháls 16 Sími 568-1500
AKUREYRI: Baldursnes 8 Sími 568-1555
Vefsíða og netverslun: www.thor.is

Bændablaðið
Kemur næst út
22. júlí

Grenlækur að þorna upp – mjög alvarlegt ástand

Um síðustu mánaðamót bárust Hafrannsóknastofnun fregnir af vatnspurrð í Grenlæk í Landbroti. Við vettvangsskoðun 3. júní kom í ljós að efstu 11 km Grenlækjar á svæðinu ofan við Stórafoss eru þurrir.

Þegar er ljóst að vatnalíf hefur orðið illa úti vegna vatnspurrðarinnar nú, hafa þörungar, smádyr



Grenlækur 2016 þegar vatnsstaðan var í góðu lagi. Mynd / HKr.

og fiskar drepist á öllu því svæði sem þornaði. Sérstaklega hefur sjóbirtingsstofninn orðið illa úti, þar sem nær öll seiði á svæðinu hafa drepist og þar með 2–3 seiðaárgangar.

„Síðar mun koma í ljós hve alvarlegur skaði hefur orðið á fullorðnum sjóbirtingum, en líkur eru til að hluti stærri fiska hafi náð að forða sér neðar í lækinn þar sem vatn er enn til staðar. Farvegur lækjarins var að mestu skraufþurr og sást lítið sem ekkert vatn utan einstaka þornandi smápolla. Í stöku polli var að sjá lifandi fiska og ljóst að þeir eiga ekki langra lífdaga að vænta, taki vatn ekki fljótlega að renna að nýju,“ segir í tilkynningu frá Hafrannsóknastofnun.

Fyrir þá sem ekki vita þá er Grenlækur frjósamur lindarlækur



Efstu 11 km Grenlækjar á svæðinu ofan við Stórafoss eru þurrir og þykk ástandið alvarlegt enda hefur sjóbirtingsstofninn orðið illa úti, þar sem nær öll seiði á svæðinu hafa drepist og þar með 2–3 seiðaárgangar.

Mynd / Friðbjófur Árnason.

með ríkulegu lífríki. Þar er einn stærsti sjóbirtingsstofn landsins og þar eru mjög verðmæt veiðihlunnindi. Vatnsbúskapur Grenlækjar er háður því að nægilegt vatn flæði úr Skaftá og út á Eldhraunið en ef

svo er ekki þá á rennslí Grenlækjar til með að þrjóta. Rennslinu út á Eldhraun er stýrt. Á því svæði sem nú er á þurru eru ein helstu hrygningar- og uppeldissvæði sjóbirtings í læknum. /MHH

Sérstærniðin þjónusta að þínum þörfum

ALLT
FASTEIGNASALA



Kristinn Sigurbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og byggingafræðingur.
Sími: 560-5502
Netfang: kristinn@allt.is

LÚSMÝ LÚSMÝ LÚSMÝ

Nú herjar lúsmýið á landann sem aldrei fyrr.
Pantið tímanlega net fyrir gluggana.

www.ölfus.is

Upplýsingar í s. 895-9801
flugnanet@gmail.com



FASTEIGNASALAN BÆR
www.fasteignasalan.is

Loftur Erlingsson Parft þú að selja fasteign?
Löggiltur fasteignasali Persónuleg þjónusta
s. 896 9565 Fagleg vinnubrögð
loftur@fasteignasalan.is

Fasteignasalan Bær • Austurvegi 26 • 800 Selfoss
Sími: 512 3400 • www.fasteignasalan.is

EYJALIND

Sæti og varahlutir í

- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Bátta



Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Lely Center Ísland DRIFSKÖFT OG DRIFSKAFTAEFNI



Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Mikill samdráttur í heildarfjölda gistinátta árið 2020:

Gistinætur 61% færri í fyrra en árið á undan

– Aukning á tjaldsvæðum á Austurlandi milli ára


Heildarfjöldi skráðra gistinátta ferðamanna á Íslandi var um 3,3 milljónir árið 2020, en voru 8,4 milljónir árið á undan, 2019. Heildarfjöldi gistinátta í fyrra dróst því saman um nær 61% milli ára. Skiptist samdrátturinn þannig að riflega 65% færri gistinætur eru á hótélum og gistiheimilum, tæplega 62% í annarri gistingu og 31,5% samdráttur á tjaldsvæðum. Þetta kemur fram á vef Hagstofunnar.

Mikill samdráttur varð í öllum landshlutum og gistitegundum, en Austurland sker sig úr þegar kemur að gistingu á tjaldsvæðum, þar voru gistinætur 88.800 árið 2019 en 98.500 árið 2020 þannig að þar varð aukning upp á tæp 11%.

Fram kemur á vef Hagstofunnar að gistinætur á hótélum og gistiheimilum hafi verið um 2 milljónir í fyrra, 658 þúsund í annarri innigistingu og á tjaldsvæðum voru gistinætur um 617 þúsund í allt.

Minnst fækkun á Vestfjörðum

Fækkun gistinótta á höfuðborgarsvæðinu nam riflega 70%, tæplega 70% á Suðurnesjum en samdráttur



Heildarfjöldi skráðra gistinátta ferðamanna á Íslandi var um 3,3 milljónir árið 2020 og dróst saman um 61% frá árinu á undan. Samdrátturinn kom misjafnt niður á milli landshluta. Mynd / Hagstofa Íslands

var minni á landsbyggðinni. Þannig fækkaði gistinóttum milli ára um tæp 30% á Vestfjörðum og um 34% á Austfjörðum.

Þar sem kórónuveirufaraldurinn leiddi til skertra millilandasamgangna var óvenjustór hluti gistin-

átta vegna innlendra ferðamanna, eða nær 45%. Innlendar gistinætur voru um 1,5 milljón talsins sem er aukning upp á tæp 35% frá fyrra ári, en erlendar gistinætur drögust saman um 75% og voru 1,8 milljónir. /MPP

Heildarakstur á landinu 2020:

22% minni í fyrra en árið áður

Heildarakstur á öllu landinu, samkvæmt útreikningum Vegagerðarinnar, reyndist 22 prósentum minni árið 2020 en árið áður, þetta er sexfaldr samdráttur miðað við það sem mest hefur mælst áður. Eigi að síður nær aksturinn að vera meiri en árið 2015 sem skýrist af því að akstur á landinu hefur aukist gríðarlega á síðustu árum meðal annars vegna aukins ferðamannastraums.

Vegagerðin hefur nú lokið við að reikna út fyrstu aksturstölur um þjóðvegakerfið fyrir árið 2020. Benda niðurstöður til þess að heildaraksturinn verði í kringum 22 prósentum minni en árið 2019.

„Það er ljóst að um einstæðan samdrátt verður að ræða, frá því að Vegagerðin hóf skipulagðar mælingar á þjóðvegakerfinu með svipuðu sniði og nú er gert, því hann verður líklega sex sinnum stærri en fyrra samdráttarmet, sem var 3,7 prósent á milli árána 2010 og 2011,“ segir á vefsíðu Vegagerðarinnar.

Mikill samdráttur í Skaftár- og Mýrdalshreppi

Samdráttur mældist á öllum svæðum Vegagerðarinnar og sveitarfélögum. Mest dróst akstur saman á Austursvæði, um rúmlega 34%,

en minnst á höfuðborgarsvæðinu, eða um rúmlega 12%. Þegar akstur er skoðaður eftir sveitarfélögum kemur í ljós að mestur samdráttur varð á umferð í Skaftár- og Mýrdalshreppi, sem kemur ef til vill ekki á óvart vegna mikillar umferðar ferðamanna, en fast þar á eftir eru Höfn í Hornafirði og Snæfellsbær.

Minnst dróst umferð saman í litlum sveitarfélögum á norðausturhorni landsins, eða í Svalbarðshreppi í Eyjafirði og í Langanesbyggð, en Fljótsdalshreppur fylgir þar fast á eftir. Það sveitarfélag sem varð næst meðaltalssamdrætti er Dalabyggð, með 22,5 prósentu samdrátt. /MPP

SMÍÐUM OG GERUM VIÐ ALLAR GERÐIR TJAKKA



VHE

VHE • Melabraut 27 Hafnarfjörður • Hraun 5 Reyðarfirði • Sími 843 8804 • Fax 575 9701 • www.vhe.is • sala@vhe.is



Loftmynd af endurheimtu votlendi í landi Hnaua og Hamraenda. Skurðirnir sem voru grafnir á sínum tíma eru samtals 16 km að lengd og sést vel marka fyrir þeim úr lofti. Það tekur langan tíma fyrir þau ummerki að hverfa, náttúran þarf tíma til að ná jafnvægi.

Endurheimt votlendis á Snæfellsnesi vekur athygli á vettvangi Sameinuðu þjóðanna

Framkvæmdum við endurheimt votlendis í landi jarðanna Hnaua og Hamraenda á sunnanverðu Snæfellsnesi lauk í desember 2020. Þó ekki sé lengra síðan hefur landið nú þegar tekið greinilegum breytingum og framförum.

Í vor kölluðu Sameinuðu þjóðirnar eftir áhugaverðum og vel heppnuðum endurheimtarverkefnum. Verkefnunum er ætlað að vísa leiðina að því hvernig verkefni er æskilegt að takast á við á nýhöfnum áratugi endurheimtar vistkerfa.

Landgræðslan sendi inn umsókn fyrir verkefnið á Hnausum og Hamraendum sem var samþykkt. Verkefnið er þar með komið í alþjóðlegan hóp 50 verkefna sem fylgst verður með til ársins 2030.

Yfir 100 hektara

Um er að ræða tvær samliggjandi jarðir sem ná yfir 100 hektara svæði þar sem grafnir höfðu verið skurðir sem náðu samtals 16 km að lengd. Á nýlegum loftmyndum af svæðinu sést greinilega að vatnsstaða landsins hefur hækkað og að náttúran hefur þegar hafist handa við að færa landið nær upprunalegu ástandi.

Landeigendur hafa séð aukningu í fuglalífi á svæðinu, þar sem mest á ýmsum tegundum vaðfugla



Tjaldur fagnar endurheimt votlendisins

svo sem jaðraka, stelks og hrossagauks. Einnig hefur sést meira af öndum á svæðinu sem nýta sér tjarnir og opið vatn sem myndast hafa eftir að framkvæmdum lauk.

Margfaldur ávinningur

Ávinningurinn af endurheimtinni er margfaldur. Utan þess að sporna gegn þeirri miklu kolefnislosun sem á sér stað úr framræstu landi skapast betri aðstæður fyrir dýralíf og gróður sem aftur skilar landi og vistkerfi í betra jafnvægi.

Votlendissvæði Hnaua og Hamraenda er stærsta samfellda votlendissvæðið sem hefur verið endurheimt á vegum Landgræðslunnar. Endurheimt votlendis er talsvert vandasamara og flóknara ferli en að „moka ofan í skurði“ eins og stundum er haldið fram. Eftir að landeigendur hafa sótt um þátttöku í verkefninu gerir starfs-

fólk Landgræðslunnar úttekt á svæðinu til að sjá hvort það uppfylli sett skilyrði. Í framhaldinu er svæðið kortlagt og vatnsrennsli að og frá svæðinu athugað. Einnig eru allir skurðir og svæðin á milli þeirra kortlögð og svæðin mynduð úr lofti.

Í framhaldinu eru fengnir verktakar úr heimabyggð eða landeigendur framkvæma sjálfir verkið. Mikilvægt er að við jarðvegsvinnu vegna endurheimtar votlendis sé unnið eftir ákveðnu verklagi og heppnaðist vinna verktakans í landi Hnaua og Hamraenda framar vonum.

Dýrmæt reynsla

Svæðið er fjölbreytt og mismunandi aðferðum þurfti að beita eftir aðstæðum hverju sinni. Dýrmæt reynsla safnaðist því við framkvæmdirnar á svæðinu sem mun nýtast við endurheimt votlendis á öðrum svæðum og víst er að viðurkenning Sameinuðu þjóðanna á verkefninu er hvatning til Landgræðslunnar og hennar starfsfólks að halda áfram á sömu braut.

Á eftirfarandi slóð má sjá stutt myndband sem sýnir vel stöðu landsins eins og það er í dag. <https://vimeo.com/manage/vid-eos/567428483>.

Starfskraftur óskast á kúabúið á Seljavöllum, í haust



Seljavellir eru 7 km vestan við Höfn í Hornafirði. Þar er 70 kúa fjós með Delaval mjaltþjón auk nautauppellis. Sér íbúðarhúsnæði er í boði. Ef um þar er að ræða eru ýmsir atvinnumöguleikar í nágrenninu. Reynsla af bústörfum æskileg. Nánari upplýsingar gefur Elín í síma 860-7582.

Færirbanda-reimar

Eigum á lager færirbandareimar í flestar gerðir rúlluvéla



GÚMMISTEYPA
Þ. LÁRUSSON EHF.

Gyflaföt 3 · 112 Reykjavík · Sími 567 4467 · Fax 567 4766 · gummisteypa@gummisteypa.is · www.gummisteypa.is

- VÖKVASLÖNGUR OG TENGI
- SÉRSMÍÐI
- IÐNAÐARSLÖNGUR Í ÖLLUM STÆRÐUM

SKOÐAÐU VÖRULISTANN OKKAR
Á HYDROSCAND.IS

50
EST. 1967
HYDROSCAND
SLÖNGUR OG TENGIUNABUR
VAGNHÖFÐI 27 | SÍMI 516 3300

ÁSCO

BÍLARAUFMAGN

OKKAR ÆR OG KÝR

– STARTARAR OG ALTERNATORAR –



Einnig á lager: Hjómflutningstæki frá Alpine. Varahlutir í startara. Rafgeymar. Aðalljósaperur. LED perur. Hátalarar. Tengi fyrir togspil. Hleðslutæki. Útvarpslofnet. Rafhlöður. Fjarslæsingar. Fjarstart í bíla. Radarvara. Startkaplar. Ariðlar 12V og 24V / 240V. Hljóðnemar fyrir rútur, voltmælar, amperemælar, spennufellur 24V / 12V, truflanapéttar, loftnetsframleiðing. Kerrutenglar. Breytar fyrir 13P kemrutengla. Öryggi. Sjálfvirk öryggi í bíla. Glenöruggi 20 og 32mm. Posulinsöryggi. Öryggjahöndur. Stór öryggi upp 250A. Stofnúlpa fyrir Landrover. Snúrusett fyrir bassakellur. Bassakellur. Oxulhosur. Spennustillar. Dióur. Rafgeymaskó. Jarðamband. Dióubútur. Reimsklur fyrir alternatora. Wälzlager. Stærðir. Lager í alternatorum. Koff í alternatorum. Vöðvarn 10 200V upp 200V. Ög. mætti mætti frá.

ÁSCO

Glerárgata 34b við Hvannavelli · S 461 1092 · asco.is

BÍLARAUFMAGN

RÉTTUR



- Bílaréttingar
- Sprautun
- Tjónaviðgerðir

Hamarshöfði 10 - S. 587-6350

Bændablaðið

Smáauglýsingar 56-30-300




Erum með varahluti og þjónustu fyrir allar JCB vélar

S: 527 2600



Vélavit
Sala - Þjónusta
www.velavit.is





NÁTTÚRULEGA GOTT GRILLSUMAR

MEÐ ÍSLENSKU LAMBAKJÖTI

Langþráð sumar með samveru, gleði og góðum mat. Njótum daganna með því besta sem við eigum og grillum lambakjöt – náttúrulega.

Skoðaðu uppskriftirnar á islenksklambakjot.is